# FRÉTTABLAÐIÐ

282. TÖLUBLAÐ 18. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FIMMTUDAGUR 29. NÓVEMBER 2018


## Súrnun sjávar hefur bein áhrif á þorskinn

**VÍSINDI** Súrnun sjávar samfara hækkandi hitastigi í Norður-Atlantshafi mun hafa gríðarleg áhrif á mikilvægasta nytjastofn okkar Íslendinga, þorskinn. Færri fiskar ná að vaxa upp og hrygningarsvæði hans færast norður fyrir heimskautsbaug. Þetta er niðurstaða nýrrar rannsóknar norskra vísindamanna á áhrifum loftslagsbreytinga á líf N-Atlantshafsþorsksins.

Greinin birtist í hinu virta vísindatímariti Science Advanced. Hér áður fyrr höfðu vísindamenn aðallega beint sjónum að hækkandi hitastigi sjávar og talið súrnun ekki hafa mikil áhrif á fiska.



Hreiðar Þór Valtýsson.

„Súrnunin hefur þessi neikvæðu áhrif. Þegar áhrif súrnunar bætast við það sem menn héldu áður að þorskurinn myndi þola ágætlega, þá gildir það ekki lengur og þorskurinn þolir það ekki lengur," segir Hreiðar Þór Valtýsson, lektor í sjávarlíffræði við Háskólann á Akureyri. „Það sem menn héldu að væri öruggt og allt í lagi áður er það ekki lengur. Rannsóknin sýnir að súrnunin hefur áhrif á þorsklirfurnar og það getur haft mikil áhrif."

Rannsókn norsku vísindamannanna sýnir að hrygningarsvæði N-Atlantshafsþorsksins minnki og færist æ norðar en nú er. Súrnun valdi því að færri seiði nái að þroskast sem veldur fækkun í stofninum. Hreiðar Þór segir það samband þó ekki þurfa að eiga við Ísland.

„Þetta er svolítið flókið samband, það sem við myndum sjá fyrst í þessu er að þorskurinn myndi hrygna mun meira norðan við Ísland í kaldari sjó. Það væri fyrsta stigið, og að minnka hrygningu fyrir sunnan land. Sjórinn fyrir sunnan myndi þá vera að nálgast þetta krítíska hitastig fyrir hrygningu." – **sa** / **sjá síðu 4**

## Fjárfestar taki á sig afskriftir

**VIÐSKIPTI** Skuldabréfaeigendur WOW air, sem fjárfestu fyrir samtals 60 milljónir evra, jafnvirði 8,5 milljarða króna, í skuldabréfaútboði flugfélagsins sem lauk um miðjan september, gætu þurft að samþykkja tugprósenta afskriftir af höfuðstól sínum eigi fyrirhuguð kaup Icelandair Group á WOW air að ná fram að ganga.

Icelandair þrýstir nú mjög á að félagið taki á sig talsvert minni hluta skuldbindingarinnar en áður hafði verið gert ráð fyrir, eða mögulega í kringum 70 prósent af höfuðstól bréfanna, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. – **hae** / **sjá síðu 10**



**Skúli Mogensen, forstjóri WOW air.**




# Veipar barnið þitt?

Notkun á veipum og rafrettum verður faraldur meðal grunnskólabarna ef þróun síðustu ára heldur áfram óbreytt. Enginn grunnskólanemi notaði rafrettu daglega fyrir þremur árum en í dag er raunin önnur. → 12

**10%** nemenda í 10. bekk í grunnskólum landsins notar veipur og rafrettur daglega.

## Tíundi hver í efsta bekk veipar daglega

Aldrei hafa fleiri ungmenni notað veipur og rafrettur. Ný könnun Rannsókna og greiningar sýnir fram á að yfir 40 prósent nemenda í 10. bekk grunnskóla hafa prófað rafrettu einu sinni eða oftar. Tíu prósent efstu bekkinga nota rafrettur daglega og hefur hlutfallið aldrei verið hærra. Foreldrar grunnskólabarna hafa áhyggjur af notkuninni og kalla á aðgerðir stjórnvalda.

Notkun rafretta hefur aukist gríðarlega undanfarin ár. Notkun þeirra sem hjálpartækja við að hætta að reykja er umdeild og sömuleiðis eru takmarkaðar upplýsingar til um áhrif þeirra á heilsu fólks, til lengri og skemmri tíma. Þó hafa heilbrigðisyfirvöld víða um heim lagt blessun sína yfir notkun rafretta til að hjálpa reykingafólki að hætta enda eru þær margfalt minna heilsuspillandi en hefðbundnar sígarettur.

Notkun ungs fólks á rafrettum hefur færst verulega í aukana undanfarin ár en það þykir áhyggjuefni þar sem líkur eru á að rafrettunotkun barna leiði til reykinga.

„Í nánast hvaða skóla sem ég heimsæki er rætt um rafrettunotkun barna og ungmenna, og hvað sé hægt að gera til að koma í veg fyrir þetta," segir Sigríður Björk Einarsdóttir, framkvæmdastjóri Samtaka foreldra grunnskólabarna í Reykjavík.

„Ég hef rætt við foreldra barna allt niður í 7. bekk og þar erum við að ræða um 12 ára börn sem hafa verið að nota rafrettur."

Læknafélag Íslands sendi frá sér ályktun á dögunum og taldi þeim árangri, sem Íslendingar hafa náð við að minnka reykingar barna, stefnt í hættu með núverandi fyrirkomulagi á sölu veipa og rafretta. – **gj** / **sjá síðu 12**





AFSLÁTTARDAGAR

-20% SÖFNUNAR - STELL HNÍFAPÖR GLÖS

FIMMTUDAG - MÁNUDAGS

20% afsláttur af iittala

Tékk KRISTALL

Laugavegi 178 – sími 568 9955





## Flokkar á þingi skuldum vafðir

**STJÓRNMÁL** Stjórnmálaflokkarnir átta sem eiga fulltrúa á Alþingi skulda alls rúmar 850 milljónir, enginn þó meira en Sjálfstæðisflokkurinn sem einnig fær mest í ríkisframlög. Aðeins þrír flokkar skiluðu hagnaði í fyrra og fimm af átta flokkum eru með neikvætt eigið fé.

Framlög til flokkanna átta frá ríki, fyrirtækjum og einstaklingum námu alls 525 milljónum. Þeir fá hærri framlög frá ríkinu í ár. – **smj** / **sjá síðu 6**



**Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra.**

## Veður




Norðanátt, 15-25 m/s en 23-30 m/s á sunnanverðu Snæfellsnesi, undir Eyjafjöllum og Vatnajökli. Snjókoma og hríðarveður til fjalla N-, A- og SA-lands en úrkomulítið SV- og V-til.

SJÁ SÍÐU 26

# Samtal lak til fjölmiðla

**STJÓRNMÁL** Bergþór Ólason, þingmaður Miðflokksins, kallaði formann Flokks fólksins „húrrandi klikkaða kuntu“ á upptöku sem lak til fjölmiðla í gærkvöldi.

Samtal þingmanna Miðflokksins og Flokks fólksins var tekið upp á veitingastað í Reykjavík og því lekið til fjölmiðla.

Í upptökunni má einnig heyra Gunnar Braga Sveinsson, fyrrverandi utanríkisráðherra, viðurkenna að hafa skipað Árna Þór Sigurðsson sem sendiherra til að dreifa athyglinni frá skipan Geirs H. Haarde í sendiherrastól á sama tíma.

Þá býður Sigmundur Davíð Gunnlaugsson þingmanninum Ólafi Ísleifssyni þingflokksformannsstól í Miðflokknum gegn því að hann gangi í flokkinn.

Ekki náðist í þingmennina í gær. **– sa**

# Ísköld nóvemberdýfa



**Sjósundskappar í Nauthólsvík láta ekki kulda og nepju í lok nóvember aftra sér frá því að taka góða dýfu. Meðal þeirra fjölmörgu sem fengu sér ískaldan sprett í hádeginu í gær var leikstjórinn góðkunni Óskar Jónasson.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

FRÉTTABLAÐIÐ +PLÚS Fleiri myndir af sundköppum er að finna á +Plússíðu Fréttablaðsins. **Fréttablaðið +Plús er í Fréttablaðsappinu og PDF-útgáfu á Fréttablaðið.is.**



**Jólalög hafa ekki alltaf jákvæð áhrif.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Afgreiðslufólk veikt af jólalögum

**SVÍÞJÓÐ** Þótt viðskiptavinir finni fyrir meiri jólastemningu þegar jólalög eru leikin í verslunum á aðventunni þá upplifir margt afgreiðslufólk jólalögin sem pyntingu.

Rúmlega tvö þúsund verslunarstarfsmenn voru spurðir hvernig þeim fyndist tónlistin sem spiluð er í búðunum fyrir jólin. Þriðjungur fann fyrir meira álagi þegar jólalög voru leikin, heldur en þegar önnur tónlist var spiluð. Dæmi voru um að afgreiðslufólk hefði fengið mígreniskast og orðið að vera heima vegna jólatónlistarinnar.

Á fréttavef sænska sjónvarpsins er haft eftir hagfræðingi félags verslunarmanna að á mörgum stöðum sé ekki hugað nógu vel að því hvers konar tónlist sé valin og hvaða áhrif hún hafi á starfsfólk. **– ibs**






# Einkaaðilar geti áfram birt dómasöfn á netinu

**Dómsmálaráðherra telur áhyggjur fjölmiðla af þrengri reglum um birtingu dóma óþarfar. Spyr hvort það sé hlutverk ríkisins að halda utan um opinbera skrá á netinu. Forstjóri Persónuverndar segir aðalatriði að farið sé að lögum.**

**STJÓRNSÝSLA** Dómsmálaráðherra telur frumvarp um breytingar á því hvernig birtingu dóma er háttað ekki koma í veg fyrir að einkaaðilar geti haldið úti gagnagrunnum með dómasöfnum dómstólanna. Fyrirhugaðar breytingar taki eingöngu til ríkisvaldsins.

Þetta kom fram í máli Sigríðar Á. Andersen á opnum fundi dómstólasýslunnar í gær um tilgang birtingar dóma á internetinu og fyrirhugaðar breytingar á reglum þar að lútandi.

Á fundinum vísaði Sigríður til áhyggja fjölmiðla af því að frumvarpið mæli fyrir um þrengri aðgang manna að upplýsingum frá dómstólum og sagði ráðherra þær áhyggjur óþarfar.

„Þetta lýtur bara að birtingu ríkisvaldsins á internetinu,“ sagði Sigríður og benti á að áfram verði opinn aðgangur að réttarhöldum og allir sem vilji muni áfram geta fengið endurrit sakadóma hjá dómstólum. Fjölmiðlar geti þannig óháð frumvarpinu fjallað um dóma og nafngreint þá sem þeir vilji. Þá geti menn einnig haldið úti skrám og gagnabönkum með dómum eins og áður.

„Spurningin er hins vegar, finnst mér, hvort það er hlutverk ríkisvaldsins að halda þessa opinberu skrá á internetinu,“ sagði Sigríður.

Vefsíðan fonsjuris.is er rekin af einkaaðilum og þar er haldið úti safni opinberra upplýsinga á sviði lögfræði. Hægt er að fá aðgang að vefnum gegn gjaldi en á honum eru birtir allir dómar Hæstaréttar frá upphafi, dómar annarra dómstóla sem birtir hafa verið auk úrskurða fjölda kærunefnda og ritrýndra fræðigreina á íslensku.



**Ráðherra ræddi við dómara og lögmenn í upphafi fundar.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

> Spurningin er hins vegar, finnst mér, hvort það er hlutverk ríkisvaldsins að halda þessa opinberu skrá á internetinu.
>
> Sigríður Á. Andersen

Fonsjuris segir að fræðimenn og lögmenn fái aðgang fyrir 9.900 kr. á mánuði.

„Ef fylgt er reglum um rétta birtingu dóma get ég ekki séð að það skipti máli hver birtir dómana en það þarf hins vegar að gera í samræmi við lög,“ segir Helga Þórisdóttir, forstjóri Persónuverndar. „Við erum bara komin með persónuverndarlöggjöfina í fangið og burtséð frá skoðunum okkar þá má ekki birta hvað sem er, ekki í dómum frekar en annars staðar,“ segir Helga.

Þau frumvarpsdrög sem voru til umræðu á fundinum gera meðal annars ráð fyrir því að hætt verði að nafngreina þá sem dæmdir eru fyrir refsiverða háttsemi og öll nöfn verði afmáð úr dómum í sakamálum. Hætt verði að birta héraðsdóma í kynferðisbrotamálum, málum er varða brot í nánu sambandi og mál um nálgunarbann. Verði dómum í málaflokkum þessum áfrýjað verði eingöngu birt reifun dóms þegar endanlegur dómur er genginn.

Þá gera drögin ráð fyrir því að dómstólasýslunni verði heimilt að setja reglur til að takmarka myndatökur í dómhúsum.

**adalheidur@frettabladid.is**



FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Ísköld dýfa

Íslensk jafnt sem erlend hraustmenni og valkyrjur létu nóvemberhrollinn í hádeginu í gær ekki aftra sér frá því að taka sundsprett í sjónum við Nauthólsvík þegar ljósmyndari Fréttablaðsins átti leið um. Stormur var í aðsigi og því vissara að ljúka sundinu af sem fyrst. Töluverður fjöldi fólks mætir þarna reglulega í hádeginu til að sprikla.









HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

blómaval

Opið til **21:00** alla daga til jóla í Skútuvogi

# TAX FREE

## ALLAR JÓLAVÖRUR OG JÓLASERÍUR

Tax free tilboð jafngildir 19,35% afslætti af almennum vörum. Að sjálfsögðu stendur Húsasmiðjan skil á virðisaukaskatti til ríkissjóðs.



## Jólatré
Normannsþinur

Eitt verð veljið sjálf
**2.990 kr.**
~~5.990 kr.~~
150-240 cm

Normannsþinur
Standard flokkur
Takmarkað magn

*Húsasmiðjan og Blómaval* ...gaman að gera fínt

SJÁÐU ALLT ÚRVALIÐ Í VEFVERSLUN HUSA.IS

# ASÍ ekki rætt hugmyndir Ragnars Þórs

**KJARAMÁL** „Þessar hugmyndir hafa ekki verið ræddar innan Alþýðusambandsins. En það er stöðugt til umræðu hjá okkur hvernig hægt er að beita lífeyrissjóðunum,“ segir Drífa Snædal, forseti ASÍ, um hugmyndir Ragnars Þórs Ingólfssonar, formanns VR.

Ragnar sagði í fréttaskýringaþættinum Kveik sem sýndur var á RÚV á þriðjudagskvöld að verkalýðshreyfingin gæti beitt áhrifum sínum innan lífeyrissjóða til að knýja á um kjarasamninga. Hægt væri að beina þeim tilmælum til stjórnarmanna verkalýðshreyfingarinnar að skrúfa fyrir allar fjárfestingar á meðan óvissa ríkti eða samningar væru lausir.

Drífa segist auðvitað finna fyrir sterkum vilja til þess að lífeyrissjóðirnir taki siðferðislega ábyrgð í viðskiptalífinu. „Við höfum rætt að þeir séu ekki að fjárfesta í fyrirtækjum sem eru til dæmis að borga ofurlaun. Það er sjálfsagt að taka allt til umræðu hjá ASÍ sem varðar lífeyrissjóðina.“

Fjármálaeftirlitið (FME) birti í gær tilkynningu á vef sínum þar sem minnt er á þær kröfur sem gerðar eru samkvæmt lögum til starfsemi lífeyrissjóða. Bent er á að hlutverk þeirra sé að veita viðtöku iðgjaldi til greiðslu lífeyris vegna elli, örorku eða andláts.

Stjórn lífeyrissjóðs beri ábyrgð á að starfsemin sé í samræmi við lög. Það sé svo hlutverk FME að hafa eftirlit með starfsemi lífeyrissjóða. Telur FME með hliðsjón af þessu að stjórnarmönnum lífeyrissjóða sé óheimilt að beita sér fyrir því að sjóðirnir séu nýttir í öðrum tilgangi en þeim sem að framan greinir. **– sar**



Drífa Snædal, forseti ASÍ. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



Fleiri sendingar af fersku kjöti eru á leið til landsins. NORDICPHOTOS/GETTY

## Stefna ríkinu vegna kjötsins

**VERSLUN** „Stjórnvöld eru ekki að sinna þeirri skyldu sinni að breyta reglunum eins og leiðir af dómi Hæstaréttar að skuli gera. Þetta hefur þá bara þessar afleiðingar að það hefur skapast skaðabótaskylda gagnvart kjötinnflytjendum þangað til þetta er lagað,“ segir Arnar Þór Stefánsson hæstaréttarlögmaður, sem hefur fyrir hönd Haga stefnt íslenska ríkinu vegna höfnunar á innflutningi á fersku kjöti.

„Við gáfum stjórnvöldum færi á að greiða bætur strax. Þetta var skammur frestur eða ein vika en það kom svar að Ríkislögmaður ætlaði að leita umsagnar. Við teljum ekki efni til slíks enda er búið að dæma í Hæstarétti og þess vegna var ákveðið að stefna strax. Svo krefjumst við álags á málskostnað út af þessum ítrekuðu brotum ríkisins og því að greiða ekki skaðabætur strax.“

Andrés Magnússon, framkvæmdastjóri Samtaka verslunar og þjónustu, segist vita til þess að fleiri kjötsendingar séu væntanlegar til landsins á allra næstu dögum og vikum.

„Kannski er stjórnvöldum bara sama um þessar skaðabætur en þá verða þau bara að segja það að þau séu tilbúin að greiða bætur til að friða talsmenn landbúnaðarins. Þótt fjárhæðirnar í þessu máli séu ekki háar þá vaknar sú spurning hvort einhver þurfi að taka af skarið og flytja inn fyrir 100 milljónir til að hreyfa við stjórnvöldum?“ **– sar**

# Þorskstofninn í hættu vegna hærri hita og súrnunar sjávar

**Ný norsk rannsókn varpar ljósi á að súrnun sjávar í takt við hækkandi hitastig í heimshöfunum gæti haft áhrif á þorskstofninn í N-Atlantshafi. Gæti haft bein áhrif á íslenskt þjóðarbú.**

**SJÁVARÚTVEGUR** Súrnun sjávar samfara hækkandi hitastigi í Norður-Atlantshafi mun hafa gríðarleg áhrif á mikilvægasta nytjastofn okkar Íslendinga, þorskinn. Færri fiskar ná að vaxa upp og hrygningarsvæði hans færast norður fyrir heimskautsbaug.

Þetta sýnir ný rannsókn norskra vísindamanna sem birtist í gær í hinu virta tímariti Science Advance. Loftslagsbreytingar í Norður-Atlantshafi og á norðurslóðum valda nýjum ógnum fyrir sjávarútvegsþjóðir á svæðinu. Vísindamennirnir sýna fram á að súrnun veldur erfiðleikum í hrygningu þorsksins. Hækkun hitastigs og súrnun sjávar mun því hafa miklar afleiðingar.

Hreiðar Þór Valtýsson, lektor við viðskipta- og raunvísindasvið Háskólans á Akureyri og sérfræðingur í sjávarlíffræði og sjávarútvegsfræðum, segir þessa rannsókn áhugaverða fyrir þær sakir að nú sé reynt að greina áhrif súrnunar á þorskinn.

„Oftast hefur verið talað um að súrnunin hefði ekki áhrif á fiska, aðallega á þá sem væru með ytri kalkstoðgrind, skeldýr og annað slíkt. Svo eru Norðmennirnir með sínar gríðarlega öflugu rannsóknir að sýna fram á að það sé ekkert svoleiðis,“ segir Hreiðar Þór og bendir á að nytjastofninn gæti minnkað. „Súrnunin hefur kannski ekki áhrif á fullorðna fiska en getur haft áhrif á seiðin. Rétt eftir klak eru þau ofsalega viðkvæm og þar hefur súrnunin áhrif á frumstigi. Ef þú eykur dánartíðnina þá færðu færri fullorðna fiska og því fækkar í stofninum sem því nemur.“

Vísindamennirnir benda á að súrnunin geti gert það að verkum að hrygningarstöðvar þorsksins færist norður fyrir heimskautsbaug. Hreiðar Þór segir að þær niðurstöður gætu átt aðeins við hrygningarstöðvar við Noreg. „Þetta er pínulítið flókið samband og því er ekki hægt að segja með vissu hvort þær spár eigi alveg fullkomlega við um íslenskan veruleika. Hins vegar er hægt að gera sér í hugarlund að þorskurinn hrygni frekar norðan við Ísland og hætti að hrygna fyrir sunnan land.“

Verðmætin sem felast í veiðum á þorski skipta sköpum fyrir þjóðarbúið. Um helmingur verðmæta sem dregin eru upp úr sjó við Íslandsstrendur kemur frá þorskveiðum. „Súrnunin getur mögulega haft bein neikvæð áhrif á okkar nytjastofna. Þorskurinn er langsamlegast mikilvægasti nytjastofn okkar og súrnun gæti kostað okkur milljarða í krónum á hverju ári,“ segir Hreiðar Þór.

**sveinn@frettabladid.is**



Súrnun sjávar gæti haft gríðarleg áhrif á mikilvægasta nytjastofn Íslendinga, þorskinn. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

### Þorskurinn Íslendingum mikilvægur

| | Veiddur þorskur, hlutfall heildarafla | Verðmæti þorsks, hlutfall heildarverðmæta | Verðmæti aflans |
|---|---|---|---|
| 2017 | 29,24% | 47,31% | 45.743.413.477 |
| 2016 | 30,78% | 45,34% | 53.795.368.256 |
| 2015 | 21,36% | 40,75% | 55.712.701.195 |
| 2014 | 27,09% | 40,21% | 48.376.438.459 |
| 2013 | 19,40% | 32,09% | 44.467.227.715 |


FIAT TALENTO BUS 9 MANNA

TILBOÐSVERÐ

4.185.484 ÁN VSK.

**5.190.000 MEÐ VSK.**

LISTAVERÐ MEÐ AUKAHLUTUM

**5.850.000 MEÐ VSK.**



AÐEINS TVEIR BÍLAR EFTIR

**DÍSEL 125 HÖ. DÍSEL, 6 GÍRA, BEINSKIPTUR,**
**STAÐALBÚNAÐUR M.A.:** LOFTKÆLING FRAMMI Í OG AFTUR Í, STÓR AFTURHLERI SEM OPNAST UPP.
**PREMIUM PAKKI:** 17" ÁLFELGUR, BAKKMYNDAVÉL, BAKKSKYNJARAR, SAMLITIR STUÐARAR OG HRAÐASTILLIR. 5 ÁRA ÁBYRGÐ.

5 ÁRA FIAT ÁBYRGÐ

ÍSBAND
ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF. BÍLAUMBOÐ

UMBOÐSAÐILI FIAT • ÞVERHOLTI 6 • 270 MOSFELLSBÆR • S. 534 4433 • WWW.FIATPROFESSIONAL.IS
WWW.ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 • LAUGARDAGA 12-16




**Bernhard - Honda á Íslandi** • Vatnagörðum 24 • 104 Reykjavík • Sími 520 1100 • www.honda.is

**Umboðsaðilar:** Bernhard, Reykjanesbæ, sími 421 7800 • Bílver, Akranesi, sími 431 1985 • Höldur, Akureyri, sími 461 6020 • Bragginn, Vestmannaeyjum, sími 481 1535

## Starfsfólk í áfalli eftir hópuppsögn hjá Norðuráli á Grundartanga

**ATVINNUMÁL** Tuttugu starfsmönnum álversins á Grundartanga var sagt upp í gær. Í samtali við Fréttablaðið segir Sólveig Kr. Bergmann, yfirmaður samskipta hjá Norðuráli, að ástæða uppsagnanna sé óhagstæð þróun á rekstrarumhverfi álversins.

„Þetta eru kaldar kveðjur til þeirra sem hafa fórnað sinni starfsævi í uppbyggingu á fyrirtækinu, að vera hengdir út fyrir girðingu eins og gerðist í dag [gær],“ segir Vilhjálmur Birgisson, formaður Verkalýðsfélags Akraness, í samtali við Fréttablaðið.

Hann kveðst hafa fengið að heyra frá nokkrum þeirra sem sagt var upp að starfsmönnum hafi verið tilkynnt um uppsagnirnar í morgun.

„Það er bara staðið þannig að því að þegar fólk mætir til vinnu er það kallað inn á skrifstofu til mannauðsstjóra og framkvæmdastjóra viðkomandi sviðs þar sem því er tilkynnt að þessar uppsagnir séu orðnar að veruleika. Síðan er fólki gefinn kostur á að tæma skápa sína og það síðan leitt út fyrir,“ segir Vilhjálmur.

Sólveig kveðst ekki mega tjá sig um hvernig staðið var að uppsögnum einstakra starfsmanna en að dagurinn hafi verið erfiður. Fólk hafi reynt að gera það eins vel og kostur er á í svona málum.

Vilhjálmur segir þetta dapurlegar aðgerðir. Uppsagnirnar séu enn eitt höggið fyrir Skagamenn og atvinnuöryggi þeirra á sínu heimasvæði og vísar í uppsagnir HB Granda. **– dfb**

> **Þetta eru kaldar kveðjur.**
>
> Vilhjálmur Birgisson, formaður VLFA





**Guðlaugur Þór Þórðarson utanríkisráðherra.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Ríkið greiðir Vísi fyrir fréttir

**FJÖLMIÐLAR** Utanríkisráðuneytið greiðir vefmiðlinum visir.is 350 þúsund krónur á mánuði fyrir að birta greinar sem skrifaðar eru um þróunarsamvinnu. Greinarnar eru birtar sem kynningarefni á vefnum.

Samkvæmt svari utanríkisráðuneytisins við fyrirspurn Fréttablaðsins var ákveðið að leita leiða til að auka útbreiðslu frétta frá Heimsljósi, sem er undirsíða á vef Stjórnarráðsins.

> **350**
>
> **þúsund krónur fær Sýn hf. samkvæmt samningnum.**

„Fyrirspurn var send á tvo stærstu vefmiðla landsins, mbl.is og visir.is, þar sem óskað var eftir verðtilboðum. Báðir miðla lýstu yfir áhuga á frekara samstarfi um birtingu frétta um þróunarsamvinnu. Þar sem tilboð Vísis var hagstæðara var ákveðið að ganga til samninga við þann miðil,“ segir Sveinn H. Guðmarsson, upplýsingafulltrúi ráðuneytisins. Samkvæmt samningnum fær starfsmaður Vísis efni frá Heimsljósi og afritar inn í ritstjórnarkerfi Vísis og þurfa greinarnar að vera sýnilegar ofarlega á síðunni en fara svo í sér undirflokk. Vísir leggur jafnframt til fasta auglýsingaborða sem vísa á Heimsljós og tryggja 15-20 þúsund birtingar á dag.

Samningurinn tók gildi 1. október og gildir til fjögurra mánaða með heimild um að framlengja. **– smj**

# Flokkarnir á Alþingi skulda nú samtals 850 milljónir króna

**Skuldir Sjálfstæðisflokksins nema 421 milljón. Fimm af átta flokkum skiluðu tapi í fyrra og voru með neikvætt eigið fé. Sjálfstæðisflokkurinn þurfti að skila styrkjum frá félögum Guðbjargar Matthíasdóttur.**



**Tap ríkisstjórnarflokkanna á síðasta ári nam 68 milljónum.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

**STJÓRNMÁL** Stjórnmálaflokkarnir átta sem eiga fulltrúa á Alþingi skulda alls rúmar 850 milljónir, enginn þó meira en Sjálfstæðisflokkurinn sem einnig fær mest í ríkisframlög. Aðeins Samfylking, Píratar og Viðreisn skiluðu hagnaði í fyrra. Framlög til flokkanna átta frá ríki, fyrirtækjum og einstaklingum námu alls 525 milljónum.

Þetta kemur fram þegar útdrættir Ríkisendurskoðunar á ársreikningum stjórnmálaflokkanna fyrir síðasta ár eru skoðaðir.

Eins og sjá má í meðfylgjandi töflu er eigið fé fimm flokka neikvætt í lok síðasta árs. Mest var tap Framsóknarflokksins sem að auki er með neikvætt eigið fé upp á rúmar 58 milljónir og skuldir upp á 242 milljónir.

Sjálfstæðisflokkurinn er sér á báti fjárhagslega. Fær langhæstu ríkisframlög allra eða 101 milljón, rúmar 15 milljónir í framlög frá fyrirtækjum og öðrum lögaðilum og 44 milljónir í framlög frá einstaklingum auk annarra tekna. Rekstur flokksins kostaði á móti 240 milljónir og þrátt fyrir að skuldir flokksins lækki milli ára nema þær nærri helmingi skulda allra hinna sjö flokkanna til samans.

Ríkisendurskoðun gerir þá athugasemd við ársreikning Sjálfstæðisflokksins að í ljós hafi komið að flokkurinn hafi tekið á móti hærri framlögum frá lögaðilum en lög gera ráð fyrir. Sem kunnugt er mega stjórnmálasamtök ekki taka við hærri framlögum frá lögaðilum en 400 þúsund krónum á ári og eru framlög tengdra aðila talin saman. Samkvæmt ársreikningi Sjálfstæðisflokksins fékk flokkurinn 400 þúsund frá Ísfélagi Vestmannaeyja, 400 þúsund krónur frá Ísam ehf. og 100 þúsund króna framlag frá Odda prentun og umbúðum ehf.

> **525**
>
> **milljónir fengu flokkarnir í hin ýmsu framlög í fyrra.**

Allt eru þetta félög í eigu Guðbjargar M. Matthíasdóttur, útgerðarkonu frá Vestmannaeyjum. Ríkisendurskoðun segir að flokkurinn hafi verið upplýstur um tengslin og fór svo að Sjálfstæðismenn endurgreiddu styrkina frá Ísfélaginu og Odda.

Flokkarnir sjálfir hafa viðrað áhyggjur af eigin fjárhagsstöðu enda fór það svo að fulltrúar sex flokka sendu í lok síðasta árs erindi til fjárlaganefndar þar sem óskað var eftir viðbótarframlagi á fjárlögum þessa árs. Var farið fram á að heildarframlagið yrði fært úr 286 milljónum króna í 648 milljónir. Beiðnin byggðist á þeim málatilbúnaði flokkanna að staða þeirra væri nú orðin svo slæm að þeir næðu ekki endum saman til að sinna grunnrekstri og slíkt væri ógn við lýðræðið. Beiðnin vakti hörð viðbrögð en svo fór að flokkarnir fengu sitt. Hugsanlegt er því að viðsnúningur verði á taprekstri og skuldasöfnun flokkanna í næstu ársreikningum, í boði ríkisins.

**mikael@frettabladid.is**

### Fjárhagsstaða flokkanna á þingi

| | Vinstri græn | Samfylking | Píratar | Viðreisn | Flokkur fólksins | Miðflokkur | Framsóknarflokkur | Sjálfstæðisflokkur |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Ríkisframlög** | 55.931.607 | 23.065.939 | 66.832.749 | 38.679.259 | 13.342.607 | 3.000.000 | 44.260.980 | 101.711.942 |
| **Framlög lögaðila** | 5.435.000 | 6.736.000 | 560.000 | 11.779.495 | 100.000 | 6.884.000 | 8.390.000 | 15.280.000 |
| **Framlög einstaklinga** | 14.781.899 | 36.943.387 | 8.444.738 | 9.699.283 | 1.084.487 | 1.922.500 | 6.353.268 | 44.337.533 |
| **Gjöld/rekstur flokksins** | 94.661.647 | 54.995.464 | 60.965.615 | 58.610.210 | 18.494.761 | 27.516.273 | 107.449.872 | 239.582.399 |
| **Hagnaður/(Tap)** | -13.781.672 | 26.711.554 | 15.976.174 | 1.477.145 | -4.060.918 | -15.940.414 | -39.120.770 | -15.122.355 |
| **Eigið fé** | -17.955.971 | 76.634.315 | 46.035.274 | -8.759.266 | -5.813.104 | -15.940.414 | -58.514.285 | 361.367.314 |
| **Skuldir** | 37.514.088 | 114.355.836 | 1.030.887 | -10.219.398 | 5.813.104 | 17.228.493 | 242.361.193 | 421.809.187 |







A+++ Orkuflokkur
7 kg Tekur mest
SIEMENS
**Þvottavél**
WM 14N2O7DN, iQ300
Vindur upp í 1400 sn./mín. Sérkerfi eru meðal annars: Kraftþvottur 60 mín., útifatnaður, mjög stutt kerfi (15 mín.), viðkvæmt/silki, ull o.fl.
Jólaverð:
**79.900 kr.**
Fullt verð: 99.900 kr.



B Orkuflokkur
7 kg Tekur mest
SIEMENS
**Þurrkari**
WT 44E1L7DN, iQ300
Gufuþétting, enginn barki.
Sérkerfi: Hraðkerfi 40 mín. og heitt 20 mín.
Krumpuvörn við lok kerfis.
Jólaverð:
**79.900 kr.**
Fullt verð: 99.900 kr.



**Orfeus Borðlampi**
18728-25
Hæð: 36 sm.
Jólaverð:
**7.500 kr.**
Fullt verð: 9.500 kr.

Jólabæklingur okkar er kominn út.
**Fjöldi glæsilegra tækja á jólaverði.**

**SMITH & NORLAND**
Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is






Dömuúlpa svört

Stærðir 36-52

**11.999 kr**

Verð áður 14.999



Dömuúlpa rauð, svört

Stærðir 36-52

**9.599 kr**

Verð áður 11.999



Dömuúlpa vínrauð, svört

Stærðir 36-52

**9.599 kr**

Verð áður 11.999



Barnaúlpa vínrauð, svört

Stærðir 130-170

**8.799 kr**

Verð áður 10.999



Herraúlpa græn, svört

Stærðir S-5XL

**11.999 kr**

Verð áður 14.999



Barnaúlpa svört, blá

Stærðir 130-170

**8.799 kr**

Verð áður 10.999

24 Opið allan sólarhringinn
Garðabæ og Skeifu

HAGKAUP Meira svona alla daga

# Ástandið grafalvarlegt í Austur-Kongó

**Fjöldi malaríutilfella hefur áttfaldast á milli ára í því fylki Austur-Kongó þar sem næstversti ebólufaraldur sögunnar er skæðastur. Átök yfirvalda við skæruliða, umhverfið, pólitískur óstöðugleiki og flóttamannastraumur bæta gráu ofan á svart. Að minnsta kosti 236 látin.**

**AUSTUR-KONGÓ** Mikil fjölgun greindra malaríutilfella í austurhluta Afríkuríkisins Austur-Kongó veldur miklum áhyggjum hjá starfsfólki Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar (WHO).

Nú þegar standa WHO-liðar í ströngu við að berjast við skæðan ebólufaraldur á svæðinu, þann versta í sögu ríkisins og næstversta í sögu Afríku. Faraldurinn hefur kostað að minnsta kosti 236 manns lífið en alls er fjöldi staðfestra tilfella 365 samkvæmt WHO. Heilbrigðisráðuneyti Austur-Kongó segir tölurnar hærri, 240 og 419. Í þokkabót hafa árásir skæruliða, flóttamannastraumur og pólitískur óstöðugleiki torveldað hjálparstarf.

„Þetta gerir það að verkum að ebólufaraldurinn er orðinn einn flóknasti og erfiðasti heilbrigðisvandi heims í seinni tíð.“

Staðan er þessi þrátt fyrir að þetta sé í fyrsta skipti, samkvæmt The New York Times, sem nýtt og heillavænlegt bóluefni og meðferð stendur til boða. Að því er kom fram í umfjöllun miðilsins er búist við að það muni taka að minnsta kosti hálft ár til viðbótar að ráða niðurlögum faraldursins vegna átaka á svæðinu. Búast má við því að æ fleiri malaríutilfelli bæti þá stöðu ekki.

Samkvæmt stofnuninni er malaríufaraldurinn einfaldlega yfirþyrmandi fyrir starfsfólk sem reynir að berjast gegn ebólufaraldrinum. Sér í lagi þar sem fyrstu einkenni sjúkdómanna eru svipuð. Á um helmingi ebólumeðferðarstöðva hefur engin ebóla fundist, einungis malaría.

Samkvæmt tilkynningu frá stofnuninni í gær er fjögurra daga herferð hafin í Beni þar sem til stendur að afhenda allt að 450.000 manns lyf og annan útbúnað sem mun hjálpa gegn malaríu. Annars vegar munu hjálparstarfsmenn dreifa moskítónetum til að fyrirbyggja smit og hins vegar veita sýktum meðferð við sjúkdómnum með lyfjagjöf.



Heilbrigðisstarfsfólk að störfum í Bunia í Austur-Kongó. NORDICPHOTOS/AFP

„Það er lykilatriði að koma böndum á malaríufaraldurinn á svæðinu þar sem sjúkdómurinn veldur miklum veikindum og dauða, sérstaklega á meðal barna,“ var haft eftir Yokouide Allarangar, yfirmanni starfs WHO í Austur-Kongó. Áður hafði verið greint frá því að óvenju mörg börn væru að greinast með ebólu á svæðinu.

Um 25 milljónir malaríutilfella greindust í Austur-Kongó á síðasta ári, samkvæmt malaríuskýrslu WHO sem birt var fyrr á árinu. Aðeins í Nígeríu greindust fleiri með sjúkdóminn. Samkvæmt tilkynningu gærdagsins hefur malaríutilfellum í Norður-Kivufylki, þar sem ebólufaraldurinn er skæðastur, fjölgað áttfalt frá því í september ef miðað er við sama tíma í fyrra.

„Þrátt fyrir bættar varnir gegn malaríu tekst Austur-Kongó enn á við skort á aðgengi að fyrirbyggjandi og læknandi þjónustu. Umhverfið veldur því í ofanálag að smithætta eykst. Skortur á fjármögnun, slakir innviðir og óöryggi hindra ríkið í því að ná að hjálpa öllum sem eru í smithættu,“ sagði í tilkynningu WHO.

**thorgnyr@frettabladid.is**



## Malaría

Malaría, einnig kölluð mýrarkalda, er algengur sjúkdómur í heittempruðum og hitabeltislöndum, að því er kemur fram í umfjöllun á vef Embættis landlæknis. Sjúkdómurinn orsakast af frumdýrum sem fjölga sér í lifur og fara svo út í blóðið. Þessi frumdýr berast í fólk með Anopheles-moskítóflugunni en sjúkdómurinn berst ekki manna á milli.

**Algeng einkenni:**
- Hitatoppar
- Svitaköf
- Höfuðverkur
- Beinverkir
- Niðurgangur
- Hósti

**Alvarlegri einkenni:**
- Meðvitundarleysi
- Blóðleysi
- Miltisstækkun
- Gula
- Nýrnabilun
- Dauði






Árið hefur verið erfitt hjá Facebook. NORDICPHOTOS/GETTY

## Kynþáttafordómar hjá Facebook

**SAMFÉLAGSMIÐLAR** „Facebook á í vandræðum með svart fólk.“ Þetta sagði í minnisblaði sem Mark Luckie, svartur fyrrverandi starfsmaður Facebook sem sá um tengsl við áhrifavalda, birti í fyrrinótt á Facebook-síðu sinni. Áður hafði minnisblaðið verið sent á samstarfsmenn á síðustu dögum Luckies hjá fyrirtækinu.

Luckie fjallaði þar um vinnustaðamenninguna hjá Facebook og sagði að þótt mikið væri rætt um fjölbreytni og samhljóm í viðtölum og útgefnu efni væri raunin önnur. Samkvæmt honum endurspegla starfsmenn ekki notendur.

„Víða eru fleiri Black Lives Matter veggspjöld á skrifstofum fyrirtækisins en svartir starfsmenn. Facebook getur ekki sagst vera að tengja samfélög þegar starfsmenn endurspegla ekki téð samfélög,“ ritaði Luckie.

Og Luckie hélt áfram. Sagði að svörtu fólki væri mismunað á vinnustaðnum. „Ég hef heyrt allt of margar sögur af yfirmönnum kalla svarta starfsmenn árásargjarna eða illskeytta fyrir það eitt að deila hugmyndum sínum á sama hátt og starfsmenn af öðrum kynþáttum. Svörtum starfsmönnum hefur verið ráðlagt að taka ekki þátt í félagslífi hóps svartra starfsmanna og gera ekki „svarta hluti“.“ – **þea**

> **Víða eru fleiri Black Lives Matter veggspjöld á skrifstofum fyrirtækisins en svartir starfsmenn.**
>
> Mark Luckie, fyrrverandi starfsmaður

SUZUKI

Way of Life!

# SUZUKI SWIFT

## GERIR LÍFIÐ SKEMMTILEGRA

Suzuki swift er fáanlegur sjálfskiptur, beinskiptur og fjórhjóladrifinn

VERÐ FRÁ KR.

**2.270.000**




Suzuki er áreiðanlegasti bíllinn samkvæmt niðurstöðum árlegrar könnunar breska bílaritsins „What Car?“.

Suzuki Swift var valinn bíll ársins í flokki smærri fólksbíla og fékk gullverðlaun í „Grand Prix Auto Environment“ í Frakklandi ásmt fleiri verðlaunum. Suzuki Swift hefur einnig fengið einróma lof gagnrýnenda.

**KÍKTU VIÐ OG KYNNTU ÞÉR**
**MARGVERÐLAUNAÐAN SUZUKI SWIFT**

BANDALAG ÍSLENSKRA BÍLL ÁRSINS 2018 BÍLABLAÐAMANNA

2018 RJC CAR OF THE YEAR

SUZUKI

FLUTT MEÐ EIMSKIP

Fáðu nánari upplýsingar á suzuki.is

Suzuki bílar hf. I Skeifunni 17 I Sími 568 5100

# Þurfi að taka á sig tugprósenta afskriftir

**Icelandair þrýstir á að félagið standi undir talsvert minni hluta af höfuðstól skuldabréfaeigenda WOW air. Greinandi Landsbankans segir það ekki koma á óvart ef hluthafafundi Icelandair á föstudag verði frestað. Þurfi góð rök fyrir hlutafjáraukningu ef ekki verður af kaupum á WOW air.**

Skuldabréfaeigendur WOW air, sem fjárfestu fyrir samtals 60 milljónir evra, jafnvirði 8,5 milljarða króna, í skuldabréfaútboði flugfélagsins sem lauk um miðjan september, gætu þurft að samþykkja tugprósenta afskriftir af höfuðstól sínum eigi fyrirhuguð kaup Icelandair Group á WOW air að ná fram að ganga. Icelandair þrýstir nú mjög á að félagið taki á sig talsvert minni hluta skuldbindingarinnar, eða mögulega í kringum 70 prósent af höfuðstól bréfanna, en áður hafði verið gert ráð fyrir, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins.

Í bréfi WOW air til skuldabréfaeigenda félagsins, dagsettu 9. nóvember, kom fram að það væri skilyrði fyrir yfirtöku Icelandair að kaupréttir þeirra að hlutafé í félaginu verði felldir niður. Þess í stað myndi WOW air bjóðast til að greiða skuldabréfin á lokagjalddaga haustið 2021 með tuttugu prósenta þóknun ofan á höfuðstólinn.



Flugvélafloti Icelandair á Keflavíkurflugvelli. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

**37%**

**skuldabréfaeigenda WOW eru íslenskir fjárfestar.**

Þau áform, eins og greint var frá í Markaðnum í gær, fólu þá í sér að Icelandair myndi standa undir 90 prósentum af höfuðstól skuldanna og Skúli Mogensen, forstjóri og eini hluthafi WOW air, greiði það sem upp á vantar með þeim hlutabréfum sem hann kann að eignast í sameinuðu félagi. Nú mun Icelandair hins vegar hafa sett fram það skilyrði að greiðsla félagsins til skuldabréfaeigenda WOW air verði nokkuð lægri en 90 prósent og þá er veruleg óvissa um hvort Skúli geti bætt kröfuhöfum félagsins upp mismuninn. Niðurstaða áreiðanleikakönnunar mun leiða í ljós hve stóran hlut Skúli mun fá afhentan í sameinuðu félagi en hann getur verið á bilinu 1,8 til 6,6 prósent.

Eins og Markaðurinn hefur áður upplýst um voru íslenskir fjárfestar með 37 prósent af heildareftirspurninni í skuldabréfaútgáfu WOW air í september eða sem nemur um 22 milljónum evra. Tveir sjóðir í stýringu GAMMA Capital Management fjárfestu til dæmis fyrir samanlagt tvær milljónir evra. Bandarískir fjárfestar keyptu um fjórðunginn af útgáfunni og fjárfestar frá Norðurlöndunum 19 prósent á meðan afgangurinn – um 19 prósent – var seldur til annarra fjárfesta í Evrópu.

Í bréfi sem Skúli skrifaði eigendum skuldabréfa WOW air á þriðjudag benti hann á að ýmsir þættir í rekstri og umhverfi félagsins hefðu þróast til verri vegar undanfarið sem hefði gert það að verkum að félagið þurfi nauðsynlega á fjármögnun að halda. Skúli upplýsti einnig um það í bréfinu að hann hefði sjálfur fjárfest í útboðinu fyrir um 5,5 milljónir evra, jafnvirði 770 milljóna króna. Þá hefur Fréttablaðið heimildir fyrir því að hinn ungverskættaði Steven Udvar-Házy hafi verið á meðal þeirra fjárfesta sem tóku þátt í skuldabréfaútboðinu. Hann er eigandi fyrirtækisins Air Lease Corporation sem á stærstan hluta þeirra véla, eða alls sjö, sem WOW air er með í rekstrarleigu.

hordur@frettabladid.is

## Skiljanlegt ef hluthafafundi yrði frestað

„Það kæmi ekki á óvart, og í raun mjög skiljanlegt, ef hluthafafundi Icelandair yrði frestað á föstudaginn enda hafa hluthafar litlar upplýsingar undir höndum varðandi stöðu WOW air,“ segir Sveinn Þórarinsson, greinandi hjá Hagfræðideild Landsbankans.

Tvær tillögur liggja fyrir hluthafafundi Icelandair Group. Annars vegar hlutafjáraukning vegna samruna við WOW air og hins vegar óskilgreind hlutafjáraukning. „Hún gæti verið samþykkt óháð samruna við WOW air til að bæta til dæmis stöðuna gagnvart skuldabréfaeigendum félagsins, þó sú aukning myndi duga skammt. En það myndi sýna skuldabréfaeigendum að hluthafar standa við bakið á félaginu. Icelandair Group hefur fengið tímabundnar undanþágur gagnvart lánaskilmálum. En stjórnendur fyrirtækisins þurfa að færa sannfærandi rök fyrir hlutafjáraukningu enda er verið að þynna út hluthafa sem ekki taka þátt í henni,“ segir Sveinn.

Hlutafjáraukningu þurfi ekki að svo stöddu en hann nefnir að fyrirtækið muni tapa á bilinu 50-60 milljónum dala í ár og ef farmiðaverð hækkar ekki verði næsta ár einnig erfitt. – hvj



Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

NÝ HEIMASÍÐA - BILALAND.IS

# VETRARTILBOÐ BÍLALANDS



**Bílaland býður nokkra bíla á einstökum kjörum! Vetrardekk fylgja völdum bílum. Komdu strax í dag og tryggðu þér góðan bíl á frábæru verði!**

Lykill fjármögnun

Mánaðargreiðsla er samkvæmt reiknivél á lykill.is og eru viðskiptavinir hvattir til að kynna sér lánaskilmálana á heimasíðunni lykill.is. Árlegur hlutfallslegur kostnaður bílaláns frá lykill.is er breytilegur og kjör lána miðast við vaxtatöflu og gjaldskrá félagsins á hverjum tíma.




TOYOTA Auris Active
Nýskr. 04/16, ekinn 89 þ.km,
bensín, sjálfskiptur.
**Verð: 2.190 þús. kr.**

TILBOÐ:
**1.790 þús. kr.**




PEUGEOT 5008
Nýskr. 04/16, ekinn 85 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.
**Verð: 2.790 þús. kr.**

TILBOÐ:
**1.990 þús. kr.**




NISSAN Pulsar Acenta
Nýskr. 02/16, ekinn 38 þ.km,
bensín, sjálfskiptur.
**Verð: 2.490 þús. kr.**

TILBOÐ:
**1.990 þús. kr.**




RENAULT Talisman Zen Sport Tourer
Nýskr. 05/17, ekinn 34 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.
**Verð: 3.590 þús. kr.**

TILBOÐ:
**2.890 þús. kr.**




HYUNDAI Tucson Classic
Nýskr. 02/16, ekinn 89 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.
**Verð: 3.390 þús. kr.**

TILBOÐ:
**2.690 þús. kr.**




HYUNDAI I30 Classic Wagon
Nýskr. 02/13, ekinn 82 þ.km,
dísil, 6 gírar.
**Verð: 1.790. þús. kr.**

TILBOÐ:
**1.290 þús. kr.**




HONDA CRV Executive
Nýskr. 01/16, ekinn 58 þ.km,
bensín, sjálfskiptur.
**Verð: 4.690 þús. kr.**

TILBOÐ:
**3.990 þús. kr.**




VW Golf Trendline
Nýskr. 05/16, ekinn 85 þ.km,
bensín, 6 gírar.
**Verð: 2.090 þús. kr.**

TILBOÐ:
**1.590 þús. kr.**




NISSAN Micra Visia
Nýskr. 06/16, ekinn 27 þ.km,
bensín, 5 gírar.
**Verð: 1.490 þús. kr.**

TILBOÐ:
**1.190 þús. kr.**




TOYOTA Rav4 GX
Nýskr. 06/17, ekinn 93 þ.km,
bensín, sjálfskiptur.
**Verð: 3.990 þús. kr.**

TILBOÐ:
**3.390 þús. kr.**




NISSAN Qashqai Tekna 4wd
Nýskr. 03/14, ekinn 110 þ.km,
dísil, 6 gírar.
**Verð: 2.550 þús. kr.**

TILBOÐ:
**1.990 þús. kr.**




RENAULT Captur Dynamic
Nýskr. 06/15, ekinn 30 þ.km,
dísil, 5 gírar.
**Verð: 2.190 þús. kr.**

TILBOÐ:
**1.590 þús. kr.**




HYUNDAI Santa Fe III Comfort
Nýskr. 05/16, ekinn 95 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.
**Verð: 4.390 þús. kr.**

TILBOÐ:
**3.290 þús. kr.**




NISSAN X-Trail Acenta 2wd
Nýskr. 06/16, ekinn 33 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.
**Verð: 3.990 þús. kr.**

TILBOÐ:
**3.290 þús. kr.**

Birt með fyrirvara á verðbreytingum, innsláttarvillum og myndbrengl.

ENNEMM / SÍA / NM91079

Klettháls 11 - 110 Reykjavík og Hyundai notaðir bílar - Kauptúni 1 - 210 Garðabæ
Sími 525 8000 - bilaland@bilaland.is
**www.bilaland.is**
www.facebook.com/bilaland.is

**Opið frá kl. 9–18 og
á laugardögum frá kl. 12–16.**

bílaland

# Betri en sígarettur en óvíst með áhrif

**Rafrettur innihalda lítið sem ekkert af þeim sjö þúsund skaðlegu efnum sem finna má við bruna tóbaks í sígarettum. Að líkindum geta þær hjálpað fólki að hætta að reykja, en víst er að notkun þeirra meðal ungmenna eykur líkur á að þau sæki síðar meir í tóbak.**

Kjartan Hreinn Njálsson
kjartanh@frettabladid.is
Gunnþórunn Jónsdóttir
gunnthorunn@frettabladid.is



Margt er enn á huldu um áhrif rafrettugufu á heilsu fólks. Bæði til lengri og skemmri tíma. Þó leikur enginn vafi á því að rafrettur eru langt í frá jafn skaðlegar heilsu manna og reykur úr hefðbundnum sígarettum, sem inniheldur banvæna blöndu af um sjö þúsund efnum, þar af eru sjötíu sem eru krabbameinsvaldandi.

Með þessa vitneskju að leiðarljósi hafa heilbrigðisyfirvöld víða um heim hvatt fólk sem raunverulega vill hætta að reykja til að prófa rafrettur ef aðrar leiðir hafa ekki skilað árangri. Nefnd á vegum breska þingsins hefur lýst því yfir að rafrettur geti hjálpað til, á meðan bandarískir vísindamenn kalla eftir frekari tilraunum og gögnum.

Engu að síður þykir það ekki fullsannað að rafrettur séu skilvirk leið til að hjálpa reykingafólki að hætta. Rannsóknir á því hvort rafrettur hjálpi í þessum efnum eru af skornum skammti. Vitað er um tvær slembirannsóknir sem sýndu fram á að rafrettur gátu sannarlega hjálpað einum hópi fólks að hætta að reykja, í samanburði við annan hóp sem fékk lyfleysu. Aftur á móti eru rannsóknir sem þessar háðar vissum annmörkum, þá með tilliti til fjölda þátttakenda og stærðar samanburðarhópa auk þess sem niðurstöður eru oft á tíðum settar fram með víðum skekkjumörkum.

Það er hægara sagt en gert að áætla nákvæmlega hvort rafrettur eru skaðlegar heilsu manna. Vísindamenn verða að gera ráð fyrir ýmsum breytum, svo sem hitastigi gufunnar og bragðefnum, en þau skipta þúsundum. Þó benda rannsóknir til að viss bragðefni geti ert öndunarveg, þar á meðal er bensaldehýð sem finna má í kirsuberjavökva, sinnamínaldehýð sem gefur kanilbragð og díasetýl sem er smjörbragðefni.

Áhyggjur margra, þar á meðal sóttvarnastofnunar Bandaríkjanna, beinast um þessar mundir að rafrettunotkun barna og ungs fólks. Vestanhafs hafa rafrettur verið markaðssettar með þeim hætti að höfðað er til ungs fólks, hóps sem er ólíklegur til að reykja sígarettur. Notkun rafretta meðal yngstu aldurshópanna hefur aukist gríðarlega á undanförnum árum.

Öfugt við rannsóknir á skaðsemi rafretta og skilvirkni þeirra sem hjálpartækja fyrir reykingafólk, þá eru haldbærar og traustar rannsóknir til staðar sem sýna fram á auknar líkur á að þau ungmenni sem nota rafrettur leiðist út í notkun tóbaks.




Veldu
aðeins
það
besta
HEAD
FISCHER
Skíði í jólapakkann
20% afsláttur
af öllum
skíðapökkum
Herraskíðapakkar
Verð frá 65.588,-
Dömuskíðapakkar
Verð frá 68.788,-
Barnaskíðapakkar
Verð frá 32.868,-
Gönguskíðapakkar
Verð frá 39.508,-
Alpina Sólgleraugu
verð frá 5.995,-
Head skíðagleraugu
verð frá 7.995,-
Skíðafatnaður í miklu úrvali
á börn og fullorðna
Bakbrynjur
verð frá 12.995,-
Listskautar
verð frá 11.995,-
Skíðahjálmar
verð frá 10.595,-
Skíðahanskar
verð frá 4.995,-
HEAD
FISCHER
EVEREST
Skeifunni 6 · www.everest.is

# Börn og rafrettur, eitruð blanda

Mikil umræða hefur átt sér stað um rafrettur að undanförnu og er sérstakt áhyggjuefni hversu margir unglingar virðast nota veipur eða rafsígarettur. Nýlegir lýðheilsuvísar Embættis landlæknis sýna að notkun 10. bekkinga er veruleg, ríflega 22% þeirra höfðu veipað einu sinni eða oftar í mánuði. Þessar niðurstöður eru svo sláandi að Læknafélag Íslands sá sig knúið til að leggja fram ályktun á aðalfundi félagsins í byrjun nóvember, þar sem stjórnvöld eru hvött til þess að stöðva núverandi fyrirkomulag á sölu á rafrettum. Þá er bent á að rafrettur séu hættulegar í sömu ályktun og að það skuli stefnt að sölu þeirra með öðrum hætti til þeirra sem hyggjast nota þær til að hætta að reykja, til dæmis í apótekum. Víða erlendis eru viðraðar svipaðar áhyggjur.

**Af hverju eru veipur hættulegar börnum?**

Vísindamenn eru enn að rífast um langtímaáhrif af veipum/rafsígarettum og er ljóst að skaðsemi þeirra birtist öðruvísi en við hefðbundnar reykingar. Í flestum veipum er um að ræða vökva sem er hitaður og myndar gufu sem fólk andar að sér og í gufunni er nikótín ásamt ýmsum öðrum efnum. Nikótín er ávanabindandi efni og hefur verið bent á að slíkur ávani geti aukið líkur á notkun á tóbaki, t.d. sígarettum, í framtíðinni en einnig fíkniefnum. Slíkt er enn umdeilt og ólíklegt að sú umræða verði til lykta leidd á næstunni. Góð regla er að meðan slík óvissa er til staðar er best að byrja alls ekki.

Mjög er rætt um áhrif nikótíns á heilann og hafa læknar áhyggjur af neikvæðum breytingum á athygli, lærdómsgetu, lundarfari og hvatastjórnun. Þá vísa sérfræðingar til þess að nikótín raski myndun taugaboða í heilanum þegar hann er að þroskast.

Áhættan við veipur getur einnig falist í þeim aukaefnum sem eru í gufunni fyrir utan nikótín líkt og rokgjörnum lífrænum efnasamböndum, þungmálmum, smáögnum og ýmsu fleira sem getur mögulega valdið krabbameini, lungnasjúkdómum og öðrum vanda.

Allt þetta er svo fyrir utan möguleg eitrunaráhrif af því að kyngja eða fá á sig vökvann sjálfan, t.d. í augu eða á húð. Þá má ekki gleyma því þegar tækin hafa sprungið eða ofhitnað með margvíslegum afleiðingum fyrir einstaklinginn sjálfan og hans nánasta umhverfi.

Það er auðvitað öllum ljóst að samanburður milli þess að reykja tóbak og að nota rafsígarettur er verulegur en hér er ekki verið að bera saman slíka neyslu. Heldur hvort það sé skynsamlegt að hindra aðgang ungmenna að rafsígarettum, enda algerlega óumdeilt að það að nota slíkt tæki er hættulegra heilsu þeirra en að nota ekkert og byrja aldrei.

**Hvað er til ráða?**

Besta forvörnin er að foreldrar hvorki reyki né noti veipur og séu góðar fyrirmyndir fyrir börn sín. Þeir sem veipa og eru fullorðnir ættu að vita að notkun á rafrettum ætti einungis að vera tímabundin og þá sem aðstoð til að hætta reykingum, aðrar ábendingar eru ekki til, heldur má flokka sem fíkn. Gott er að byrja umræðuna snemma og hvetja börnin til þess að halda sig frá öllu tóbaki sem og rafrettum. Fræðsla er lykilatriði og að upplýsingar séu settar fram á aðgengilegan og skýran hátt. Þá er líklegt að löggjöf muni skila árangri til þess að verja börn og unglinga fyrir slíkri neyslu enda ekkert sem styður við slíkt nema síður sé.

**Nýlegir lýðheilsuvísar Embættis landlæknis sýna að notkun 10. bekkinga er veruleg, ríflega 22% þeirra höfðu veipað einu sinni eða oftar í mánuði.**



Teitur Guðmundsson
læknir

Doktor.is



„Frá því að við opnuðum okkar fyrstu verslun höfum við verið mjög ströng á reglum um 18 ára aldurstakmark," segir Stefán Arnórsson, eigandi Grand Vape Shop. Hann vill auka forvarnir til ungmenna. NORDICPHOTOS/GETTY

# Telja að veipur hafi fengið „kúl"-stimpil

**Foreldrar hafa áhyggjur af rafrettunotkun barna og ungmenna og telja umbúðir og bragðtegundir höfða frekar til þessa hóps heldur en til fullorðinna, sem græjurnar eru gerðar fyrir. Telja notkunina miklu meiri en rannsóknir benda til.**

Þetta er gríðarlega mikið rætt meðal foreldra. Foreldrar hafa áhyggjur af því að börn þeirra séu að nota rafrettur og ánetjist þeim," segir Sigríður Björk Einarsdóttir, framkvæmdastjóri SAMFOK, samtaka foreldra grunnskólabarna í Reykjavík.

„Í nánast hvaða skóla sem ég heimsæki er rætt um rafrettunotkun barna og ungmenna og hvað sé hægt að gera til að koma í veg fyrir þetta. Ég hef rætt við foreldra barna allt niður í 7. bekk og þar erum við að ræða um 12 ára börn sem hafa verið að nota rafrettur."

Foreldrar telja markaðssetningu veipa og rafretta höfða meira til barna en fullorðinna. Umbúðir eru litríkar og skrautlegar og bragðtegundir margar hverjar sælgætistengdar.

„Veipur eða rafrettur er fyrirbæri sem er fundið upp fyrir fólk sem vill hætta að reykja. Fullorðið fólk á alveg að geta notað veipur og ég styð það. En tilfinning foreldra, miðað við niðurstöður rannsókna, er sú að það er miklu meiri notkun á meðal barna en við gerum okkur grein fyrir. Svo má ekki merkja litlar sjoppur með merkjum frá tóbaksframleiðendum, en það má merkja þær með merkjum frá framleiðendum rafretta."

Sigríður Björk segir áhyggjur foreldra felast meðal annars í því að börn læri að taka reykinn ofan í sig, þrátt fyrir að veipur séu aðeins gufa en ekki reykur sé notkunin mögulega byrjunin á hefðbundnum reykingum. Þá hafi rannsóknir sýnt fram á að ýmis eiturefni sé að finna í mismunandi bragðtegundum sem eru skaðleg börnum og ungmennum.

„Veipur hafa fengið ákveðinn „kúl"-stimpil á meðal ungmenna. Við vitum auðvitað ekki að þetta sé skaðlaust. Það eru ekki til neinar langtímarannsóknir. En okkur finnst að börnin eigi að fá að njóta vafans, fyrir utan það að börn eiga ekki að nota rafrettur og veipur. Stjórnvöld verða að bregðast við. Frumvarpið um hertari reglur tekur gildi 1. mars 2019 en við viljum ganga lengra og tökum undir með ályktun Læknafélagsins um að salan fari fram í apótekum eða eitthvað slíkt. Þó að tekið sé strangt á aldurstakmarki í einhverjum veipverslunum þá er það bara ekki alls staðar og það sýnir sig. Við vitum einnig af tilvikum þar sem börn eru að setja kannabisvökva í veipurnar," segir Sigríður Björk.

„Við viljum auðvitað ekki koma í veg fyrir veipur og rafrettur fyrir fullorðið fólk, en það þarf að skilja þarna á milli, hjálpartækja fyrir fullorðna á móti því að þetta þyki töff meðal barna."

**Í nánast hvaða skóla sem ég heimsæki er rætt um rafrettunotkun barna og ungmenna og hvað sé hægt að gera til að koma í veg fyrir þetta.**



## Strangar reglur um skilríki

Stefán Arnórsson er einn eigenda fimm rafrettuverslana Grand Vape Shop. Hann segir eftirlit í sínum verslunum vera mjög strangt. „Frá því að við opnuðum okkar fyrstu verslun höfum við verið mjög ströng á reglum um 18 ára aldurstakmark. Allar búðirnar okkar eru merktar slíkum takmörkunum í gluggum okkar verslana og þeir starfsmenn sem ekki framfylgja þessum reglum fá áminningu," segir Stefán. „Við erum að biðja fólk um skilríki allt upp í þrítugt."

Stefán segir að eigendum rafrettuverslana sé málið mjög hugleikið og ítrekar að rafrettur séu ekki ætlaðar börnum og ungmennum. „Við teljum engu að síður rafrettur og veipur vera mikilvægt tæki fyrir fólk til þess að venja sig af sígarettureykingum en auðvitað er það ekki fyrir neinn undir 18 ára aldri. Við höfum rætt þetta í ljósi þeirrar gagnrýni sem við höfum fengið á okkur og höfum ákveðið að senda frá okkur yfirlýsingu vegna málsins," segir Stefán.

„Við viljum að sjálfsögðu ekki höfða til barna né ungmenna. En við getum auðvitað ekki stoppað það að fólk með aldur til kaupi fyrir þá sem hafa ekki aldur til. Það þyrfti kannski að auka forvarnir á þessu sviði," segir Stefán.

# PIER



20% afsláttur af öllum stólum



ROYALTON stóll
~~69.900,-~~ 55.920,-

NICKOLIE stóll
~~69.900,-~~ 55.920,-

PAPASAN bambus stólar frá 14.990,-





25% afsláttur af allri gjafavöru!



40% afsláttur af jólavörum!

**www.pier.is**

SMÁRATORG - KORPUTORG - SELFOSS

*Tilboð gildir 29. nóvember - 5. desember

*'Gildir ekki með öðrum tilboðum




Lára og Sigríður Arna luma á frábærum ráðum til að halda húðinni fallegri. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Góð umhirða húðar gulli betri

**Húðin er okkar stærsta líffæri og berskjölduð fyrir umhverfi okkar. Í kaldara loftslagi er húðin ekki síður viðkvæm frá degi til dags og því mikilvægt að hirða vel um hana. Lára og Sigríður Arna hjá Húðinni gefa lesendum góð ráð hvað það varðar.**

Húðmeðferðarstofan Húðin var opnuð fyrir ári. Eigendur eru þær Lára G. Sigurðardóttir, læknir og doktor í lýðheilsuvísindum, og Sigríður Arna Sigurðardóttir, snyrti- og hjúkrunarfræðingur. Þær kynntust fyrir tíu árum og myndaðist náinn vinskapur með þeim. Í kjölfarið varð Húðin til.

„Við vildum nýta þekkingu okkar úr heilbrigðisgeiranum til þess að láta fólki líða betur í eigin skinni. Þó svo að fegurðin komi að mestu innan frá þá skiptir það flesta máli að líta vel út,“ segir Lára sem er með grunnmenntun í skurðlækningum. Hún var lengst af á lýtalækningadeild þar sem hún lærði talsvert um húðina.

> **Við erum ekki í því að breyta útliti heldur bæta þannig að viðskiptavinir líta frísklegri og hraustlegri út eftir meðferð.**
>
> Sigríður Arna Sigurðardóttir, snyrti- og hjúkrunarfræðingur

„Ég hef alltaf haft mikinn áhuga á þessu stærsta og berskjaldaðasta líffæri líkamans. Sigríður Arna hafði unnið í nokkur ár við þær húðmeðferðir sem við bjóðum upp á. Okkur langaði báðar að opna okkar eigið fyrirtæki og vorum báðar á tímamótum fyrir tæpum tveimur árum þegar við ákváðum að láta drauminn okkar verða að veruleika,“ segir Lára.

Langflestar meðferðir hjá Húðinni miðast að því að gera húðina heilbrigðari og fallegri. Vinsælustu meðferðirnar eru varanleg háreyðing og meðferðir sem styrkja húðina og gera hana unglegri, eins og dermapen og andlitslyfting án skurðaðgerðar. „Mörgum finnst varanleg háreyðing notaleg og líður vel í húðinni á eftir,“ segir Lára. Húðslípun er einnig vinsæl meðferð sem frískar upp á húðina, hreinsar og gefur ljóma og hentar fólki á öllum aldri.

„Við erum ekki í því að breyta útliti heldur bæta þannig að viðskiptavinir líta frísklegri og hraustlegri út eftir meðferð,“ segir Sigríður Arna. „Hjá Húðinni er einungis boðið upp á meðferðir sem hefur verið staðfest með vísindarannsóknum að skili árangri. Í hverjum mánuði bjóðum við upp á afslátt af meðferð og í desember verður 15% afsláttur af húðþéttingu sem er frábær meðferð fyrir jólin eða önnur stór tilefni.“

**gunnthorunn@frettabladid.is**

## 8 góð ráð til að halda húðinni heilbrigðri þegar kólnar í veðri



**1.** Verndaðu húðina fyrir kulda og sól. Ef þú stundar útivist verndar þú húðina gegn kulda með því að bera á hana feitt krem, t.d. Eucerin sem er líkt og vaselín en án vatns. Sólarvörn kemur líka að gagni, sérstaklega ef verið er á skíðum eða fjallgöngu.

**2.** **Gefðu húðinni nægan raka með því að nota krem sem hentar þér. Ef þú ert með þurra húð hjálpar að taka inn ómega-3 fitusýrur úr sjávarríkinu. Kollagen, t.d. unnið úr fiskroði, gefur húðinni einnig meiri raka. Og mundu að drekka nóg vatn, sérstaklega ef þú drekkur kaffi eða áfengi sem eru vatnslosandi.**

**3.** Hugsaðu um að næra líkamann en ekki níðast á honum. Flest sem þú getur borðað beint úr lífríkinu er gott fyrir þig. Ef þú ert með bólguvandamál í húðinni eins og bólur eða exem þá getur hjálpað að taka inn góða gerla þar sem þarmaflóran er nátengd ónæmiskerfinu sem aftur hefur áhrif á húðina.

**4.** Stilltu hringjara til að minna þig á háttatímann þannig að þú gleymir þér ekki og verðir svefnvana enn aðra nóttina. Regla á svefni er mikilvæg. Til dæmis vitum við að djúpsvefninn er mikilvægur fyrir framleiðslu vaxtarhormóna sem hjálpar okkur að endurnýja m.a. húðina. Djúpsvefn minnkar með aldrinum svo nýttu hann meðan þú getur!

**5.** **Hreyfðu þig meira en úr rúminu í bílinn og í skrifstofustólinn. Hreyfing örvar blóðflæði og súrefnisflutning til húðarinnar og myndar nýjar blóðæðar þannig að húðin fær meira súrefni og næringu.**

**6.** Ef streita bankar oft upp á þá er hugleiðsla öflugt tól til að róa hugann og þar með líkamann. Streita getur hraðað öldrun húðarinnar með því að fækka frumum sem framleiða kollagen. Það eru til góð snjallforrit eins og Calm eða Headspace og einnig er hægt að sækja ókeypis námskeið.



**7.** Haltu þig frá ljósabekkjum sem eru það alversta fyrir húðina. Útfjólubláir geislar brjóta niður erfðaefni húðfruma og lætur húðina eldast hraðar. Mun hollara er að taka inn D-vítamín og fá sér hádegisgöngutúr en að fara í ljós.

**8.** Segðu skilið við alla tóbaksnotkun. Öfugt við hreyfingu þá veldur nikótín því að æðarnar dragast saman og húðin fær minni næringu. Auk þess minnka efnin í sígarettum súrefnisflutning en súrefni er nauðsynlegt fyrir frumurnar okkar til að endurnýja sig.

# Fasteign vikunnar

**úr Fasteignablaði Fréttablaðsins**









Mjög glæsilegt 240 m² einbýlishús með bílskúr við Þrastarhöfða 38 í Mosfellsbæ. Um er að ræða vel skipulagt einbýlishús á einni hæð með mjög stórri timburverönd með heitum potti. Góð bílastæði með hitalögn. Góð staðsetning, stutt í leikskóla, grunnskóla og sundlaug/heilsurækt og er golfvöllurinn rétt við húsið. Húsið skiptist í forstofu, hol, rúmgóða stofu, borðstofu, fallegt eldhús, sjónvarpshol, þrjú góð svefnherbergi, hjónasvítu með baðherbergi, baðherbergi með sturtu og baðkari, þvottahús og bílskúr. Eignin er skráð 240 m², þar af einbýli 200,4 m² og bílskúr 39,6 m².

# GEFUM HARÐA PAKKA!




**Bækur duftsins**
**TILBOÐSVERÐ: 4.399.-**
Verð áður: 5.999.-




**Hundakæti**
**TILBOÐSVERÐ: 4.599.-**
Verð áður: 5.999.-




**En við erum vinir**
**TILBOÐSVERÐ: 3.299.-**
Verð áður: 4.399.-




**Geðveikt með köflum**
**TILBOÐSVERÐ: 5.299.-**
Verð áður: 6.999.-




**Kambsmálið**
**TILBOÐSVERÐ: 3.599.-**
Verð áður: 4.899.-




**Katrínarsaga**
**TILBOÐSVERÐ: 4.399.-**
Verð áður: 5.999.-




**Útlagamorðin**
**TILBOÐSVERÐ: 5.299.-**
Verð áður: 6.999.-




**Atlas goðsagna**
**TILBOÐSVERÐ: 3.899.-**
Verð áður: 4.999.-




**Jón Gunnarsson ævisaga**
**TILBOÐSVERÐ: 5.999.-**
Verð áður: 7.999.-




**Nú brosir nóttin**
**TILBOÐSVERÐ: 4.599.-**
Verð áður: 6.499.-




**Ástin Texas**
**TILBOÐSVERÐ: 5.299.-**
Verð áður: 6.999.-




**Múmínálfarnir stórbók**
**TILBOÐSVERÐ: 3.599.-**
Verð áður: 4.999.-

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 16, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9

Penninn Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími tilboðsverða er til og með 3. desember eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

# TILVERAN

## Vaxandi óþreyja leigusala WOW air

Vaxandi óþreyju gætir á meðal eigenda flugvéla sem eru í rekstri WOW air. Óttast leigusalarnir, sem eru aðallega félög sem sérhæfa sig í fjármögnun og útleigu flugvéla, að samruni flugfélagsins og Icelandair gangi ekki eftir og að WOW air takist ekki að standa í skilum um næstu mánaðamót – eftir að félagið hefur greitt starfsfólki sínu laun – með greiðslu afborgana.

**Mörg mál standa enn út af í viðræðum Icelandair og WOW air. Stjórnendur Icelandair vilja ekki að flugmenn WOW air verði á sama kjarasamningi og flugmenn WOW air.**

Enn eru mörg stór mál óleyst í viðræðum um sameiningu flugfélaganna sem leysa þarf úr til þess að samruninn nái fram að ganga. Auk þess að fá samþykki hluthafafundar Icelandair og Samkeppniseftirlitsins og niðurstöðu í áreiðanleikakönnun þurfa forsvarsmenn flugfélaganna að leita lausna í hinum ýmsu deilumálum sem út af standa.

# Vikan

Stór mál eru enn óleyst hjá WOW air og Icelandair, Bjarni settist aftur í forstjórastól OR og Íslandspóstur er undir smásjá. Það var mikið um að vera í liðinni fréttaviku.




## Bjarni snýr aftur í Orkuveituna

Bjarni Bjarnason settist aftur í forstjórastól Orkuveitu Reykjavíkur á þriðjudag. Hann óskaði eftir því að stíga tímabundið til hliðar á meðan vinnustaðamenning og brottrekstur tveggja starfsmanna væri skoðaður af Innri endurskoðun Reykjavíkurborgar. Starfsmennirnir sem um ræðir eru Áslaug Thelma Einarsdóttir, fyrrverandi forstöðumaður Orku Náttúrunnar og Bjarni Már Júlíusson, framkvæmdastjóri fyrirtækisins. Samkvæmt niðurstöðu Innri endurskoðunar voru uppsagnirnar réttmætar. Bjarni var rekinn fyrir óviðeigandi hegðun gagnvart samstarfsfólki. Áslaug Thelma var á meðal þeirra sem gerðu athugasemdir við hegðun Bjarna en hann sagði henni upp störfum.

„Þótt úttektin staðfesti að innan Orkuveitunnar ríki góður starfsandi tekur stjórn OR þær ábendingar sem koma fram í úttektinni alvarlega og mun tryggja að við þeim verður brugðist með viðeigandi hætti," segir í bókun stjórnar fyrirtækisins.








## Þarf að snúa 85 þingmönnum

Leiðtogar Evrópusambandsríkja samþykktu Brexit-skjölin á sunnudag. Þeir segja betri samning ekki mögulegan fyrir Breta. Jeremy Hunt, utanríkisráðherra Bretlands, sagði að stærðfræðin á breska þinginu væri afar erfið og flókin. Hann sagði að ekkert væri hægt að útiloka ef Theresa May forsætisráðherra nær ekki meirihlutafylgi við samninginn. Ríkisstjórnin gæti fallið. Fjölmiðlar segja að May þurfi að snúa 85 þingmönnum ef þingið eigi að samþykkja samninginn. Samkvæmt Bloomberg má reikna með að um 150 þingmenn Íhaldsflokksins séu skuldbundnir til að greiða atkvæði með May vegna þess að þeir gegna starfi innan framkvæmdavaldsins. Þá eru um 85 þingmenn Íhaldsflokksins til viðbótar taldir áreiðanlegir. May hefur sum sé um 235 atkvæði.

## Vill úttekt á Íslandspósti

Undanfarin ár hefur Íslandspóstur tapað hundruðum milljóna á lánveitingum til dótturfélaga. Samtímis hefur fyrirtækið lagt milljarða í fjárfestingar í tengslum við samkeppnisrekstur sinn. Framkvæmdastjóri Félags atvinnurekenda telur nauðsynlegt að unnin verði óháð úttekt á því hvernig samkeppnisrekstri Íslandspósts ohf. (ÍSP) hefur verið háttað.

**Íslandspóstur tapaði minnst 408 milljónum vegna alþjónustusamkeppni innanlands. PFS hafnaði tölum Póstsins um alþjónustubyrði en fyrirtækið lagði þær samt fyrir fjárlaganefnd.**

Fyrir Alþingi liggur beiðni Íslandspósts um 1,5 milljarða neyðarlán. Fyrir aðra umræðu um fjárlög lagði meirihluti fjárlaganefndar til að heimild til lánveitingarinnar yrði veitt en sú tillaga var dregin til baka áður en til atkvæðagreiðslu kom. Fyrir þriðju umræðu er til skoðunar hvort rétt sé að setja skilyrði fyrir lánveitingunni.

# Carlsen sýndi umheiminum að hann er enn sá besti

**SKÁK** Magnus Carlsen varði heimsmeistaratitil sinn í skák í gær þegar hann sýndi og sannaði yfirburði sína í atskákum gegn áskoranda sínum, hinum bandarísk-ítalska Fabiano Caruana. Norðmaðurinn vann allar þrjár atskákirnar í bráðabananum eftir að fyrstu tólf kappskákir þeirra höfðu endað með jafntefli.

Í fyrstu atskákinni kom upp hróksendatafl þar sem Carlsen var peði yfir. Hann sigldi því endatafli heim og tók strax forystu í bráðabananum sem verður að teljast sálfræðilega sterkt.

Í þeirri næstu lék Caruana tveimur ónákvæmum leikjum í miðtaflinu sem Carlsen nýtti sér. Þriðja skákin var síðan formsatriði þar sem Caruana átti lítinn séns eftir byrjunina. Örvæntingartilraunir hans til að knýja fram sigur í þeirri skák komu Carlsen ekki úr jafnvægi og vann hann því þriðju skákina örugglega.




Carlsen varði heimsmeistaratitil sinn. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

„Þessi bráðabani var kannski í takt við einvígið sjálft, varð aldrei spennandi," segir Björn Þorfinnsson skákmeistari. „Carlsen sýndi í þessum atskákum að hann er einfaldlega besti skákmaðurinn í dag og ekki hægt að velkjast í vafa um það."

Keppendum hafði verið legið á hálsi fyrir kappskákir þeirra. Allar tólf enduðu með jafntefli og voru ekki mikið fyrir augað. Var greinilegt að takmark þeirra var ekki að skemmta áhorfendum.

Í tólftu og síðustu kappskákinni, áður en til bráðabanans kom, hafði Magnus Carlsen betri stöðu þegar samið var um jafntefli. Margir skákáhugamenn töldu að þar hefði Magnus átt að þrýsta meira á áskoranda sinn og reyna að tefla til vinnings. Simen Agdestein, norskur stórmeistari og fyrrverandi þjálfari Carlsens, svaraði þessari gagnrýni í viðtali við norska ríkisútvarpið. Taldi hann Magnus hafa tekið þaulreiknaða ákvörðun um að bjóða jafntefli því hann hefði meira vald yfir framvindu í fjórum atskákum.

**Norðmaðurinn vann allar þrjár atskákirnar í bráðabananum eftir að fyrstu tólf kappskákir þeirra höfðu endað með jafntefli.**

Magnus Carlsen, sem fæddur er árið 1990, heldur því enn tign sinni sem heimsmeistari sem hann vann fyrst árið 2013 í einvígi gegn Viswanathan Anand sem haldið var í Indlandi. Hann varði titilinn ári seinna gegn Anand í Sotsjí í Rússlandi og sigraði svo Sergej Karjakín eftir bráðabana í New York árið 2016. – sa

SAMSUNG




Samsung QLED is Quantum dot based TV

# QLED 8K

## Fullkominn veruleiki

### Quantum örgjörvi / 8K AI stigmögnun

Aðalsmerki Samsung QLED 8K er nýr örgjörvi, Quantum örgjörvi 8K. Háþróuð gervigreind (AI) sem er undirstaða stigmögnunartækni sjónvarpsins þýðir að tækið getur ekki aðeins sýnt UHD 8K efni - það getur búið það til sjálft. Samsung QLED 8K sjónvarpið getur sem sagt, tekið algengt UHD 4K efni, eða minni upplausn, og skalað það upp svo það fyllir allan stóra 8K skjáinn með frábærri mynd.
Þar fyrir utan er tækið stöðugt að læra og bætir sig markvisst eftir því sem horft er meira á það.

ORMSSON

SAMSUNG
SETRIÐ
LÁGMÚLA 8 - 530 2800

Opnunartímar:
Virka daga kl. 10-18
Laugardaga kl. 11-15

ormsson

# FRÉTTABLAÐIÐ SKOÐUN

## Að velja stríð



Hörður Ægisson
hordur@frettabladid.is

Þetta ætlar að reynast erfiðari vetur en jafnvel svartsýnustu menn höfðu óttast. Óþarfi er að fjölyrða um þá alvarlegu stöðu sem flugfélagið WOW air stendur frammi fyrir. Viðræður um kaup Icelandair á öllu hlutafé WOW air hanga á bláþræði og ljóst er að allt þarf að ganga upp á næstu dögum svo samruni félaganna gangi eftir. Verði niðurstaðan á annan veg þarf þarf ekki að spyrja að leikslokum. Við þær aðstæður hljóta íslensk stjórnvöld að skoða allar mögulegar leiðir sem þeim eru færar til að lágmarka áfallið fyrir íslenskt efnahagslíf stöðvist rekstur WOW air. Sviðsmyndagreiningar stjórnvalda hafa sýnt að afleiðingarnar gætu meðal annars orðið allt að þriggja prósenta samdráttur í landsframleiðslu og þrettán prósenta gengisveiking krónunnar. Hætt er hins vegar við því að þær spár séu helst til of bjartsýnar og að höggið verði umtalsvert meira.

Eftir fordæmalaust góðæri síðustu ára, þar sem kaupmáttur jókst um fjórðung frá 2014, er þetta sá efnahagslegi veruleiki sem við blasir. Hratt versnandi gengi flugfélaganna, mikilvægustu fyrirtækja ferðaþjónustunnar sem er orðin burðarás hagkerfisins, er birtingarmynd þverrandi samkeppnishæfni Íslands. Gríðarmiklar nafnlaunahækkanir og hátt raungengi hefur valdið því að launakostnaður fyrirtækja hefur hækkað margfalt meira en þekkist í nágrannaríkjum okkar. Sökum þessa hefur Seðlabankinn bent á að „samningsstaða launafólks kann því að hafa veikst á sama tíma og svigrúm fyrirtækja til að taka á sig launahækkanir hefur minnkað“. Með öðrum orðum þá er minna til skiptanna nú þegar gengið er til kjarasamninga á vinnumarkaði en oft áður. Þetta vita auðvitað flestir.

Ný forysta verkalýðshreyfingarinnar skeytir hins vegar lítið um þær staðreyndir sem aðrar. Sjaldan hefur það komið eins skýrt í ljós og þegar fulltrúar ASÍ, VR og Eflingar mættu í fréttaskýringarþáttinn Kveik í vikunni þar sem þeir boðuðu, svo fátt eitt sé nefnt, stríð – stéttastríð, réttarasagt – og áform um að ásælast lögbundinn lífeyrissparnað landsmanna til að nota sem vopn í verkfallsbaráttu sem er drifin áfram af marxisma og lýðskrumi. Formaður VR, sem setur það ekki fyrir sig að brjóta reglur um óhæði stjórnarmanna, vill í því skyni að verkalýðshreyfingin þrýsti á fulltrúa sína í stjórnum lífeyrissjóðanna til að „skrúfa“ fyrir fjárfestingar sjóðanna. FME sá í kjölfarið ástæðu til að vekja athygli á því að þær hugmyndir samræmdust ekki lögum um lífeyrissjóði. Þá eru að mati formanns Eflingar hér „efnahagslegir forréttindahópar“ sem borga ekki eðlilega til samneyslunnar enda þótt staðreyndin sé sú að tvær efstu tekjutíundirnar standa undir um 60 prósentum af allri skattbyrði einstaklinga og þá er hlutur þeirra tíu prósent tekjuhæstu af heildarráðstöfunartekjum nokkuð lægri en á hinum Norðurlöndunum.

Slíkar hagtölur eru hins vegar einfaldlega afgreiddar sem blekkingar. Allt er þetta með miklum ólíkindum og boðar ekki gott í þeim kjaraviðræðum sem nú eru hafnar. Leiðtogar stéttarfélaganna virðast ekki endilega hafa það markmið að leiðarljósi að ná fram kjarasamningum, sem myndu tryggja launafólki raunverulegar kjarabætur, heldur fremur að sækjast eftir átökum og verkföllum í einhverjum óskilgreindum pólitískum tilgangi. Ef það er rétt sem verkalýðshreyfingin heldur fram, að hún eigi í stríði, þá er að minnsta kosti ljóst hverjir hafa tekið þá að sér að vera efnahagslegu hryðjuverkamennirnir í því stríði.

**Slíkar hagtölur eru hins vegar einfaldlega afgreiddar sem blekkingar.**

ALUPROF GEZE



Bjóðum upp á sjálfvirkan hurðaopnunarbúnað, hurðir og gluggakerfi ásamt uppsetningu og viðhaldi á búnaði.

Áratuga reynsla.

JÁRN & GLER

Járn & Gler ehf. • Skútuvogur 1h. Barkarvogsmegin
104 Reykjavík • S. 58 58 900 • www.jarngler.is

## Halldór




## Frá degi til dags

**Eineltisþingið**

**DV og Stundin birtu í gær fréttir upp úr leyniupptöku af fundi þingmanna Miðflokksins og Flokks fólksins. Orðfæri Gunnars Braga Sveinssonar og Bergþórs Ólasonar var, svo vægt sé til orða tekið, fyrir neðan allar hellur. Fyrrverandi utanríkisráðherra lýðveldisins staðfesti samtryggingarkerfi stjórnmálanna og fór svo, eins og sönnum unnanda íslenskra landbúnaðarafurða sæmir, að tala um smjör. Bergþór Ólason ákvað svo að sýna fólki að hann hefur ekki farið í gegnum Olweusarverkefnið. Á sama tíma gagga þessir páfuglar í pontu Alþingis og heimta að lýðurinn sýni þinginu og stjórnmálunum meira traust.**

**Fjölmiðlum að kenna**

**Ekki er langt síðan þingmaður VG taldi fjölmiðla ástæðu þess að traust á stjórnmálum væri svo lítið. Það væru fjölmiðlar sem þvældust fyrir, sneru út úr orðum þingmanna, ræktu fleyg milli þings og þjóðar. En það verður að segjast að ef íslenskir stjórnmálamenn brúka svona kjaft dagsdaglega á meðan enginn heyrir til þeirra, og tala svona um andstæðinga sína í þinginu, þá hafa þeir sýnt að traustið eiga þeir ekki skilið. Það þarf að lesa yfir þessu fólki í föðurlegum tón, og segja því að hætta að brúka kjaft.**

sveinn@frettabladid.is

## Samvinnan styrkir fullveldið



Guðlaugur Þór Þórðarson
utanríkisráðherra

Saga íslenskrar utanríkisþjónustu er samofin sögu fullveldisins. Þótt dönsk stjórnvöld hafi annast framkvæmd vissra utanríkismála til 1940 fylgdi fullveldinu forræði yfir málaflokknum. Íslendingar opnuðu sitt fyrsta sendiráð í Kaupmannahöfn árið 1920. Á millistríðsárunum störfuðu íslenskir viðskiptaerindrekar erlendis og viðskiptasamningar við önnur ríki litu dagsins ljós. Ísland varð nú sjálft að leita markaða fyrir framleiðsluvörur sínar og afla nauðsynja.

Við stofnun lýðveldisins voru íslensk stjórnvöld ákveðin í að taka þátt í þeirri almennu ríkjasamvinnu sem varð að veruleika í kjölfar seinna stríðs. Ísland varð ekki aðili að Sameinuðu þjóðunum fyrr en ári eftir stofnun þeirra því það neitaði að segja Þýskalandi stríð á hendur. Með stofnaðild sinni að Evrópuráðinu og Atlantshafsbandalaginu kaus Ísland að tilheyra hópi lýðræðisríkja Evrópu og Norður-Ameríku. Ísland leggur sitt af mörkum í þessari samvinnu, dæmi um það er aðildin að mannréttindaráði Sameinuðu þjóðanna, sem er ein mesta ábyrgðarstaða sem Ísland hefur gegnt á alþjóðavettvangi.

Þátttaka okkar í alþjóðlegu samstarfi hefur ávallt verið á grundvelli fullveldis og frjáls viðskipti hafa varðað veginn frá upphafi. Það var fullvalda ríkið Ísland sem árið 1970 gekk í EFTA og við það opnuðust ný tækifæri fyrir íslensk fyrirtæki á erlendum mörkuðum og verndartollar féllu niður. EES-samningurinn frá 1993 myndaði svo brú frá Íslandi yfir á innri markað ESB. Evrópusamstarfið og aðild okkar að EES hefur reynst okkur afar farsæl og tryggt hagsmuni íslenskra fyrirtækja og borgara.

Alþjóðleg samvinna og virk hagsmunagæsla stuðla að því að lífskjör og tækifæri hérlendis verði áfram með því sem besta sem gerist í heiminum. Við þetta má svo bæta virðingu fyrir þjóðarrétti, sem skiptir minni ríki miklu máli við að gæta hagsmuna sinna gagnvart hinum stóru. Síðast en ekki síst felur þessi alþjóðlega samvinna í sér viðurkenningu erlendra ríkja á að Ísland sé frjálst og fullvalda ríki. Þannig má segja að alþjóðasamstarfið og fullveldið styðji hvort við annað.

**Evrópusamstarfið og aðild okkar að EES hefur reynst okkur afar farsæl og tryggt hagsmuni íslenskra fyrirtækja og borgara.**

FRÉTTABLAÐIÐ **ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR**: Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**RITSTJÓRAR:** Kjartan Hreinn Njálsson *kjartanh@frettabladid.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is*, **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **FRÉTTABLAÐIÐ.IS:** Sunna Karen Sigurþórsdóttir *sunnak@frettabladid.is.*
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is*
**MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Ísland var Afríka

Í DAG



Þorvaldur Gylfason

Reykjavík—Kaupmáttur landsframleiðslu á mann á Íslandi fullveldisárið 1918 var svipaður og hann er nú í Gönu. Alla 20. öldina notuðu Íslendingar til að rífa sig upp úr fátækt fyrri tíðar. Það tókst. Getur Afríka lyft sama Grettistaki á 21. öldinni og Íslendingar lyftu á 20. öld? Hvað þarf til að svo megi verða?

**Viðskilnaður nýlenduveldanna**
Þegar Afríkulöndin tóku sér sjálfstæði hvert á eftir öðru árin um og eftir 1960 var staða þeirra veik þar eð nýlenduherrarnir höfðu vanrækt þau og rænt. Þegar Kongó lýsti yfir sjálfstæði 1960 sat aðeins eitt af hverjum tíu börnum á grunnskólaaldri á skólabekk og það bara í tvö ár. Meðal innfæddra var enginn læknir, enginn lögfræðingur, enginn framhaldsskólakennari. Slíkur var viðskilnaður Belga þegar þeir hurfu frá landinu. Áður en Portúgalar hrökkluðust frá Mósambík 1975 skildu þeir eftir sig sviðna jörð og fylltu jafnvel vatnslagnir heimamanna með fljótandi steypu. Mörg lönd álfunnar þurftu í reyndinni að hefja nýtt líf á eigin spýtur líkt og þau hefðu verið jöfnuð við jörðu í stríði eins og t.d. Japan og Þýzkaland 1945 og ríkin tvö á Kóreuskaga 1953.

**Fjárfesting, menntun og viðskipti**
Og hvað er þá mest um vert þegar svo illa stendur á? Í fyrsta lagi frjáls markaðsbúskapur undir heilbrigðu eftirliti almannavaldsins, frelsi með ábyrgð. Þessari leið höfnuðu margar Afríkuþjóðir líkt og Indverjar gerðu að fengnu sjálfstæði 1947. Sumar þessara þjóða töldu vænlegt að sækja fyrirmyndir til Sovétríkjanna frekar en til vesturveldanna. Eftir 1991 þegar Sovétríkin hrundu fölnaði sú fyrirmynd. Í annan stað þarf að efla fjárfestingu til að reisa verksmiðjur og útvega vélar og tæki. Þá þarf í þriðja lagi að leggja rækt við menntun til að byggja upp mannauðinn og orkuna sem býr í fólkinu. Loks þarf að efla bæði innanlands- og millilandaviðskipti til að öðlast aðgang að stærri markaði og nýta staðhætti sem bezt ásamt þeirri sérhæfingu sem þeir bjóða upp á. Allt þetta hefur tekizt sæmilega í Afríku á heildina litið þótt hægt hafi gengið.

Stærri skammtar – meiri og betri fjárfesting, fleiri og fjölbreyttari skólar og blómlegri viðskipti – hefðu trúlega gefizt enn betur, en til þess skorti bæði fé og annað. Iðnríkin lokuðu lengi búvörumörkuðum sínum fyrir afrískum bændum en þau sáu sig síðar um hönd og opnuðu fátækustu löndunum aðgang. Afríkumenn sjálfir hafa vanrækt eflingu viðskipta innan álfunnar og haldið í lamandi viðskiptahindranir. Fyrirhuguðu Afríkusambandi hvenær sem af því verður er ætlað að ryðja slíkum hindrunum úr vegi að evrópskri fyrirmynd. Sameiginlegur gjaldmiðill Afríkulandanna á að heita afro.

**Raflýsing, lestur og lýðræði**
Þetta er samt ekki allt. Rafvæðing Afríku er enn skammt á veg komin eins og hún var hér heima þegar Halldór Laxness birti greinaflokk sinn „Raflýsing sveitanna“ í Alþýðublaðinu 1927. Aðeins sjötti hver Afríkubúi hafði aðgang að rafmagni 1990 borið saman við yfir 70% jarðarbúa á heildina litið. Ástandið hafði skánað 2016 þegar 43% Afríkubúa höfðu náð að tengjast rafmagni, en þá var heimsmeðaltalið komið upp í 86%. Rafvæðing er auk annars forsenda loftkælingar heimila og fyrirtækja. Loftkæling í heitum löndum er forsenda eðlilegra vinnuafkasta og vellíðanar eins og t.d. Bandaríkjamenn þekkja vel frá þeim tíma þegar Halldór Laxness mælti fyrir raflýsingu íslenzkra sveita. Þarna eiga Afríkumenn sjálfir hæg heimatök þar eð Kongófljótið, eitt mesta fljót heimsins, býr yfir sjöttungi alls virkjanlegs vatnsafls í heiminum. Virkjun þess er skammt á veg komin. Hún mun ef allt gengur að óskum duga til að rafvæða alla álfuna og vel það.

Eitt höfðum við sem Afríku sárvantar enn. Þriðjungur fullorðinna Afríkubúa er enn ólæs. Íslendingar voru flestir læsir frá miðri 18. öld þrátt fyrir nístandi fátækt og voru að því leyti vel búnir undir heimastjórn 1904 og fullveldi 1918. Fjöldi útgefinna bóka á íslenzku jókst úr 1,6 á hverja þúsund íbúa 1906 í sex bækur á hverja þúsund íbúa um aldamótin síðustu en þeim hefur síðan þá fækkað í 4,5. Donald Trump er sagður vera fyrsti forseti Bandaríkjanna sem les ekki bækur.

Afríku liggur á að allir þar læri að lesa. Fjórði hver Afríkubúi að aldrinum 15-24ra ára er enn ólæs á móti ellefta hverjum jarðarbúa í sama aldursflokki. Enn vantar Afríku herzlumuninn. Þetta hefst, held ég. Til þess þarf lýðræði og virðingu fyrir mannréttindum auk annars. Meira næst.


Tékk KRISTALL

AFSLÁTTARDAGAR
29. NÓV – 3. DES

-20%
ÖLL SÖFNUNAR STELL - GLÖS - HNÍFAPÖR







iittala
-20%







SYLVIA SILFUR MATARSTELL
20% AFSLÁTTUR



SATIN RÚMFÖT
VERÐ FRÁ KR.6.995



HNÍFAPARATÖSKUR F/12 M/FYLGIH.
FRÁ KR.24.995



TARÍNUR M/HITARA&AUSU
NÚ AÐEINS KR.10.435



IVV PRIMULA VASAR,
MARGIR LITIR 10% AFSL



OPERA KARAFLA + 6 GLÖS
AÐEINS KR.7.995



ÍTALSKIR SPEGLAR
30-35% AFSL

ÝMIS ÖNNUR TILBOÐ Í GANGI

OPNUNARTÍMI
MÁN – FÖS KL.11:00 – 18:00
LAUGARDAG KL.11:00 – 17:00
SUNNUD. FRÁ KL.13:00 – 17:00

ÞAÐ ER STUTT TIL JÓLA
NÝTTU TÆKIFÆRIÐ

Tékk KRISTALL
Laugavegi 178 - Sími 568 9955

Afsláttur gildir ekki af öðrum tilboðsvörum.

# Megum ekki hika í sóknarleiknum

**Craig Pedersen á von á erfiðum leik gegn Belgum í dag þar sem þeir mæta með sitt sterkasta lið til leiks. Leikmenn verða að vera tilbúnir að taka af skarið í sókninni.**



Elvar Friðriksson er einn þeirra sem koma til greina til að leysa stöðu leikstjórnandans í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR

**KÖRFUBOLTI** Íslenska karlalandsliðið í körfubolta mætir Belgíu í Laugardalshöll klukkan 19.45 í kvöld. Er þetta annar leikur Íslands í undankeppni EuroBasket 2021 en fyrsti heimaleikurinn. Ísland er með eitt stig eftir naumt tap gegn Portúgal ytra í september. Tap í þessum leik myndi þýða að Ísland ætti í erfiðleikum með að komast upp úr riðlinum en ætti enn von um að komast á þriðja Evrópumótið í röð.

Þessi lið kannast vel hvort við annað enda í fimmta sinn sem liðin mætast á síðustu fjórum árum undir stjórn Craigs Pedersen. Í aðdraganda Eurobasket 2015 mættust liðin í æfingarleik þar sem Ísland tapaði með fjörutíu stigum sem er stærsta tap liðsins undir stjórn núverandi þjálfarateymis.

Í undankeppninni fyrir EuroBasket 2017 vann Belgía leik liðanna ytra en Ísland vann lokaleik riðilsins í Laugardalshöll sem tryggði liðinu sæti í úrslitakeppninni. Í aðdraganda EM mættust liðin svo tvívegis í æfingarleikjum hér á Íslandi þar sem Ísland vann báða leikina.

Þjálfari íslenska liðsins, Craig Pedersen, virðist nokkuð brattur þegar Fréttablaðið nær tali af honum á æfingu landsliðsins.

„Við þurfum að spila vel á báðum endum vallarins í dag. Belgarnir eru að koma með mun sterkara lið í þennan leik heldur en þegar þeir mættu Portúgal. Þeir fá inn þrjá leikmenn sem eru að spila í Euroleague og þekkja það vel að spila stóra leiki. Við þurfum að vera tilbúnir að aðlagast því hvernig þeir spila því þeir munu spila öðruvísi í þessum leik."

> **Ég minnti leikmenn á að ef tækifæri gefast þá verða þeir að taka skotin. Þeir mega ekki vera hræddir.**
>
> Craig Pedersen



Jón Arnór Stefánsson og Haukur Helgi Pálsson eru komnir aftur.

„Við njótum góðs af því að fá Jón Arnór og Hauk Helga inn í þennan leik, þeir eru reynslumiklir leikmenn sem þekkja vel leiki af þessari stærðargráðu," segir Craig sem tekur því fagnandi að sjá Hauk spila í einu af stærstu liðum Frakklands.

„Hann er í liði þar sem hann þarf ekki alltaf að vera stigahæstur en íslenska landsliðið nýtur góðs af því að hann er kominn í þetta sterka lið."

Craig virðist leggja áherslu á að leikmenn séu óhræddir og tilbúnir að taka við keflinu í fjarveru Martins Hermannssonar.

„Við munum augljóslega sakna Martins, hann er að spila á hæsta getustiginu með Alba Berlin og aðrir leikmenn þurfa að stíga upp. Við munum leitast við að finna lausnir og ég hef minnt leikmenn á að ef tækifæri gefast þá verða þeir að taka skotin. Ekki vera hræddir," segir Craig og heldur áfram:

„Við getum ekki haft leikmenn sem leita alltaf eftir því að gefa boltann í opnum færum í stað þess að taka frumkvæðið, hvort sem um ræðir að skjóta eða keyra inn á körfu. Þá komast Belgarnir upp með að slaka á dekkuninni en sem betur fer geta allir okkar leikmenn tekið af skarið."

Takist Belgum að vinna eru þeir komnir í lykilstöðu í riðlinum.

„Allir leikmennirnir vita hversu mikilvægir þessir leikir eru, ef Belgar vinna þennan leik eru þeir komnir langleiðina með að vinna riðilinn." kristinnpall@frettabladid.is

## Nýjast

### Olís-deild karla

**Grótta - Selfoss 23-24**

**Markahæstir:** Magnús Öder Einarsson 6, Leonharð Harðarson 3 - Árni Steinn Steinþórsson 6/1, Elvar Örn Jónsson 6.

### Domino's-deild kvenna

**KR - Valur 82-79**

**Stigahæstar:** Orla O'Reilly 29, Kiana Johnson 20, Ástrós Lena Ægisdóttir 16 - Helena Sverrisdóttir 29, Heather Butler 15.

**Haukar - Breiðablik 80-63**

**Stigahæstar:** Þóra Kristín Jónsdóttir 23, Eva Margrét Kristjánsdóttir 15, LeLe Hardy 13 - Kelly Faris 18, Sóllilja Bjarnadóttir 15.

### Meistaradeild Evrópu

**A-riðill**

**Atl. Madrid - Monaco 2-0**

**Dortmund - Club Brugge 0-0**

**Staðan:** Atl. Madrid 12, Dortmund 10, Club Brugge 5, Monaco 1.

**B-riðill**

**PSV - Barcelona 1-2**

**Tottenham - Inter 1-0**

1-0 Christian Eriksen (80.).

**Staðan:** Barcelona 13, Tottenham 7, Inter 7, PSV 1.

**C-riðill**

**PSG - Liverpool 2-1**

1-0 Juan Bernat (13.), 2-0 Neymar (37.), 2-1 James Milner, víti (45+1.).

**Napoli - Rauða stjarnan 3-1**

**Staðan:** Napoli 9, PSG 8, Liverpool 6, Rauða stjarnan 4.

**D-riðill**

**Lokomotiv - Galatasaray 2-0**

**Porto - Schalke 3-1**

**Staðan:** Porto 13, Schalke 8, Galatasary 4, Lokomotiv 3.



Fólk

FIMMTUDAGUR 29. NÓVEMBER 2018

Lífsstíll



**Fallegir jólakjólar eru alltaf vinsælir. Hins vegar virðast sparilegir samfestingar vera meira í tísku um þessar mundir. Samfestingar geta verið sparilegir þegar farið er á jólahlaðborð.** →6



Á þriðjudag var haldin rýmingaræfing í Norðurturni við Smáralind en hún er liður í Eldvarnaátaki LSS. Hermann fylgdist grannt með gangi mála. MYND/STEFÁN

# Reykskynjari dýrmætasta gjöfin

Eldvarnaátak Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna stendur nú sem hæst, en því var hleypt af stokkunum á dögunum. Markmið þess er að stuðla að því að lágmarkseldvarnir séu á hverju heimili og koma þannig í veg fyrir ótímabær slys og dauðsföll. Nýleg dæmi um eldsvoða á höfuðborgarsvæðinu sýna að sífellt er þörf á að minna á eldvarnir. →2

*Skötuveisla!*

*7.-23. desember*



*Afslátttur fyrir hópa.*
*Pantanir í síma*
*517 3131 eða 696 5900*

SJÁVARBARINN
SEAFOOD RESTAURANT
Sjávarbarinn – Grandagarði 9 – sjavarbarinn.is



Slökkviliðsmenn mæta í alla þriðju bekki landsins um þetta leyti ár hvert og gera börnum grein fyrir aukinni eldhættu á aðventunni vegna mikillar notkunar kerta- og rafmagnsljósa. Þeir brýna fyrir þeim mikilvægi þess að nauðsynlegur eldvarnabúnaður sé á hverju heimili og minna á neyðarnúmerið 112. Hér sýnir slökkviliðsmaður nemendum Lækjarskóla réttu handtökin við að slökkva eld.

Að sögn Hermanns Sigurðssonar, framkvæmdastjóra Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna (LSS), hefur átakið fyrir löngu sannað gildi sitt en samkvæmt nýjustu könnun Gallup sem gerð er fyrir LSS og Eldvarnabandalagið á tveggja ára fresti hefur mikið áunnist í eldvörnum undanfarin ár. „Má þar nefna að heimilum með fjóra reykskynjara eða fleiri hefur fjölgað úr 21,5 prósentum árið 2006 í 33,3 prósent nú. Það eru um 74 prósent heimila með slökkvitæki en það hlutfall hefur aldrei mælst hærra,“ segir Hermann.

## Skólaheimsóknir skila sér

Einn veigamesti þáttur Eldvarnaátaksins ár hvert er að slökkviliðsmenn standa fyrir samræmdri eldvarnafræðslu í þriðja bekk allra grunnskóla landsins. Þá fá nemendur að heyra ævintýrið um Brennu-Varg og kynnast sögupersónunum Loga og Glóð. Þeir fá sömuleiðis að ræða við slökkviliðsmenn og skoða ýmiss konar búnað sem þeir hafa meðferðis.

Að sögn Hermanns hefur um fjórðungur þjóðarinnar nú fengið umrædda fræðslu en hugmyndin er að komandi kynslóðir verði meðvitaðar um nauðsynlegar eldvarnir. „Þau fá líka upplýsingabækling Eldvarnabandalagsins til að fara með heim til foreldra sinna þar sem fjallað er um nauðsynlegan eldvarnabúnað sem telur reykskynjara, slökkvitæki og eldvarnateppi,“ segir Hermann, en samkvæmt könnun Gallup eru þessar grunnforvarnir til staðar á um helmingi heimila í dag. „Ef eldvörnum er ábótavant eru mörg dæmi um að foreldrar ráði bót á því eftir skólafræðslu barnanna.“



## Viðbragðstíminn styttri

Hermann segir þó alltaf þörf á að minna á eldvarnir eins og nýleg dæmi um eldsvoða á höfuðborgarsvæðinu sýna. Þá kemur fram í könnun Gallup að á 24 prósentum heimila er enginn eða aðeins einn reykskynjari. „Í dag leggjum við áherslu á að fólk sé með reykskynjara í hverju rými en á því er einföld skýring. Fyrir um 20-30 árum var talað um að viðbragðstími fólks til að koma sér út úr brennandi húsi væri 14 til 15 mínútur frá því að reykskynjari fór í gang. Í dag eru þetta aðeins 2-3 mínútur en ástæðan er sú að húsgögnin áður fyrr voru í meira mæli gegnheil. Í dag eru þau hins vegar mörg hver plasthúðuð og spónlögð sem gerir þau loftkennd og eykur eldinn til muna. Auk þess hefur eldhætta aukist með vaxandi notkun spjalda og snjallsíma, ekki síst í herbergjum barna og ungmenna,“ útskýrir Hermann. Það er því nauðsynlegt að fólk verði vart við eld sem allra fyrst, enda tíminn til að bregðast við naumur.

## Lakar eldvarnir hjá 25-34 ára

Hermann segir nýja könnun Gallup líka varpa ljósi á að ungt fólk býr við lakari eldvarnir en aðrir og er það áhyggjuefni. „Fólk á aldrinum 25-34 ára stendur öðrum langt að baki þegar kemur að eldvörnum, hvort sem litið er til fjölda reykskynjara eða slökkvibúnaðar. Tíu prósent svarenda á aldrinum 25-34 ára hafa engan reykskynjara og önnur 24 prósent aðeins einn, en hlutfall þeirra sem hafa engan reykskynjara er mun lægra í öðrum aldurshópum, eða allt niður í þrjú prósent. Sömu sögu er að segja þegar litið er til slökkvitækja og eldvarnateppa á heimilum. Fólk á aldrinum 25-34 ára er mun ólíklegra til að hafa slíkan búnað á heimilinu en aðrir. Þannig segjast aðeins 49 prósent unga fólksins eiga eldvarnateppi en þetta hlutfall er allt að 66 prósent í öðrum aldurshópum og yfir 60 prósent að meðaltali.“ Hermann segir það sláandi að ungt fólk, sem er líklegt til að hafa ung börn á heimilinu, sé sinnulaust gagnvart nauðsynlegum eldvörnum. „Hins vegar sýna kannanir Gallup að fræðsla um eldvarnir skilar sér hægt og bítandi þegar á heildina er litið og ljóst er að stór hluti almennings er mjög meðvitaður um mikilvægi eldvarna á heimilinu. Hermann segir þó liggja fyrir að beina þurfi sjónum að þessum hópi og hvetur til þess að fólk gefi ungu fólki reykskynjara í innflutningsgjöf. „Það gæti jafnvel reynst dýrmætasta gjöfin.“

Við styðjum eldvarnaátak slökkviliðsmanna

EBÍ
HEIMA VELLIR
TM
Mannvirkjastofnun
RioTintoAlcan
112
JAFNLAUNAVOTTUN VR

**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**Útgefandi:** Torg ehf
**Ábyrgðarmaður:** Kristín Þorsteinsdóttir

**Umsjónarmenn efnis:** **Sólveig Gísladóttir,** solveig@frettabladid.is s. 512 5351 | **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 512 5349 **Oddur Freyr Þorsteinsson,** oddurfreyr@frettabladid.is, s. 512 5368 **Brynhildur Björnsdóttir,** brynhildur@frettabladid.is, s. 512 5347 | **Sigríður Inga Sigurðardóttir,** sigriduringa@frettabladid.is, s. 512 5372 | **Starri Freyr Jónsson,** starri@frettabladid.is, s. 512 5358 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is s. 512 5338

**Sölumenn:** **Arnar Magnússon,** arnarm@frettabladid.is, s. 512 5442, **Atli Bergmann,** atli@frettabladid.is, s. 512 5457, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 512 5429,

# GLÆSILEGT ÚRVAL AF SPARIKÁPUM

## úr ull, alpakka og kasmír











hjá Hrafnhildi

Engjateigi 5 // 581 2141 // hjahrafnhildi.is

FYRIR MELTINGUNA & ÞARMAFLÓRUNA



Probi Mage LP299V® hefur sýnt sig hafa góð áhrif gegn iðraólgu. Einkenni iðraólgu geta verið uppþemba, vindgangur, niðurgangur og/eða hægðatregða.

Fæst í apótekum, heilsuverslunum, Hagkaup, Fjarðarkaup og Melabúðinni.

abel heilsuvörur



SMART FÖT, FYRIR SMART KONUR

My Style tískuhús

Stærðir 38-52

Holtasmára 1
201 Kópavogur
(Hjartaverndarhúsið)
Sími 571 5464

JÓLAFÖTIN - HÁTÍÐARFÖTIN



JAKKI MEÐ LUREXÞRÆÐI KR. 12.900.-

VELÚR INNIKÁPA KR. 5.990.- LITIR, SVART, SILFURGRÁTT, BLÁTT

BOLERO PEYSA KR. 4.900.-

Ríta

Við erum á Facebook

Bæjarlind 6 • S. 554 7030



Kristín Þórunn tínir klóþangið í fjörunum í nágrenni Þingeyrar, snyrtir það og þurrkar, og geymir kúlurnar í nokkra mánuði, helst í eitt ár. Næst á dagskrá er að pússa þær, borar í þær lítil göt og raða þeim saman í fallega skartgripi.

# Gullin úr fjörunni

## Kristín Þórunn Helgadóttir frá Þingeyri sækir innblásturinn í náttúruna sem er að hennar sögn besti hönnuðurinn.

Starri Freyr Jónsson
starri@frettabladid.is

Listakonan Kristín Þórunn Helgadóttir hefur alltaf haft mikið dálæti á fjörum landsins og segir allt sem þar má finna vera gull í sínum augum. Hún hafði lengi dáðst að þarakúlum og langaði að útbúa hálsmen og annað skart úr þeim. „Ég byrjaði á að gera hálsmen sem innihélt eina þarakúlu úr klóþangi og skartaði því við ýmis tilefni. Einn daginn hitti ég fyrir tilviljun leikfangasmiðinn George Hollanders sem bauð mér að skoða vinnustofuna sína. Þangað mætti ég með hálsmenið sem hann hreifst mjög af og sagði vera verðlaunahugmynd sem ég ætti endilega að þróa betur.“

### Engin kúla eins

Í dag framleiðir Kristín nokkrar gerðir af hálsmenum, armbönd og eyrnalokka undir vörumerkinu Fjöruperlur. Klóþangið, sem hún nýtir í framleiðsluna, tínir hún í fjörunum í nágrenni Þingeyrar þar sem hún hefur verið búsett undanfarin 39 ár. „Ég snyrti þangið og þurrka það og geymi svo kúlurnar í nokkra mánuði, helst í eitt ár. Næsta skref er að pússa þær og bora og að endingu raða ég þeim saman í fallega skartgripi. Þangið er ýmist grænt eða svart á lit en engir tveir skartgripir eru eins vegna þess að engar tvær þarakúlur eru eins þegar kemur að stærð og blæbrigðum í litum.“

### Afar vel tekið

Skartgripunum hefur alla tíð verið vel tekið segir Kristín. „Á sumrin er ég t.d. með lítið söluhús á höfninni á Ísafirði en þar sel ég fjöruperlurnar til ferðamanna úr skemmtiferðaskipum. Það gleður mig alltaf jafn mikið þegar þau segjast hvergi hafa séð svona áður. Ég fékk líka frumkvöðlaverðlaun Ísafjarðarbæjar árið 2014 og sama ár var ég valin handverksmaður ársins á Handverkssýningu á Hrafnagili.“

### Mikið náttúrubarn

Hún segist vera að mestu leyti sjálfmenntuð í faginu fyrir utan nokkur námskeið í tálgun, teikningu og málun. „Ég vann hjá Landsbankanum í 20 ár eða þar til útibúinu var lokað. Þar sem það er ekki mikið framboð af vinnu hér ákvað ég að reyna að skapa mér vinnu með handverki mínu og hönnun. Síðan þá hef ég að mestu unnið sjálfstætt við framleiðslu þangskartgripanna minna auk þess sem ég hegg út stórar styttur í rekaviði. Ég er mikið náttúrubarn og sæki innblástur minn í náttúruna en hún er besti hönnuðurinn og þar finnast líka fallegustu litirnir.“

Nánari upplýsingar má finna á fjoruperlur.is og á Facebook.



Kristín Þórunn Helgadóttir.



Eyrnalokkarnir koma vel út.





„Engir tveir skartgripir eru eins vegna þess að engar tvær þarakúlur eru eins þegar kemur að stærð og blæbrigðum í litum.“



Þangið er ýmist grænt eða svart á lit.

# Vinsælustu bækurnar í dag í BÓNUS

1. **Stúlkan hjá brúnni**
   Arnaldur Indriðason
2. **Útkall - Þrekvirki í Djúpinu**
   Óttar Sveinsson
3. **Brúðan**
   Yrsa Sigurðardóttir
4. **Hornauga**
   Ásdís Halla Bragadóttir
5. **Siggi sítróna**
   Gunnar Helgason
6. **Þitt eigið tímaferðalag**
   Ævar Þór Benediktsson
7. **Lára fer til læknis**
   Birgitta Haukdal
8. **Beint í ofninn**
   Nanna Rögnvaldsdóttir
9. **Þorpið**
   Ragnar Jónasson
10. **Kaupthinking**
    Þórður Snær Júlíusson




Verð gildir til og með **2. desember** eða meðan birgðir endast

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# NJÓTIÐ HELGARINNAR



10m

**259** kr. 10 m

**Hoomark Jólapappír**
Margar tegundir, 10 m

5m

**498** kr. 5 m

**Koop Gjafapappír**
Silfur/gull, 5 m




**198** kr. pk.

**Maki Servíettur**
33x33 cm, 20 stk.



**259** kr. stk.

**Diskamottur**
Silfur eða gull



**198** kr. stk.

**Diana Kubbakerti**
12x6 cm, rautt eða hvítt.

**259** kr. stk.

**Diana Kubbakerti**
12x7 cm, rautt eða hvítt.

**359** kr. stk.

**Diana Kubbakerti**
18x7 cm, rautt eða hvítt.




1kg

Matarmiklar súpur
**FULLELDAÐAR**
Aðeins að hita

**1.598** kr. 1 kg

**Mexíkósk Kjúklingasúpa,** 1 kg
**Ungversk Gúllassúpa,** 1 kg
**Íslensk Kjötsúpa,** 1 kg

# BÓNUS KAUPAUKI




Egils Kristall 0,5 l
**FYLGIR MEÐ**

**698** kr. pk.

**Bónus Réttur**
Fyrir einn, 3 teg.

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

KJARNAFÆÐI

Norðlenskt
**KOFAREYKT**
hangikjöt












**1.798** kr. kg

**Kjarnafæði Hangilæri**
Kofareykt, með beini

**1.995** kr. kg

**KF Hangiframpartur**
Kofareyktur, úrbeinaður

**2.995** kr. kg

**Kjarnafæði Hangilæri**
Kofareykt, úrbeinað



**1.298** kr. kg

**Stjörnugrís Grísahnakkasneiðar**
Af nýslátruðu

ÚR LÆRI



**998** kr. kg

**Stjörnugrís Bayonneskinka**
Nýreykt, úr læri

STJÖRNU GRÍS

Lúxus
**PÖRUSTEIK**



**1.298** kr. kg

**Stjörnugrís Pörusteik**
Úrbeinuð, af nýslátruðu




**298** kr. 250 g

**Bónus Beikon**
Pressað, 250 g

# SAMA VERÐ
## UM LAND ALLT

# BÓNUS EKKERT BRUÐL

**Opnunartími í Bónus:** Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00
**Bónus Smáratorgi:** Mánudaga-Fimmtudaga; 10:00-19:00 • Föstudaga-Laugardaga; 10:00-19:30 • Sunnudaga; 11:00-18:00

# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS




**159** kr. pk.

**ES Bökunarpappír**
2 teg., 24 arkir eða 10 m rúlla




**95** kr. 1 kg

**Sykur**, 1 kg




**95** kr. 1 kg

**Hveiti**, 1 kg

# LÁGT VERÐ ALLA DAGA

**SKREYTUM** piparkökur




**895** kr. pk.

**Glassúr - 5 litir**
5 x 120 g




**400g**

**295** kr. 400 g

**Bónus Piparkökur**
400 g




**898** kr. 4x2 L

**Egils Appelsín**
Kippa, 4x2 lítrar




**169** kr. 330 ml

**Egils Malt og Appelsín**
Gler, 330 ml



# BÓNUS EKKERT BRUÐL

**Opnunartími í Bónus:** Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00
**Bónus Smáratorgi:** Mánudaga-Fimmtudaga; 10:00-19:00 • Föstudaga-Laugardaga; 10:00-19:30 • Sunnudaga; 11:00-18:00




Aðeins mánuður er eftir af árinu 2018 og því tilvalið að hefja undirbúning fyrir reyklausa framtíð sem hefst um áramótin 2019.

# Fimm þrep að varanlegu reykleysi

**Undirbúðu þig eins vel og þú getur með því að fara í gegnum fimm þrautreynd og gagnleg þrep sem hjálpa þér til velgengni í reykbindindi.**



Hreyfing getur gert kraftaverk þegar strítt er við fráhvarfseinkenni reykinga.

### Skilgreindu hvað það er sem er þér hvatning til að hætta að reykja

Síðustu tíu árin hefur verið erfitt að vera reykingamaður vegna þess að takmörkunum og reykingabanni hefur verið komið á í opinberum byggingum og á vinnustöðum. Hins vegar eru það ekki fyrst og fremst þægindin sem eru þér hvatning til að hætta. Spyrðu þig spurningarinnar: Hvers vegna vil ég gjarnan hætta að reykja? og skrifaðu síðan svarið niður. Ekkert er eins hvetjandi og skýrt markmið og það mun hjálpa þér í reykleysisferlinu að geta tekið fram blaðið til að minna þig á ástæðurnar. Viljir þú gjarnan vera góð fyrirmynd, eða lifa lengur barnanna þinna vegna, skaltu hafa myndir af þeim víða. Viljir þú bæta formið skaltu kaupa flotta hlaupaskó og taka fram kvittunina þegar þú átt erfitt með að halda þér við ákvörðunina um að hætta að reykja.

### Þekktu reykingavenjur þínar

Í fullri hreinskilni: Þú reykir fleiri sígarettur en reykingaþörf þín krefst. Sumar sígarettur veita þér líkamlega fullnægju aðrar reykir þú vegna þess að þér leiðist eða öðrum til samlætis. Þetta þýðir að erfiðara verður að sleppa sumum sígarettum en öðrum. Því betur sem þú gerir þér grein fyrir hverjar þessar erfiðu aðstæður eru sem þú getur lent í, þess meiri líkur eru á að þér takist að höndla þær. Gerðu lista yfir allar þær sígarettur sem þú reykir yfir sólarhringinn og strikaðu yfir þær sem þú átt auðveldast með að vera án. Varðandi þær sem standa eftir þarftu að finna annan máta til að höndla það þegar reykbindindið hefst. Hvað getur dregið úr tilfinningunni sem þú færð þegar þú færð ekki reykinn á ákveðnum tímum? Í byrjun geta fráhvarfseinkennin verið illvíg þannig að þú þarft að hafa reiðubúna skýra áætlun til þess að beina athyglinni að einhverju öðru. Öndunaræfingar, hringja í dóttur eða grínast hressilega við vinnufélagana. Gleymdu ekki að hreyfing getur gert kraftaverk þegar um fráhvarfseinkenni er að ræða. Þú munt smám saman finna að það verður æ auðveldara að stunda hreyfingu eftir því sem reykbindindið hefur varað lengur.

### Nýttu þér þá hjálp sem nauðsynleg er

Reykbindindið þitt er ekki síðra þótt þú nýtir þér hjálp. Fjölskylda og vinir geta tekið þátt í að hvetja þig og halda þér á beinu brautinni en líkamleg þörf mun samt sem áður hrjá þig í byrjun reykbindindisins. Það getur verið skynsamlegt að nota nikótínlyf sem hjálpa til með að hafa hemil á þessari þörf.

**» Í reykleysisferlinu hjálpar að minna sig á ástæðurnar. Viljir þú vera góð fyrirmynd, eða lifa lengur barnanna þinna vegna, skaltu hafa myndir af þeim víða.**

Ef þú ert í vafa um hvað hentar þér og þínu reykingamynstri getur þú fengið hjálp í apóteki til að velja nikótínlyf og styrkleika við hæfi.

### Forðastu hættulegt reykingaumhverfi

Til lengdar gengur auðvitað ekki að halda sér frá því umhverfi sem tengist reykingum. Einhvern tímann kemur að því að þú ferð í veislu eða kaffi til gamalla vina sem reykja og efalaust tengjast margar reykingavenjur félagslífi þínu. Í byrjun er skynsamlegt að halda sig í hæfilegri fjarlægð frá þessum aðstæðum. En ef þú hefur þegar gert áætlun um hvernig þú ætlar að takast á við aðstæður þegar þú er í gamla reykingaumhverfinu þínu ertu betur undir það búinn. Þú getur undirbúið þig með því að segja eins mörgum og mögulegt er frá reykbindindinu. Það mun freista þín að óþörfu að vera boðin sígaretta af fólki sem veit ekki að þú ert hætt/hættur. Hvatning og virðing fyrir ákvörðun þinni mun herða þig upp og hjálpa þér að standa þig betur á vegferðinni.

### Þú átt skilið verðlaun á meðan á ferlinu stendur

Með því að hætta að reykja ertu að takast á við meiri háttar lífsstílsbreytingar. Þú munt hljóta margvíslegan heilsufarslegan ávinning en sjáðu til þess að þú fáir líka áþreifanlega viðurkenningu. Þú getur frá upphafi lagt til hliðar þá peninga sem þú sparar með því að sleppa sígarettukaupunum og notað þá til verðlauna sem munu vera þér hvatning til að halda þínu striki. Þegar þú getur ekki lengur látið þig hlakka til næstu sígarettu getur þú látið þig hlakka til einhvers annars, gjarnan einhvers sem er ekki eins nálægt í tíma og rúmi. Til dæmis að fara út að borða eftir hálfan mánuð eða kaupa nýja tölvu eftir nokkra mánuði. Það mun koma þér á óvart hversu stór fjárhæð hefur gufað upp í reyk.

Þessi grein er kostuð af Artasan. Nicotinell Mint/Fruit/Lakrids/Ice-Mint/Spearmint lyfjatyggigúmmí, Nicotinell Mint munnsogstöflur, Nicotinell forðaplástur. Inniheldur nikótín. Til meðferðar á tóbaksfíkn. Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun lyfsins. Leitið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á www.serlyfjaskra.is.





VERTU REYKLAUS
Í EITT SKIPTI FYRIR ÖLL MEÐ
NICOTINELL

Nicotinell Mint/Fruit/Lakrids/IceMint/Spearmint lyfjatyggigúmmí, Nicotinell Mint munnsogstöflur, Nicotinell forðaplástur. Inniheldur nikótín.
Til meðferðar á tóbaksfíkn. Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun lyfsins. Leitið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á www.serlyfjaskra.is.


Stærðir 38-58
FLOTT FÖT,
FYRIR FLOTTAR KONUR
belladonna
Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460
Verslunin Belladonna

GLAMOUR
Komið í allar helstu verslanir
Íslenskt tískutímarit



# Samfestingar fyrir jólahlaðborðið

Fallegir jólakjólar eru alltaf vinsælir. Hins vegar virðast sparilegir samfestingar vera meira í tísku um þessar mundir. Samfestingar geta verið mjög sparilegir og smart.

Elín Albertsdóttir
elin@frettabladid.is

Mörgum konum finnst betra að vera í buxum en kjól. Þess vegna taka þær samfestingum fagnandi en þeir eru mikið í tísku fyrir þessi jól. Stjörnurnar í Hollywood hafa sýnt sig í samfestingum á hvers kyns uppákomum undanfarið. Samfestingana er hægt að punta með fallegum síðum hálsfestum. Hér á myndunum eru nokkrir samfestingar sem myndu sóma sér vel í hvaða jólaveislu sem er.



Þessi samfestingur er með jakka yfir. Mjög fallegt sett sem sýnt var á tískuviku í Peking fyrir vor- og sumartísku 2019.



Svart er alltaf klæðilegt.



Ótrúlega fallegur litur á þessum samfestingi sem sýndur var á brúðartískusýningu í Barcelona. Myndi henta vel í hvaða veislu sem er.



Blái liturinn er alltaf sigildur. Sparilegur og flottur samfestingur.



Rauður og jólalegur samfestingur.



Glitrandi og sparilegur.

Jólatilboð
20% afsláttur
af öllum stór rækju-, andakjöts-, nautakjöts-, kjúklinga-, og núðluréttum
til 16. desember 2018.
Opið alla daga vikunnar frá kl. 11:00 - 22:00
KINAHOFID
Kínahofið veitingahús | Nýbýlavegi 20 | 200 Kópavogi
www.kinahofid.is | Sími 554 5022

## Húsaviðhald

Smiðir geta bætt sig verkefnum. Uppl. í s. 783 6006

## Nudd

**NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur. Sími 694 7881, Janna.

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**
Tilboð dyrasímakerfi, mynddyrasímar, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

# Keypt & Selt

## Til sölu




Til sölu 12 volta leiðiskrossar með rafgeymi, einnig 24 volta og 32 volta vandaðir díóðuljósakrossar á leiði. JS Ljósasmiðjan ehf Skemmuvegur 34 (brún gata) 200 kóp. S. 554 0661, 897 4996 & 699 2502. Opið virka daga 8-18 og á laugardögum í desember 10-16.

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar
**jonogoskar.is s.552-4910**

# Húsnæði

## Húsnæði í boði

**TIL LEIGU NÝLEGT 165 - 570 FM ATVINNUHÚSNÆÐI Í 116 REYKJAVÍK VERÐ FRÁ KR 990 FM**
165 og 285 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.
**Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000**

## Húsnæði óskast

Vantar gott herbergi eða stúdíóíbúð. Góð umgengni og tryggar greiðslur. Vinsamlega hafið samband á glerfint@gmail.com eða í síma 690 9018

## Atvinnuhúsnæði

**60FM ATVINNUH. Í KÓPAVOGI Á GÓÐUM STAÐ !**
ca. 60fm atvinnuhúsnæði í Kóp. á besta stað, hátt til lofts. Rýmið er inn af öðru verkstæði. Sameiginleg snyrting.
**Uppl. í s. 892 1284**

## Geymsluhúsnæði

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

# Atvinna

## Atvinna í boði

**TRAILERBÍLSTJÓRI OG BÍLSTJÓRI Á 4ÖXLA BÍL ÓSKAST Í VINNU Í RVK**
Mikil vinna framundan og góð laun í boði.
**Frekari uppl í síma: 897-8011**

## Atvinna óskast







## Þjónusta






## Kynning á drögum að tillögu að matsáætlun vegna vindorkugarðs í Garpsdal, Reykhólasveit

Hafið er mat á umhverfisáhrifum á allt að 130 MW vindorkugarði í Garpsdal, Reykhólasveit.
EM Orka er framkvæmdaraðili verksins en mat á umhverfisáhrifum er unnið af Mannviti. Í drögum að tillögu að matsáætlun er fyrirhugaðri framkvæmd lýst og fjallað umþá umhverfisþætti sem teknir verða fyrir í mati á umhverfisáhrifum. Einnig er greint frá því hvaða gögn eru fyrir hendi og verða nýtt við matið og hvaða athuganir er fyrirhugað að ráðast í sérstaklega í tengslum við mat á umhverfisáhrifum.

Öllum er frjálst að senda inn ábendingar eða athugasemdir bréfleiðis á neðangreint póstfang eða með tölvupósti á netföngin: rr@emp.group og rb@mannvit.is.

*EM Orka*
*Pósthólf 48*
*172 Seltjarnarnesi*

Frestur til að gera athugasemdir er til 14. desember 2018.

**Drög að tillögu að matsáætlun má nálgast á www.emorka.is**




# KYNNINGARFUNDUR SKIPULAGSBREYTING

## Háspennulínur við Hamranes, bráðabirgða færsla.

**Fundur verður haldinn fimmtudaginn 29. nóvember nk. frá kl. 17 – 18:30, að Norðurhellu 2.**

Kynning á tillögu að breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025 í samræmi við 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga 123/2010 og gerir grein fyrir bráðabirgða færslu á háspennulínum við Hamranes. Skipulagsbreytingin er auglýst til 04. 12. 2018, sbr. 31. gr. skipulagslaga 123/2010.

Nánar á **hafnarfjordur.is**

HAFNARFJARÐARBÆR
585 5500
hafnarfjordur.is

HAFNARFJÖRÐUR




**OPIÐ HÚS**
fimmtudag 29.nóv. kl. 17:30 – 18:00



Glæsileg fullbúin íbúð á þriðju hæð
Lyftuhús / Íbúar +60 ára
Sér inngangur af svölum
Fallega innréttuð, steyptar borðplötur
Þvottahús og baðherbergi með glugga
Stutt í þjónustu, verslun og menningu
Yfirbyggðar suðurvestur svalir



Nánari upplýsingar veitir:
**Jórunn Skúladóttir,** lögg. fasteignasali
jorunn@miklaborg.is **sími:** 845 8958

Verð:
**53,0 millj.**

FASTEIGNASALAN **MIKLABORG** **569 7000** Lágmúla 4 **www.miklaborg.is**
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
**- með þér alla leið -**

**HÖFÐI FASTEIGNASALA**

**Suðurlandsbraut 52**
**108 Reykjavík**
**Sími 533 6050**
**Faxnr. 533 6055**
**www.hofdi.is**

## Gullsmári 8 – 201 Kópavogur








**OPIÐ HÚS! Í dag milli kl.17:30 og 18:00**
**FALLEG „PENTHOUSE" ÍBÚÐ Í GLÆSILEGU LYFTUHÚSNÆÐI, ÚTSÝNI OG TVENNAR SVALIR.**
Rúmgóðar stofur, nýlegt opið eldhús og glæsilegt baðherbergi. Íbúðin býður upp á mikla möguleika og hátt er til lofts. Í dag eru tvö stór svefnherbergi. **Sjón er sögu ríkari og verið velkomin í opið hús! – Ekki missa af þessari!**
**Ásett verð 49,8 millj.**

**Allar nánari uppl. veitir**
**Jóhann Friðgeir, lögg.fast.**
**s: 896-3038 eða á johann@hofdi.is**



Jóhann Friðgeir Valdimarsson

# Við finnum rétta einstaklinginn í starfið

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

**Capacent_**

capacent.is

# Atvinnuauglýsingar | Job.is

### Hugbúnaðargerð - mikil tækifæri

intellecta

Erum með áhugaverð störf í boði fyrir öfluga forritara sem hafa náð góðum árangri í starfi. Mikil tækifæri í boði.

**Sjá nánar á www.intellecta.is**

### Félag íslenskra náttúrufræðinga (FÍN)– Sérfræðingur í kjaramálum

capacent

Félag íslenskra náttúrufræðinga (FÍN) óskar eftir að ráða sérfræðing til starfa á sviði vinnumarkaðsmála til að sinna fjölbreyttum verkefnum og þjónustu við félagsmenn félagsins..

**Upplýsingar og umsókn á capacent.com/s/12029**

### Sorpa – Sérfræðingur í gæðamálum

capacent

Sorpa leitar að sérfræðingi í gæða-stjórnun. Leitað er að drífandi einstakl-ingi með góða þekkingu og áhuga á gæða- og umhverfismálum.

**Upplýsingar og umsókn á capacent.com/s/12027**

### KONE - Öflugur tæknimaður

intellecta

KONE ehf. óskar að ráða jákvæðan og þjónustulipran tæknimann sem er tilbúinn að takast á við krefjandi og skemmtilegar áskoranir með góðri liðsheild.

Nánari upplýsingar um starfið veita Ari Eyberg **(ari@intellecta.is)** og Thelma Kristín Kvaran **(Thelma@intellecta.is)**, í síma 511-1225.

Umsóknarfrestur er til og með 3. desember 2018.
**Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is**

### Reikningshald & skattskil ehf– Reyndur bókari

capacent

Reikningshald & skattskil ehf óskar eftir að ráða reyndan bókara til starfa..

**Upplýsingar og umsókn á capacent.com/s/12030**

### Reykjavíkurborg – Við leitum að leiðtoga

capacent

Upplýsingatæknideild Reykjavíkur-borgar auglýsir laust starf leiðtoga í lausnaþjónustu hjá deildinni.

**Upplýsingar og umsókn á capacent.com/s/12028**

**Sjá nánar á job.is**
Sölufulltrúar: Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is 512 5441 | Viðar Ingi Pétursson, vip@frettabladid.is 512 5426



Innilegar þakkir færum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýhug vegna fráfalls

**Jóns R. Hjálmarssonar**

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki hjartadeildar Landspítalans við Hringbraut.

**Guðrún Ó. Hjörleifsdóttir og fjölskylda.**

---



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**Smári Sæmundsson**
Hveragerði 9, Hveragerði,

lést á krabbameinsdeild Landspítalans sunnudaginn 25. nóvember.
Útförin fer fram frá Hveragerðiskirkju föstudaginn 7. desember klukkan 13.

**Guðríður Gísladóttir**
**Brynjólfur Smárason** **Kristín Pétursdóttir**
**Guðmunda Smáradóttir** **Þorsteinn Helgi Steinarsson**
**Sævar Smárason** **Harpa Dís**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Ástkær móðir og tengdamóðir okkar,

**Ellen Lísbet Pálsson**
Mosateigi 7, Akureyri,

lést á dvalarheimilinu Hlíð laugardaginn 24. nóvember 2018.
Útförin fer fram frá Akureyrarkirkju, föstudaginn 30. nóvember kl. 10.30.

Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Hollvinasamtök Sjúkrahússins á Akureyri.

**Sigríður Sverrisdóttir** **Brandur Búi Hermannsson**
**Lárus Sverrisson**
**Inga Björg Sverrisdóttir** **Torfi Ólafur Sverrisson**
**Páll Sverrisson** **Guðbjörg Ingimundardóttir**

---



Elskulegi faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**Ferdinand Róbert Eiríksson**
sjúkraskósmiður,

lést mánudaginn 19. nóvember.
Útför fer fram frá Fríkirkjunni í Hafnarfirði miðvikudaginn 5. desember klukkan 13.
Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir en þeim sem vildu minnast hans er bent á styrktarreikning Lækjarsólarsýn, nr. 0327-13-300562, kt. 690604-3290.

**Guðrún Mjöll Róbertsdóttir** **Arnar Skúlason**
**Rakel Róbertsdóttir** **Gísli R. Sævarsson**
**og barnabörn.**

---




Ástkær móðir okkar og amma,

**Jensa Kitty Petersen**
sem andaðist á LSH sunnudaginn 18. nóv. 2018 og elskulegur bróðir okkar og frændi,

**Þröstur Vilbergsson**
sem andaðist í Hafnarfirði 21. nóv. 2018,

verða jarðsungin frá Fríkirkjunni í Hafnarfirði fimmtudaginn 29. nóvember kl. 13.30.

**Pétur Daníel Vilbergsson**
**Jóna Björg Vilbergsdóttir**
**Soffía Vilbergsdóttir Petersen**
**barnabörn.**

---



**Fjöldi barna og ungmenna leikur í Narníu í Mosfellsbæ en aðalhlutverkin eru í höndum fjögurra barna.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Börn til bjargar landinu

**Í ævintýralandinu Narníu, sem Leikfélag Mosfellsbæjar hefur sett á svið, takast á góð öfl og slæm. Verkið verður sýnt á sunnudögum í vetur. Agnes Wild er leikstjóri.**

Narnía er mikil saga. Ég er að verða þrítug og man eftir að hafa farið á myndina í bíó þegar ég var barn. Bresk klassík sem gerist í seinni heimsstyrjöldinni. Ég las hins vegar aldrei bókina. Hún heitir Ljónið, nornin og skápurinn,“ segir Agnes Wild, leikkona og leikstjóri barnaleikritsins Narníu sem Leikfélag Mosfellsbæjar frumsýndi um síðustu helgi. Hún lýkur miklu lofsorði á búninga og sviðsmynd hjá hönnuðinum Evu Björk Harðardóttur. „Eva er mikill meistari og þarna er hún í essinu sínu,“ segir Agnes og lýsir síðan efni leikritsins:

„Í verkinu er fjallað um fjögur systkini sem búa í London með mömmu sinni en eru send upp í sveit til að flýja stríðið. Enda þar á stóru sveitasetri hjá prófessor, þar sem ekkert skemmtilegt má gera, ekki leika sér, ekki hlæja, ekki neitt. Börnin finna fataskáp og þar birtist þeim nýr heimur, landið Narnía. Í Narníu eru tvær aðalpersónur sem takast á. Það er hvíta nornin sem er vond og er með völdin. Kringum hana er sífelldur vetur og kuldi. En þar er líka ljón sem heitir Atlan og það er gott. Spádómur er til sem segir að einn daginn komi fjögur lítil börn inn í Narníu og þá séu dagar hvítu nornarinnar taldir en hún reynir að ná börnunum og koma í veg fyrir að þau bjargi landinu.“




**Agnesi Wild leiðist ekki að vinna með Leikfélaginu í Mosó.**

Í hópnum sem kemur að sýningunni eru um 30 manns, að sögn Agnesar. „Það eru um 25 á sviðinu að leika,“ segir hún. „Þarna eru ævintýrakarakterar og alls konar fígúrur. Börn og unglingar á aldrinum níu til fimmtán ára eru í mörgum hlutverkum,“ segir Agnes og upplýsir að 490 krakkar hafi komið í prufur í lok ágúst, mörg þeirra úr Mosó.

Enn er leikið í áhaldahúsinu gamla. „Það stóð eitt á túni, nú er búið að byggja blokk þar fyrir framan. Þetta er flott hús og þar er hægt að gera margt,“ lýsir Agnes sem hefur kennt á leiklistarnámskeiðum í Mosfellsbæ í ellefu ár. „Hér er góður hópur í leiklist. Í þessari sýningu er til dæmis ungt fólk sem var með okkur í æsku og kemur nú aftur.“

Agnes er að nokkru leyti alin upp í leikhúsinu í Mosfellsbæ, að eigin sögn. „Mamma tók þátt í sýningum hér þegar ég var lítil og ég reyndar líka. Ég fór svo til London í leiklistarskóla en mér finnst alltaf gaman að fara upp í Mosó og vinna með mínu fólki.“

gun@frettabladid.is

---



Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Alda Sigrún Alexandersdóttir**
frá Tungunesi í Fnjóskadal,

lést á Dvalarheimilinu Hlíð, Akureyri, mánudaginn 16. nóvember.
Útförin fer fram frá Hálskirkju í Fnjóskadal laugardaginn 8. desember klukkan 14.

**Guðrún Stefánsdóttir** **Sigurður M. Sigurðsson**
**Torfhildur Stefánsdóttir**
**Ásta Heiðrún Stefánsdóttir** **Sigurgeir Sigurgeirsson**
**Svala Kristrún Stefánsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Elsku eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, sonur og afi,

**Pétur Gunnarsson**
blaðamaður,
Bólstaðarhlíð 64,

sem lést á líknardeild Landspítalans föstudaginn 23. nóvember, verður jarðsunginn frá Háteigskirkju mánudaginn 3. desember kl. 13.00.

**Anna Margrét Ólafsdóttir**
**Ragnheiður Ásta Pétursdóttir** **Kristján Oddur Sæbjörnsson**
**Anna Lísa Pétursdóttir** **Hannes Pétur Jónsson**
**Pétur Axel Pétursson**
**Ragnheiður Ásta Pétursdóttir**
**barnabörn og aðrir ástvinir.**


SEGJUM NEI
VIÐ ÓÞARFA OG JÁ VIÐ
ÞVÍ SEM SKIPTIR MÁLI
HÚÐOFNÆMI,
NEI TAKK
Neutral
Neutral®
HÚÐOFNÆMI, NEI TAKK

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Fimmtudagur

Norðanátt, 15-25 m/s en 23-30 m/s á sunnanverðu Snæfellsnesi, undir Eyjafjöllum og Vatnajökli. Snjókoma og hríðarveður til fjalla N-, A- og SA-lands en úrkomulítið SV og V til. Hiti 2 til 5 stig við suðurströndina, en frost 0 til 7 stig annars staðar.




## Föstudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 1° | -3° | -1° |
| ↙8 | ↙16 | ↓7 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 1° | 3° | -5° |
| ↓11 | ↙12 | ↙12 |

## Laugardagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| -2° | -4° | -4° |
| ↓5 | ↙10 | ↘8 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| -3° | -2° | -8° |
| ↘11 | ↓15 | ↓10 |

### LÉTT

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 1 | | | 2 | | 5 | | 3 |
| | 2 | | 7 | 3 | | | | |
| | | 9 | | | 5 | | | |
| | | 7 | | | | | | |
| 9 | | | | | 3 | 4 | 1 | |
| 5 | | | 1 | 9 | | 6 | 8 | |
| | 5 | | 9 | 8 | 2 | | | |
| 7 | | | 6 | | | 8 | | 2 |
| | | 8 | | 5 | | 1 | | |

### MIÐLUNGS

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 6 | | 2 | 1 | | | 3 |
| 8 | | | | 9 | | 7 | | 2 |
| | | 5 | | | 4 | 6 | | |
| 5 | | | 3 | | 9 | | | 1 |
| | 6 | | 4 | | | 3 | 7 | |
| 2 | | | | | | | 4 | |
| 3 | | | 9 | | 8 | 1 | | |
| | 7 | 8 | 1 | | | | | |
| 6 | | | | 7 | | | | |

### ÞUNG

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 3 | | | 5 | 9 | | | |
| | | | 1 | | 3 | | | |
| | | 5 | 6 | | | | | 7 |
| | | 2 | | | 6 | | 1 | |
| 1 | | 9 | | 2 | | | 7 | |
| | | | | | 1 | 8 | | |
| 2 | 9 | | 8 | | | | 3 | |
| | 6 | 8 | | | | | 5 | |
| | | 1 | 9 | | 4 | | | |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 1 | 7 | 2 | 5 | 8 | 4 | 6 | 9 |
| 8 | 2 | 4 | 9 | 1 | 6 | 7 | 3 | 5 |
| 6 | 9 | 5 | 7 | 3 | 4 | 2 | 1 | 8 |
| 5 | 7 | 9 | 3 | 8 | 1 | 6 | 2 | 4 |
| 4 | 6 | 1 | 5 | 2 | 9 | 3 | 8 | 7 |
| 2 | 8 | 3 | 4 | 6 | 7 | 9 | 5 | 1 |
| 7 | 5 | 6 | 1 | 9 | 2 | 8 | 4 | 3 |
| 9 | 3 | 8 | 6 | 4 | 5 | 1 | 7 | 2 |
| 1 | 4 | 2 | 8 | 7 | 3 | 5 | 9 | 6 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 2 | 9 | 5 | 7 | 1 | 6 | 8 | 3 |
| 5 | 1 | 3 | 8 | 9 | 6 | 7 | 2 | 4 |
| 8 | 6 | 7 | 2 | 3 | 4 | 9 | 1 | 5 |
| 9 | 4 | 2 | 3 | 8 | 7 | 1 | 5 | 6 |
| 1 | 3 | 6 | 4 | 5 | 9 | 2 | 7 | 8 |
| 7 | 5 | 8 | 6 | 1 | 2 | 3 | 4 | 9 |
| 2 | 8 | 4 | 1 | 6 | 3 | 5 | 9 | 7 |
| 3 | 7 | 1 | 9 | 4 | 5 | 8 | 6 | 2 |
| 6 | 9 | 5 | 7 | 2 | 8 | 4 | 3 | 1 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | 7 | 2 | 9 | 1 | 3 | 6 | 8 | 4 |
| 1 | 3 | 6 | 4 | 5 | 8 | 7 | 9 | 2 |
| 8 | 4 | 9 | 6 | 2 | 7 | 1 | 3 | 5 |
| 6 | 5 | 4 | 1 | 7 | 9 | 8 | 2 | 3 |
| 3 | 1 | 8 | 5 | 6 | 2 | 9 | 4 | 7 |
| 9 | 2 | 7 | 3 | 8 | 4 | 5 | 6 | 1 |
| 4 | 6 | 3 | 7 | 9 | 5 | 2 | 1 | 8 |
| 2 | 9 | 5 | 8 | 4 | 1 | 3 | 7 | 6 |
| 7 | 8 | 1 | 2 | 3 | 6 | 4 | 5 | 9 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
1. bugt
5. vafi
6. samtök
8. nálæging
10. tveir eins
11. bál
12. jurt
13. lesa
15. berja
17. á ný

**LÓÐRÉTT**
1. loki
2. offylli
3. gljúfur
4. söngla
7. mótbárur
9. ske
12. laut
14. hvílast
16. í röð

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 2 | 3 | | 4 | ■ |
| 5 | | | ■ | 6 | 7 |
| 8 | | | 9 | | |
| 10 | | ■ | 11 | | |
| | ■ | 12 | | | |
| 13 | 14 | | | ■ | |
| 15 | | | | 16 | |
| ■ | 17 | | | | |

**LÁRÉTT:** 1. vogur, 5. efi, 6. aa, 8. nálgun, 10. tt, 11. eld, 12. gras, 13. læra, 15. ljósta, 17. aftur.
**LÓÐRÉTT:** 1. ventill, 2. ofát, 3. gil, 4. raula, 7. andsvar, 9. gerast, 12. gróf, 14. æja, 16. tu.

## Skák Gunnar Björnsson

Heimsmeistarinn Magnus Carlsen (2.835) átti leik gegn Fabiano Caruana (2.832) í annarri atskák þeirra í bráðabanaeinvígi um heimsmeistaratitilinn.

**26. ... Bxc7! 27. Rxc7 Re5 28. Rd5 Kh7!** og Caruana gafst upp enda ræður hann illa við svarta riddarann sem ætlar til d3. Magnus vann einvígið af miklu öryggi, 3-0, og tryggði sér þar með heimsmeistaratitilinn í fjórða sinn.

**www.skak.is:** Allt um HM-einvígið.

Svartur á leik



## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman






nettó

# Jólabækurnar færðu í Nettó




Stúlkan hjá brúnni
**4.549 kr.**




Svik
**4.619 kr.**




Siggi sítróna
**3.249 kr.**




Heklugjá
**4.619 kr.**




Vísindabók Villa - Truflaðar tilraunir
**3.818 kr.**




Skúli fógeti
**4.619 kr.**




Henrí rænt í Rússlandi
**3.349 kr.**




Hasim
**4.619 kr.**




Fíasól gefst aldrei upp
**3.349 kr.**




Sextíu kíló af sólskini
**4.619 kr.**

Tilboðin gilda 29. nóvember - 2. desember



















**Milljarða þróunarverkefni við að koma á samtali milli bíla og umferðarljósa er nú í gangi hjá breskum stjórnvöldum.**

# Jaguar Land Rover á grænu ljósi

Þróunarverkefni sem kemur á samskiptum milli bíla og umferðarljósa til að lágmarka bið á rauðu ljósi.

Jaguar Land Rover tekur nú þátt í 20 milljón sterlingspunda þróunarverkefni á vegum breskra stjórnvalda sem hefur að markmiði að koma á „samskiptum“ milli bíla og umferðarljósa þannig að hægt sé að koma á sem hagkvæmustu flæði á bílaumferðina með því að lágmarka bið á rauðu ljósi. Slíkt myndi draga úr eldsneytiseyðslu og mengun. Ávinningurinn yrði þá um leið bætt loftgæði og jafnvel minni viðhaldskostnaður ökumanna á bremsubúnaði sem orsakast af stöðugri hægingu bíla í átt að rauðu ljósi.

### Ekur á hagkvæmasta hraða

Jaguar Land Rover notar Jaguar F-Pace í tilraunum sínum í verkefninu en F-Pace er nú þegar með ýmsa háþróaða tækni til ökuaðstoðar, svo sem Advanced Driver Assistance (ADAS) sem nú er ætlunin að þróa áfram með nettengingum til að fjölga eiginleikum kerfisins. Þróunarverkefnið heitir Vehicle-to-Infrastructure (V2X) og tæknin sem stuðst er við í þróun kerfisins Green Light Optimal Speed Advisory (GLOSA) sem nú er verið að þróa áfram í núverandi ökuaðstoðarkerfi F-Pace tilraunabílsins.

### Þróar gatnamótaviðvörun

Auk ökuaðstoðarkerfisins Advanced Driver Assistance (ADAS) vinnur fyrirtækið enn fremur að frekari þróun gatnamótaviðvörunarinnar Intersection Collision Warning (ICW) sem varar ökumann við eigi hann á hættu að lenda í árekstri haldi hann ótrauður áfram yfir aðvífandi gatnamót. ICW greinir aðra bíla við gatnamótin og skipuleggur hver fari fyrstur yfir. Þessi eiginleiki verður einnig tengdur GLOSA.

### Fleira hangir á spýtunni

Tæknisérfræðingar Jaguar Land Rover hafa einnig reiknað tapaðan tíma sem fer í leit ökumanna að lausu bílastæði. Því hyggst fyrirtækið einnig þróa kerfi sem veitir upplýsingar um laus stæði í nágrenni fyrirhugaðs áfangastaðar ökumanns til að spara tíma og minnka eldsneytiseyðslu og mengun. Einnig er ætlunin að setja búnað í bílana sem lætur ökumann vita sé slökkviliðs-, sjúkra- eða lögreglubíll í forgangsakstri að nálgast svo ökumaðurinn geti vikið frá í tæka tíð. Þessum viðbótum verður bætt við núverandi ökuaðstoðarkerfi bíla Jaguar Land Rover sem nú þegar býr yfir ýmissi hagnýtri tækni, svo sem aðlögunarhæfa hraðastillinum Adaptive Cruise Control.

## Subaru smíðar sinn öflugasta WRX

Líklega er frægasti einstaki bíll Subaru hinn rallhæfi Impreza WRX STI. Hefur hann notið gríðarlegra vinsælda allt frá tilkomu hans árið 1994. Bíllinn hefur orðið sífellt öflugri með árunum og nú má fá grunngerð WRX með 268 hestafla vél og WRX STI með 296 hestöfl til taks. Það dugar þó ekki til að fagna 30 ára afmæli STI mótorsport deildar Subaru því þar á bæ verða smíðaðir 349 hestafla Impreza WRX STI bílar og verða þeir því öflugustu slíkir bílar sem smíðaðir hafa verið hjá Subaru og fá að auki nafnið Diamond Edition. Bílarnir fá 20 millimetra viðbótar sporvídd, öflugra fjöðrunarkerfi og meiri íburð í innréttingunni.

Það versta er að aðeins verða smíðuð 30 eintök af þessum öflugu bílum og verða þeir allir seldir í S-Afríku þar sem bíllinn var þróaður af S-Afríkudeild Subaru. Með öll þessi hestöfl í farteskinu og fjórhjóladrif Subaru er bíllinn undir 5 sekúndur í hundraðið. Áfram er hámarkshraði bílsins takmarkaður við 255 km/klst. Verðið á þessum öflugustu WRX bílum sögunnar verður 56.000 dollarar, eða um 7 milljónir króna. Til fróðleiks má nefna að STI stendur fyrir Subaru Technica International.



**Guðjón Haugberg Björnsson fékk þúsundasta rafbílinn sem BL selur hér.**

## Þúsund rafbílar frá BL

BL við Sævarhöfða hefur afhent eitt þúsundasta rafbílinn frá því að fyrirtækið seldi fyrsta bílinn þann 12. júlí árið 2013. Það var Nissan Leaf sem nú hefur verið ekið tæpa 70 þúsund kílómetra, enda slær hann aldrei „feilpúst“ því Nissan Leaf er að sjálfsögðu púströrs- og útblástursláus 100% rafbíll. Það var Guðjón Haugberg Björnsson sem fékk afhenta lyklana af Leaf nr. 1.000 í sýningarsalnum við Sævarhöfða og við þau tímamót var einnig mættur fyrsti LEAF-inn sem BL seldi sumarið 2013.

Á fyrstu tíu mánuðum ársins hefur sala hreinna rafbíla vaxið í landinu um 47,3% miðað við sama tímabil síðasta árs á meðan bílasala hefur almennt dregist saman um tæp 13%. Hlutdeild BL í rafbílasölunni er 68% en auk Leaf selur BL einnig rafbílana Nissan e-NV200, Renault Zoe og Kangoo, BMW i3, Hyundai Ioniq, Hyundai Kona og fleiri tegundir. Nýjasti meðlimur hreinna rafbíla hjá BL er Jaguar I-Pace sem kynntur var fyrr í þessum mánuði. Auk hreinna rafbíla selur BL tengiltvinnbíla frá nokkrum framleiðendum sem BL hefur umboð fyrir hér á landi.

# JÓLASTEMNING

## STÚTFULLUR BÆKLINGUR AF JÓLALEGUM TÖLVUVÖRUM

29. nóvember 2018 • Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl




**T&V FREI** — **9.990**
Þráðlaus 16W RMS ferðahátalari með 2" bassa, svarhnapp fyrir símtöl og 8 tíma rafhlöðu
5 glæsilegir litir og höggvarin taska

**ONEPLUS 6T 6/128** — **99.990**
OnePlus loks fáanlegur á Íslandi með áður óséðan hraða, viðbrögð og einstakar tækninýjungar
Aflæstu hraðanum! Ný kynslóð farsíma

**ONEPLUS 6T 8/256** — **114.990**
Hreyfiskipun á skjá vekur símann beint þangað sem þú vilt fara á innan við hálfri sekúndu!
Vatnsvarinn með Gorilla Glass 6 öryggisgler




**7" MYNDARAMMI** — **7.990**
Stílhreinn digital myndarammi með USB tengi og kortalesara

**BENQ GC2870H** — **29.990**
Ný True Black tækni sem eykur myndgæði og skerpu

**STAR WARS DRÓNAR** — **9.990**
3 gerðir dróna frá Propel með Laser keppnisham




**PS4 OG FIFA19**
1TB Playstation 4 Slim + FIFA19 leikur
**54.990**
PS4 SL 1TB F19

**NES MINI HD**
30 Frábærir leikir inbyggðir
**11.990**
NES MINI

**7" LENOVO IT TAB 3**
Létt og nett 7" spjaldtölva frá Lenovo
**11.990**
710F-ZA0R

**6" LESTÖLVA**
Kobo Aura 2 lestölva, snertiskjár og WIFI
**19.990**
N236-KU-BK-K-EP

**IDEAPAD V110**
Fislétt með öflugu AC þráðlausu neti
**39.990**
80TF0032MX

# TÖLVUTEK

Reykjavík • Hallarmúla 2 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900

HITUM UPP FYRIR JÓLIN

JÓLA BÆKLINGUR STÚTFULLUR AF SPENNANDI GRÆJUM

# Einn merkasti athafnamaður Íslendinga

**Ný ævisaga eftir Jakob F. Ásgeirsson um Jón Gunnarsson, húnvetnska sveitastrákinn sem varð verkfræðingur frá MIT og stofnaði Coldwater.**



Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrun@frettabladid.is



„Jón er maður sem á ekki skilið að gleymast," segir Jakob. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

**JÓN GUNNARSSON VAR FYRST OG FREMST MAÐUR ATHAFNA, HANN VILDI LÁTA VERKIN TALA. Í MÍNUM HUGA ER HANN EINN MERKASTI ATHAFNAMAÐUR ÍSLENDINGA Á TUTTUGUSTU ÖLD.**

Jakob F. Ásgeirsson, bókaútgefandi og rithöfundur, stendur í stórræðum þessa dagana. Forlag hans, Ugla, gefur út 24 bækur á þessu ári og meðal þeirra er ein eftir forleggjarann sjálfan, Jón Gunnarsson – ævisaga. Jakob hefur áður skrifað þrjár stórar ævisögur – um Alfreð Elíasson, forstjóra Loftleiða, Pétur Benediktsson, sendiherra og bankastjóra, og Valtý Stefánsson, ritstjóra Morgunblaðsins. Í þetta sinn er viðfangsefni hans maður sem er núna flestum gleymdur en var á allra vörum á sínum tíma, Jón Gunnarsson verkfræðingur.

„Já, Jón er maður sem á ekki skilið að gleymast," segir Jakob. „Hann ólst upp í Húnavatnssýslu, fæddur aldamótaárið 1900. Hann gekk í Samvinnuskólann þar sem Jónas frá Hriflu réð ríkjum. Jónas lét sér mjög annt um nemendur sína og hann útvegaði Jóni meðal annars styrk til frekara náms í útlöndum. Eftir tveggja ára tæknifræðinám í Noregi hélt Jón til Bandaríkjanna þar sem hann lauk fyrstur Íslendinga verkfræðiprófi frá MIT árið 1930.

Þegar hann sneri heim átti hann erfitt uppdráttar. Íslenskir embættismenn og verkfræðingarnir tortryggðu hann bæði vegna tengslanna við Jónas frá Hriflu og einnig vegna þess að hann hafði menntast í Bandaríkjunum. Þessi hámenntaði maður gerðist því hænsnabóndi. Jafnframt skrifaði hann í blöð gagnrýnar greinar um gatnagerð í Reykjavík sem mikla athygli vöktu."

### Vann nánast kraftaverk

*En Jónas frá Hriflu hafði trú á honum?*

„Já, hann sá til þess að Jón tæki við stjórn Síldarverksmiðja ríkisins. Á þeim árum var SR stærsta fyrirtæki landsins og síldarvinnsla undirstaða efnahagslífs í landinu. Jón stýrði fyrirtækinu með miklum ágætum til 1944, en þá var hann ráðinn til nýstofnaðrar Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna (SH) til að afla markaða í Bandaríkjunum. Þar vann Jón nánast kraftaverk. Upp á eigin spýtur stofnaði hann Coldwater árið 1947 og setti á fót stóra verksmiðju sem framleiddi íslenskan fisk í neytendapakkningum sem var seldur út um öll Bandaríkin. Jafnframt vann hann mikilvægt markaðsstarf í Evrópulöndum. Jón stýrði Coldwater og markaðsstarfi SH allt til 1962, en þá varð söguleg hallarbylting í fyrirtækinu og yngri menn tóku við."

### Milli tannanna á fólki

*Var þessi mikli framkvæmdamaður umdeildur á sínum tíma?*

„Já, það stóð mikill styrr um hann á sínum tíma. Hann kom við sögu í harðvítugri valdabaráttu innan SR, átakasamri verkalýðspólitík á Siglufirði, deilum um skipið Hæring, átökum um stefnu SH í markaðsmálum og valdabrölti innan SH, svo fátt eitt sé nefnt af því sem ég fjalla um í bókinni. Þá eignaðist Jón andstöðumenn sem þoldu ekki kappsemi hans. Að auki voru einkahagir hans stundum milli tannanna á fólki, einkum hús sem hann reisti fjölskyldu sinni að Hrauni á Álftanesi. Sjálfur tók Jón lítinn þátt í þessum deilum, enda var margt af því sem um hann var skrifað tilhæfulaust og vart svaravert.

Jón Gunnarsson var fyrst og fremst maður athafna, hann vildi láta verkin tala. Í mínum huga er hann einn merkasti athafnamaður Íslendinga á tuttugustu öld. Ég skrifaði á sínum tíma bókina um Loftleiðaævintýrið og Alfreð Elíasson. Afrek Jóns við uppbyggingu Coldwater er engu síðra ævintýri. En það leikur enginn ævintýraljómi um sölu á frystum fiski. Engin hrifningaralda hríslaðist því um almenning yfir strandhöggi Jóns í Bandaríkjunum eins og gerðist um Loftleiðamennina. Þó má segja að markaðsstarf Jóns hafi haft mun meiri þjóðhagslega þýðingu."

# Tómlát leit að tilgangi

**LEIKHÚS**

**Insomnia**

★★☆☆☆

**eftir Amalie Olesen og leikhópinn Stertabendu**

**Þjóðleikhúsið**

**Leikstjóri:** Gréta Kristín Ómarsdóttir
**Leikarar:** Bjarni Snæbjörnsson, María Heba Þorkelsdóttir, Tinna Sverrisdóttir og Þorleifur Einarsson
**Tónlist og hljóðmynd:** Sigríður Eir Zophoníasardóttir og Vala Höskuldsdóttir (Hljómsveitin Eva)
**Leikmynd:** Halldór Sturluson
**Búningar:** Alexía Rós Gylfadóttir og Eva Signý Berger
**Lýsing:** Magnús Arnar Sigurðarsson
**Danshöfundur:** Heba Eir Kjeld
**Þýðing:** Gréta Kristín Ómarsdóttir




„Leikhópurinn gerir sitt til að ýta þessari orðasúpu í einhvers konar farveg."

Kassinn á Lindargötunni hefur oft þjónað sem tilraunasvið fyrir Þjóðleikhúsið og þar hafa fæðst margar eftirminnilegar og framúrstefnulegar sýningar. Aftur á móti hefur verið fremur dapurlegt um þar að litast í haust og ekki skánar ástandið með Insomnia, samstarfsverkefni hússins með leikhópnum Stertabendu, sem frumsýnt var um miðjan nóvember.

Grunnhugmynd Insomnia er að taka amerísku gamanþættina Friends hugmyndafræðilega í sundur, velta upp spurningum um innihald þeirra og samfélagsleg áhrif. Á blaði hljóma áformin áhugaverð þar sem sjónvarpsþættirnir höfðu óneitanlega áhrif á heila kynslóð á meðan þeir voru í sýningu og mun lengur. En ef Friends-þáttaröðin átti að vera fyrirboði um hnignun vestrænnar menningar, líkt og einn menningarspekúlant setti fram, hvaða þýðingu hefur það fyrir samtíma okkar núna? Spurningar á borð við þessa setur Stertabenda fram í Insomnia en misheppnast algjörlega að skoða og svara af einhverri dýpt.

Handrit Amalie Olesen, skrifað í samstarfi við leikhópinn, er handahófskennt samsafn af hugmyndum sem skortir kjarna og ritskoðun því Insomnia er bæði agalaus og of löng miðað við efnistök. Sýningin byrjar á rökræðum óræðra persóna sem reika á milli þess að fjalla um tilgang lífsins og mannleg gildi. Síðan skiptir framvindan algjörlega um gír, stíllinn umbreytist og umræður um staðalímyndir í bland við tráma tilvistarinnar hefjast. En hugmyndir verða að fara eitthvað, gefa einhverja nýja sýn á heiminn eða snúa upp á sviðslistaformið.

Sumar vísanir og tilvitnanir í þættina vinalegu voru líka hreinlega rangar. Upphaflega átti Shiny Happy People með R.E.M að vera byrjunarstef þáttanna ekki It's the End of the World as We Know It (And I Feel Fine) eins og gefið er til kynna í sýningunni. Óljóst er hver tilgangurinn er með þessari breytingu, hvort hún hafi verið viljandi gerð eða dæmi um gallaða rannsóknarvinnu.

Leikhópurinn gerir sitt til að ýta þessari orðasúpu í einhvers konar farveg en gengur misvel. María Heba opnar sýninguna með langri einræðu sem byrjar ágætlega en kraftur hennar fjarar út samhliða sýningunni. Bjarna tekst stundum að stuða orku í hópinn en oftar en ekki er það á baki staðalímynda og klisja. Þorleifur var ekki í takti við leikhópinn til að byrja með en fann síðan stöðugleika þegar hann fékk skýrara hlutverk. Tinna situr uppi með mest óspennandi karakterinn og verst skrifaða hlutverkið, ef hlutverk skyldi kalla, og uppsker samkvæmt því. Sigríður Eir og Vala, Hljómsveitin Eva, taka virkan þátt í sýningunni og sjá um tónlistina en eru fastar í sömu hugmyndasúpunni, þar sem er stöðugt gripið í húmorinn til að bragðbæta eða bjarga því sem mögulegt er.

Gréta Kristín er að stíga sín fyrstu skref sem leikstjóri á sviði og sýnir metnað með efnistökum en missir sýninguna úr höndum sér nánast frá byrjun. Fábrotin leikmynd og einfaldir búningar verða til þess að allur fókus er á handritið og leikaravinnuna.

Afbygging er verkfæri sem hægt er að nota við ákveðnar aðstæður en ekki efniviður í heila sýningu. Leikstíllinn sem virðist vera bendlaður við þessa afbyggingu er oftar en ekki á kaldhæðnu eða sniðugu nótunum, líkt og leikararnir séu alltaf að sviðsetja sjálfa sig fremur en að sviðsetja merkingarbært efni. Slík nálgun er afskaplega þreytandi og sjálfhverf.

Sýningar og hugmyndafræðilegt innihald þeirra verður að rækta, þróa og sviðsetja þannig að einhver nýr skilningur blómstri hjá áhorfendum úti í sal.

Samstarfsverkefni stóru leikhúsanna geta verið frábært stökkbretti fyrir ungt sviðslistafólk en stuðningur verður að vera bæði í formi tækifæra og regluverks. Insomnia vekur upp fáar spurningar, fyrir utan kannski af hverju þessu verkefni var ýtt úr vör til að byrja með, og enn færri svör.

**Sigríður Jónsdóttir**

**NIÐURSTAÐA:** Tilraunasýning á formlausum villigötum.

# Verk fyrir þá sem vilja muna um hvað lífið snýst

**Leikritið Rejúníon eftir Sóleyju Ómarsdóttur hagfræðing gerist í íslenskum samtíma og varpar ljósi á barneignir, sambönd og samfélagspressu. Frumsýning er í Tjarnarbíói annað kvöld.**

Júlía er ekta íslensk ofurkona sem gefur sig 110% í allt sem hún tekur sér fyrir hendur. Hún er eftirsóttur ferlafræðingur með eigið ráðgjafarfyrirtæki en nýtt hlutverk hennar í lífinu hefur reynst henni krefjandi – móðurhlutverkið. Í stað þess að horfast í augu við erfiðleika sem fylgja nýja lífinu tapar hún sér í ferlagreiningu, bollakökubakstri og í hlutverki sínu sem Snapchat-stjarna. Þegar óumflýjanlegar breytingar vofa yfir hjá fjölskyldunni, reynir hún að endurnýja tengslin við æskuvinukonu sína. Saman ætla þær að skipuleggja grunnskólarejúníon aldarinnar.

Þannig er efni hins nýja leikverks Rejúníon lýst. Það er eftir Sóleyju Ómarsdóttur hagfræðing og verður frumsýnt í Tjarnarbíói annað kvöld.

„Ég tel marga geta tengt við þessa sögu, í henni er ekki bara drama heldur líka kímni og fegurð,“ segir Harpa Fönn Sigurjónsdóttir, framkvæmdastjóri sýningarinnar og höfundur hljóðheims. Hún segir handritsdrög Sóleyjar hafa ratað í hendur eiginmanns síns, Árna Kristjánssonar, er hann var leiðbeinandi á ritlistarnámskeið. Ég komst í þau líka og þau heilluðu okkur bæði. „Í fyrsta lagi er Sóley rosalega flottur og hnyttinn penni. Svo var ég ólétt svo efnið talaði beint til okkar og við sáum á þeim fáu senum sem við fengum að þarna var vel skrifað og gott efni sem aldrei hafði ratað á íslenskt leiksvið. Það kveikti í okkur og við vorum allt sumarið í fyrra að fullvinna handritið með Sóleyju, þar til að ég fæddi, þann 1. október, sama dag og við skiluðum inn umsókn um listamannalaun. Þetta var flott meðganga og við uppskárum styrk sem gerði þetta verkefni að veruleika.“



Sólveig og Sara Martí í hlutverkum sínum. MYND/JULIETTE ROWLAND

Þó að fæðingarþunglyndi sé útgangspunkturinn í verkinu segir Harpa Fönn það ekki síst fjalla um um vináttu og ástarsambönd para, bæði dásamlegar stundir og erfiðleika sem koma upp þar. „Svo er þetta líka um nostalgíu. Því eins og nafn verksins gefur til kynna þá snýst verkið um endurfundi, 20 ára grunnskólarejúníón,“ minnir hún á og bætir við. „Þetta er verk fyrir þá sem vilja finna fyrir lífinu og muna um hvað það snýst.“ **gun@frettabladid.is**

# Sjá, ég boða yður mikinn fögnuð

**TÓNLIST**

★★★★☆

**Jólaóratórían eftir Bach (1., 3., 5. og 6. hluti).**

**Flytjendur:** Dómkórinn og kammersveit
**Einsöngvarar:** Hallveig Rúnarsdóttir, Hanna Dóra Sturludóttir, Benedikt Kristjánsson og Jóhann Kristinsson
**Stjórnandi:** Kári Þormar

**Hallgrímskirkja**
laugardaginn 24. nóvember

Ég sá einu sinni bíómynd sem gerist í heimi blaðamennsku. Ein aðalpersónan er dálkahöfundur sem þarf að skila pistli en hefur engan tíma til þess. Hann bregður því á það ráð að endurvinna gamlan pistil og vonar að enginn taki eftir því.

Tónskáld gera þetta líka. Bach „stal“ frá sjálfum sér þegar hann samdi Jólaóratóríuna um fæðingu Krists. Dómkórinn flutti hana ásamt einsöngvurum og hljómsveit undir stjórn Kára Þormars í Hallgrímskirkju á laugardaginn. Hlutar úr henni eru til í eldri verkum tónskáldsins, sem fjalla gjarnan um eitthvað annað en jólin. Þarna á við máltækið „sjaldan verður góð vísa of oft kveðin“.

Orðið óratóría kemur úr latnesku; orare þýðir að biðja. Jólaóratóría Bachs er byggð þannig upp að tenór í hlutverki guðspjallamanns segir söguna í stuttum bútum, en inn á milli er svokallað söngles, aríur og sálmar. Í þessum köflum er staldrað við í frásögninni og hún hugleidd. Allt verkið er hugsað til að hlustandinn skilji betur það sem fæðing Krists fól í sér.

Dómkórinn söng prýðilega, en hlutverkið kórsins er mikið og voldugt. Auðvitað er erfitt að meta smáatriðin í svo flóknum kórsöng í gríðarlegri endurómun Hallgrímskirkju, en heildarhljómurinn var flottur. Meira að segja tenórarnir, sem oft eru veiki hlekkurinn, hljómuðu ágætlega. Heilt yfir var söngur allra kraftmikill þegar við átti, en þrunginn sannfærandi andakt inn á milli.

Einsöngvararnir voru magnaðir. Hanna Dóra Sturludóttir, alt, söng af stakri innlifun og röddin hljómaði unaðslega. Hallveg Rúnarsdóttir, sópran, var líka frábær. Hún hefur sungið þetta hlutverk áður, en rödd hennar hefur þykknað aðeins með árunum, sem fer henni vel. Túlkun hennar einkenndist af tærleika og upphafningu sem hæfði tónlistinni.



Bach.

Sömu sögu er að segja um Benedikt Kristjánsson, tenór. Hann hefur sérmenntað sig í tónlist af þessum toga. Rödd hans var þýð og fögur, og öll framsetning hans til fyrirmyndar. Einkar fallegt var líka þegar rödd hans blandaðist við rödd Hallveigar, því ekki er sjálfgefið að fínar raddir renni vel saman. Dúett Hallveigar og Jóhanns Kristinssonar bassa kom einmitt fremur einkennilega út; raddir þeirra voru of ólíkar og jafnvægi í styrkleika var ekki gott. Jóhann er samt afar frambærilegur söngvari, og það sópaði vissulega að honum þegar hann söng einn.

Hljómsveitin var yfirleitt með sitt á hreinu, helst mátti finna að trompetleiknum í lokin, sem var undarlega hjáróma á köflum. Frammistaða annarra var glæsileg og Una Sveinbjarnardóttir konsertmeistari lék nokkur sóló á fiðluna sína sem voru látlaus, en fullkomlega mótuð. Í það heila var ætíð rétta stemningin í flutningnum, bæði í söng og leik, og maður gekk út í náttmyrkrið á eftir í jólaskapi. **Jónas Sen**

**NIÐURSTAÐA:** Vandaður kórsöngur, einsöngurinn kom langoftast vel út; sömuleiðis leikur hljómsveitarinnar.










A4

...Fyrir skapandi jól




**Föndursett**
Jólaskraut á jólatréð, 4 stk.
2.599




**Föndursett**
Englar á jólatréð, glerkúlur, 8 stk.
2.599




**Föndursett**
Snjókarlar, 4 stk.
2.599






BÍÓ



Kunnugleg staða í hringnum. Creed mætir Drago á ný og sem fyrr er sá rússneski tröll en sá stutti á harma að hefna.

# Stallone dregur fram kaldastríðshanskana

**Hnefaleikamyndin Creed 2 verður frumsýnd á Íslandi á föstudag. Er hér í raun um áttundu Rocky-myndina að ræða enda er Sylvester Stallone einkar lagið að halda lífinu í sínum bestu gullgæsum.**



Rocky horfist í augu við Ivan Drago á ný. Báðir mega muna fífil sinn fegri.

Fjörutíu og tvö ár eru liðin síðan Sylvester Stallone lagði drög að heimsyfirráðum sínum með þeirri prýðisgóðu mynd Rocky. Myndin var ansi hrá og raunsæisleg saga ungs og heldur treggáfaðs handrukkara sem vann í sláturhúsi þar sem hann lumbraði á kjötskrokkum og lét sig dreyma um glæsta sigra sem hnefaleikari.

Tækifærið kom þegar hann fékk óvænt að skora á ríkjandi heimsmeistara, Apollo Creed, og standa uppi í hárinu á honum í allnokkrar lotur. Myndin sló í gegn og Stallone hélt áfram að rekja sögu Rocky í Rocky II 1979. Sú mynd var í svipuðum stíl en með Rocky III skipti Stallone um gír og stráði 80s-glimmeri og glassúr yfir Rocky í sannkallaðri glansmynd.

## Glamúr Rocky

Í Rocky III missti Rocky þjálfarann sinn, Mickey, sem sá bráðskemmtilegi Burgess Meredith lék með tilþrifum. Ráðvilltur og niðurbrotinn vissi Rocky vart í hvorn fótinn hann átti að stíga fyrr en hans forni fjandi, Apollo Creed, gaf sig fram og bauðst til þess að þjálfa hann og koma aftur á lappirnar.

Glamúrsýningin hélt áfram í Rocky 4 1985 en þá var Stallone kominn í mikinn kaldastríðsham og byrjaður að djöflast með vélbyssuna sem Rambó í hinum sögulega vinsæla myndabálkinum sínum. Þetta sama ár skrapp Rambó einmitt aðeins til Víetnam, sallaði niður vonda Sovétmenn og kláraði eiginlega einn síns liðs stríðið sem hann hafði tapað með félögum sínum í bandaríska hernum á árum áður.



Kalda stríðið komið í hringinn. Rocky mætir höggþunga Sovéttröllinu.

Stallone lét stórveldin einnig mætast í Rocky 4 þar sem sovéska hnefaleikatröllið Ivan Drago tók sig til og einfaldlega drap Apollo, vin Rockys, í hringnum með einu fjallþungu rothöggi.

Rocky gat illa sætt sig við þetta og ákvað að leita hefnda í hringnum og skora Drago á hólm. Á meðan Drago æfir sín þungu högg í hátækniþjálfunarbúðum leitar Rocky hins vegar upprunans og æfir einn af kappi í afskekktum bjálkakofa. Og ekki þarf að spyrja að leikslokum þar sem illmenni fá alltaf makleg málagjöld í Stallone-myndum.

Eftir sex Rocky-myndir skaut sú hugmynd upp kollinum að halda áfram að spinna söguna en nú með áherslu á son Apollos, Adonis Creed, sem vitaskuld nýtur leiðsagnar og þjálfunar gömlu og lúnu goðsagnarinnar Rocky Balboa.

Þetta reyndist alveg bráðsnjallt og Creed frá 2015 er sallafín boxmynd, vandlega og hárrétt hrærður tilfinningagrautur sem fáir kunna betur að malla en einmitt Stallone.

Michael B. Jordan skilaði Creed yngri með miklum glæsibrag og Stallone stóð vitanlega fyrir sínu sem Rocky. Jordan er síðan í millitíðinni orðinn stórstjarna, sló algerlega í gegn sem illmennið Killmonger í Marvel-snilldinni Black Panther og hefur verið ausinn lofi fyrir Creed 2.

Stallone er með puttana í handritinu að þessu sinni og trommar hér upp með það snilldarbragð að leiða þá Ivan Drago og Rocky saman á nýjan leik. Þeir standa þó utan hringsins núna en Rocky að baki Adonis og Ivan að baki sonar síns, Viktors, sem hann þjálfar.

Ekki þarf að spyrja að dramatíkinni þegar sonur mannsins sem Ivan drap í hringnum mætir syni banamannsins með Rocky á kantinum. Dolph Lundgren endurtekur leikinn sem Ivan en hann hefur látið hafa eftir sér að hann hefði aldrei tekið það í mál að leika Drago aftur ef hann hefði enn átt að vera einhliða skúrkur.

Ivan er sjálfsagt enn óttalegur skítalabbi en Lundgren er sáttur þar sem persónunni var gefin dýpt og það eru víst einhverjar sálfræðilegar ástæður fyrir því að sovéski dauðrotarinn er eins og hann er.


**thorarinn@frettabladid.is**

# LJÚFFENGUR HELGARMATUR

-40%

**Úrbeinaður hunangsgljáður hamborgarhryggur**
Kjötsel
**1.739** KR/KG
ÁÐUR: 2.898 KR/KG





-40%

**Úrbeinað hangilæri**
Kjötsel
**2.369** KR/KG
ÁÐUR: 3.949 KR/KG



-33%

**Úrbeinaður hangiframpartur**
Kjötsel
**1.875** KR/KG
ÁÐUR: 2.798 KR/KG

-30%



**Sagaður hangiframpartur**
KEA
**1.259** KR/KG
ÁÐUR: 1.798 KR/KG



-12%

**Grísalundir í reyktu sinnepi**
**2.462** KR/KG
ÁÐUR: 2.798 KR/KG

-30%



**Nauta innralæri**
**2.799** KR/KG
ÁÐUR: 3.998 KR/KG

**Ferskt rauðkál**
**195** KR/KG
ÁÐUR: 389 KR/KG

-50%



-40%



**Úrbeinaður grísahnakki**
Kjötsel
**1.679** KR/KG
ÁÐUR: 2.798 KR/KG

## Jólablað Nettó er komið út!

Fleytifullt blað með frábærum tilboðum, girnilegum uppskriftum og skemmtilegum fróðleiksmolum.

Blaðið berst inn á öll heimili og er jafnframt fáanlegt í verslunum Nettó.




nettó
Lægra verð – léttari innkaup



**VERSLAÐU Á NETINU**
**www.netto.is**

**Tilboðin gilda 29. nóv. - 2. des. 2018**
Tilboðin gilda meðan birgðir endast • Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl • Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

## Borgareikhúsið
568 8000 • borgarleikhus.is



### Elly
Stóra sviðið

| | | | |
|---|---|---|---|
| Fim. 29.11 Kl. 20:00 U | Fim 06.12 Kl. 20:00 Ö | Fim 13.12 Kl. 20:00 Ö | Sun 30.12 kl. 15:00 Ö |
| Lau 01.12 Kl. 20:00 U | Fös 07.12 Kl. 20:00 U | Lau 15.12 Kl. 20:00 Ö | Sun 30.12 Kl. 20:00 U |
| Sun 02.12 Kl. 20:00 Ö | Sun 09.12 Kl. 20:00 Ö | Sun 16.12 Kl. 20:00 Ö | |



### Allt sem er frábært
Litla sviðið

| | | | |
|---|---|---|---|
| Fös 30.11. Kl. 20:00 U | Lau 08.12 Kl. 20:00 U | Fös 14.12 Kl. 20:00 Ö | Sun 30.12 Kl. 20:00 |



### Kvenfólk
Nýja sviðið

| | | | |
|---|---|---|---|
| Fös 30.11 Kl. 20:00 U | Fös 14.12 Kl. 20:00 U | Lau 29.12 Kl. 20:00 U | Fös 11.01 Kl. 20:00 U |
| Lau 01.12 Kl. 20:00 U | Sun 16.12 Kl. 20:00 U | Sun 30.12 Kl. 20:00 Ö | Lau 12.01 Kl. 20:00 U |
| Fös 07.12 Kl. 20:00 U | Fim 20.12 Kl. 20:00 U | Fös 04.01 Kl. 20:00 Ö | |
| Lau 08.12 Kl. 20:00 U | Fös 21.12 Kl. 20:00 Ö | Lau 05.01 Kl. 20:00 Ö | |
| Fim 13.12 Kl. 20:00 U | Fös 28.12 Kl. 20:00 U | Sun 06.01 Kl. 20:00 Ö | |



### Tvískinnungur
Litla sviðið

| | | |
|---|---|---|
| Sun 02.12 Kl. 20:00 Ö | Fim 06.12 Kl. 20:00 | Sun 16.12 Kl. 20:00 |



### Jólaflækja
Litla sviðið

| | | | |
|---|---|---|---|
| Lau 01.12 Kl. 13:00 U | Lau 08.12 Kl. 13:00 U | Lau 15.12 Kl. 13:00 Ö | Lau 22.12 Kl. 13:00 Ö |
| Sun 02.12 Kl. 13:00 U | Sun 09.12 Kl. 13:00 U | Sun 16.12 Kl. 13:00 Ö | |



### Ríkharður III
Stóra sviðið

| | | |
|---|---|---|
| Lau 29.12 Kl. 20:00 U | Sun 06. 01 Kl. 20:00 Ö | Fös 11.01 Kl. 20:00 Ö |
| Fim 03.01 Kl. 20:00 Ö | Fim 10.01 Kl. 20:00 Ö | Mið 16.01 Kl. 20:00 Ö |



### Rocky Horror
Stóra sviðið

| | | |
|---|---|---|
| Fös 30.11 Kl. 20:00 U | Lau 08.12 Kl. 20:00 Ö | Fös 14.12 Kl. 20:00 UL |



### Fólk, staðir og hlutir
Litla sviðið

| | | | |
|---|---|---|---|
| Mið 13.02 Kl. 20:00 U | Lau 16.02 Kl. 20:00 U | Lau 23.02 Kl. 20:00 U | Fim 28.02 Kl. 20:00 U |
| Fim 14.02 Kl. 20:00 U | Mið 20.02 Kl. 20:00 U | Sun 24.02 Kl. 20:00 U | Fös 01.03 Kl. 20:00 Ö |
| Fös 15.02 Kl. 20:00 U | Fös 22.02 Kl. 20:00 U | Mið 27.02 Kl. 20:00 Ö | Lau 02.03 Kl. 20:00 Ö |

## Þjóðleikhúsið
551 1200 • leikhusid.is



### Ronja Ræningjadóttir
Stóra sviðið

| | | | |
|---|---|---|---|
| Lau. 01.12 Kl. 14.00 U | Lau. 29.12 kl. 16:00 U | Lau 19.01 kl. 13:00 Au | Sun. 03.02 kl. 16:00 U |
| Lau. 01.12 kl. 14:00 U | Sun. 30.12 kl. 13:00 U | Lau 19.01 kl. 16:00 Au | Sun. 10.02 kl. 13:00 U |
| Sun 02.12 kl. 14:00 U | Sun. 30.12 kl. 16:00 U | Sun. 20.01 kl. 13:00 U | Sun.10.02 kl. 16:00 Ö |
| Sun 02.12 kl. 17:00 U | Sun.06.01 kl. 13:00 U | Sun. 20.01 kl. 16:00 U | Sun. 17.02 kl. 13:00 Ö |
| Sun 09.12 kl. 14:00 U | Sun. 06.01 kl. 16:00 U | Sun. 27.01 kl. 13:00 U | Sun. 17.02 kl. 16:00 Ö |
| Sun 09.12 kl. 17:00 U | Sun.13 01 kl. 13:00 U | Sun. 27.01 kl. 16:00 U | Sun 24.02 kl. 13:00 Ö |
| Lau 29.12 kl. 13:00 U | Sun 13.01 kl. 16:00 U | Sun. 03.02 kl. 13:00 U | Sun. 24.02 kl. 16:00 Ö |



### Samþykki
Stóra sviðið

| | | |
|---|---|---|
| Fim 29.11 kl. 19:30 Ö | Fös 30.11 kl. 19:30 Ö | Fös 07.12 kl. 19:30 |



### Einræðisherrann
Stóra sviðið

| | | | |
|---|---|---|---|
| Mið. 26.12 kl. 19:30 U | Lau. 05.01 kl. 19:30 U | Fim 17.01 kl. 19:30 U | Fös. 25.01 kl. 19:30 |
| Fim. 27.12 kl. 19:30 U | Fös. 11.01 kl. 19:30 U | Fös. 18.01 kl. 19:30 Ö | |
| Fös. 28.12 kl. 19:30 U | Lau. 12.01 kl. 19:31 U | Fim. 24.01 kl. 19:30 | |



### Leitin að jólunum
Leikhúsloftið

| | | | |
|---|---|---|---|
| Lau 01.12 kl 11:00 U | Lau 08.12 kl. 14:00 U | Lau 15.12 kl. 13:00 U | Lau 22.12 kl. 13:00 U |
| Lau 01.12 kl 12:30 U | Sun 09.12 kl. 11:00 U | Lau 15.12 kl. 14:30 U | Lau 22.12 kl. 14:30 U |
| Sun 02:12 kl. 11:00 U | Sun 09.12 kl. 12:30 U | Sun 16.12 kl. 11:00 U | Sun 23.12 kl. 13:00 U |
| Sun 02.12 kl. 12:30 U | Fös 14.12 kl. 17:30 U | Sun 16.12 kl. 13:00 U | Sun23.12 kl. 14:30 U |
| Lau 08.12 kl. 11:00 U | Fös 14.12 kl. 19:00 U | Sun 16.12 kl. 14:00 U | |
| Lau 08.12 kl. 13:00 U | Lau 15.12 kl. 11:00 U | Lau 22. 12 kl. 11:00 U | |



### Fly Me To The Moon
Kassinn

| | |
|---|---|
| Lau 01.12 kl. 19:30 | Sun 02.12 kl. 19:30 |



### Insomnia
Kassinn

| | | | |
|---|---|---|---|
| Sun 25.11 kl. 19:30 U | Fim 29.11 kl. 19:30 Ö | Fös 30.11 kl. 19:30 | Sun 09.12 kl. 19:30 Ö |

Þú finnur draumastarfið á Job.is




Ófeigur Sigurðsson er einn gesta á höfundakvöldi Pennans. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Hvað? Hvenær? Hvar? Fimmtudagur

hvar@frettabladid.is

## 29. NÓVEMBER 2018

### Tónlist

**Hvað?** Af fingrum fram með Jóni Ólafs – Emilíana Torrini
**Hvenær?** 20.30
**Hvar?** Salurinn, Kópavogi
Emilíana gaf út sína fyrstu sólóplötu árið 1995, aðeins 18 ára gömul og sló umsvifalaust í gegn enda einstakur túlkandi. Ekki leið á löngu þar til hún hóf að semja tónlist m.a. með Jóni Ólafssyni og fljótlega skrifaði hún undir plötusamning í Bretlandi. Síðan þá hefur hún gefið út fjölda hljómplatna og ferðast um heiminn þveran og endilangan með tónlist sína. Emilíana ætlar á þessum spjalltónleikum að heilsa aðeins upp á Frank Mills og fleiri sem tengjast áhugaverðum ferli.



Emilíana Torrini fer yfir ferilinn með Jóni Ólafssyni. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

**Hvað?** Salka Sól syngur yfir kvöldverði
**Hvenær?** 19.00
**Hvar?** Bryggjan brugghús, Grandagarði
Salka Sól kíkir í heimsókn næsta fimmtu-, föstu- og laugardagskvöld og syngur fyrir kvöldverðargesti.

**Hvað?** Bassadætur – Unnur Birna & Dagný Halla
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Petersen svítan, Ingólfsstræti
Unnur Birna og Dagný Halla eru heldur betur músíkalskar systur. Unnur Birna er fiðluleikari og söngkona og hefur komið víða við í tónlistarheiminum og leikhúsunum og spilað með mörgum af okkar bestu listamönnum auk Ians Anderson úr Jethro Tull. Dagný Halla stofnaði stúlknabandið Sæbrá og söngtríóið Farfugla ásamt Ágústu Evu Erlendsdóttur og Unni Birnu og hefur sungið inn á plötur m.a. hjá Bjartmari Guðlaugssyni og Pálma Sigurhjartarsyni. Þær munu syngja ljúf




GOTT KVÖLD Í BÍÓ PARADÍS
HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19
NÁNAR Á BIOPARADIS.IS

| | | | |
|---|---|---|---|
| Svona fólk (ICELANDIC - NO SUB) | 18:00 | Erfingjarnir//The Heiresses (ENG SUB) | 20:00 |
| Erfingjarnir//The Heiresses (ICE SUB) | 18:00 | Mæri // Border (ENG SUB) | 22:00 |
| Litla Moskva (ICELANDIC - NO SUB) | 18:00 | Planeta Singli 2(POLISH W/ENG SUB) | 22:00 |
| Plagi Breslau (POLISH W/ENG SUB) | 20:00 | Hinn seki // The Guilty (ICE SUB) | 22:20 |
| Kalt stríð // Cold War (ICE SUB) | 20:00 | | |





tvísöngslög eins og Sestu hérna hjá mér, Í rökkurró, erlend og íslensk djassskotin popplög í eigin útsetningum og fleira skemmtilegt.

## Viðburðir

**Hvað?** Bókmenntaklúbbur FEB – Í skugga drottins
**Hvenær?** 14.00
**Hvar?** Húsnæði FEB, Stangarhyl
Bjarni Harðarson heldur fyrirlestur um þessa sögulegu skáldsögu sína sem gerist á 18. öld og fjallar um líf alþýðu og ýmsa áþján sem landsetar biskupsstólsins í Skálholti þurfa að undirgangast.

**Hvað?** Upplestrarkvöld í Bókasafni Grindavíkur: Vændi, fjárhundar og framhjáhöld. Þrír ólíkir kvenhöfundar.
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Bókasafn Grindavíkur
Guðrún Sigríður Sæmundsen les upp úr bók sinni Andstæður sem fjallar um forréttindi og jaðarhópa, mannréttindi og mannlega reisn, græðgi og fíkn. Rödd vændiskonunnar er sérstaklega vel útfærð og er rödd sem samfélagið þarf að heyra. Monika Dagný Karlsdóttir les úr Hófí sem fjallar um íslenskan fjárhund sem Monika átti sjálf. Áður hefur hún skrifað tvær barnabækur um Hófí sem þegar hafa verið þýddar á fleiri tungumál og útlendingar sýna mikinn áhuga. Marta Eiríksdóttir les upp úr Mojfríði einkaspæjara sem hefur þá iðju að njósna um eiginmenn í framhjáhaldi. Bókin kitlar hláturtaugar lesenda af öllum kynjum. Bækurnar eru gefnar út af Draumsýn, bókaforlagi.

**Hvað?** Útgáfupartí – Steindi í orlofi
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Kex hostel, Skúlagötu
Í tilefni útgáfu bókarinnar Steindi í orlofi (Hvernig á að fara til útlanda án þess að vera bitinn af ísbirni, rændur af leigubílstjóra og rotaður af lögregluþjóni) langar okkur að bjóða þér á Kex hostel næstkomandi fimmtudag milli kl. 17 og 19. Ég mun kynna bókina mína og árita eintök, en annars langar mig bara aðallega að hitta ykkur sem flest og skála. Aron Can, Bríet og kef LAVÍK taka lagið.

**Hvað?** Opið hús á Korpúlfsstöðum
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Korpúlfsstaðir
Kvöldopnun á Korpúlfsstöðum í aðdraganda aðventu er viðburður sem lýsir upp skammdegið og notaleg stemning ríkir í gamla stórbýlinu þegar listamenn taka á móti gestum.

**Hvað?** Karíókíbar Laumulistasamsteypunnar
**Hvenær?** 19.00
**Hvar?** Nýlistasafnið, Grandagarði
Hinn víðfrægi og víðförli karíókíbar Laumulistasamsteypunnar opnar dyr sínar í þriðja sinn nú á fimmtudaginn. Að þessu sinni verður barinn til húsa í Nýlistasafninu en hann hefur áður skotið upp kollinum í gamla beituskúrnum í Hrísey og í At7 í Amsterdam.

**Hvað?** Höfundakvöld Pennans Eymundsson: Ungfrú Hekla
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Penninn Eymundsson, Kringlunni
Á þriðja höfundakvöldi Pennans Eymundsson mætir stórskotalið úr skáldasenunni. Kvöldið er hluti af höfundakvöldum Pennans Eymundsson, þar sem íslenskir rithöfundar lesa upp úr verkum sínum, taka þátt í léttu spjalli og svara spurningum áhorfenda. Mismunandi áherslur verða á hverju kvöldi og dagskráin afar fjölbreytt. Gestir kvöldsins eru Auður Ava og Ófeigur Sigurðsson.

## Sýningar

**Hvað?** Opnun sýningar Kristínar E. Guðjónsdóttur í Gallerí Gróttu
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Gallerí Grótta, Seltjarnarnesi
Í dag, fimmtudaginn 29. nóvember, kl. 17.00 mun Kristín E. Guðjónsdóttir opna myndlistarsýningu sína „Hulinn heimur“ í Gallerí Gróttu – sýningarsal Seltjarnarness sem er á 2. hæðinni á Eiðistorgi (inni á Bókasafni Seltjarnarness). Sýningin verður opin allan sýningartímann skv. opnunartíma bókasafnsins. Í abstraktverkinu birtast myndir tilfinninga sem dagsdaglega eru okkur huldar. Litir, form og formleysi túlka hér orku þá sem býr hið innra. En allt byggir þetta á persónulegri upplifun.

**Hvað?** Sýningaropnun – D35 Leifur Ýmir Eyjólfsson: Handrit
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Hafnarhúsinu
Sýning á verkum Leifs Ýmis Eyjólfssonar, Handrit, verður opnuð í D-sal Hafnarhússins í dag, fimmtudaginn 29. nóvember, kl. 17.00. Leifur Ýmir er 35. listamaðurinn sem sýnir í sýningaröðinni í D-sal, þar sem listamönnum er boðið að halda sína fyrstu einkasýningu í opinberu safni.



# DAGSKRÁ

# Fimmtudagur




**ALEX**
KL. 22:20

Það er ekki hlaupið að því að snúa við blaðinu og gerast heiðarlegur lögregluþjónn eftir að þú ert búinn að flækjast í undirheimana og skjóta félaga þinn fyrir slysni. Hörkuspennandi sænsk þáttaröð af bestu gerð með frábærum leikurum sem margir kannast við úr þáttunum um Gåsmamman.





Frábær fimmtudagur

Fáðu þér áskrift á **stod2.is**


**MASTERCHEF USA**
KL. 19:55

Gordon Ramsay og félagar freista þess að finna nýjan meistarakokk Bandaríkjanna. Eins og áður reynir á hugmyndaflug og færni þátt-takenda og að lokum stendur einn uppi sem sigurvegari.



**LETHAL WEAPON**
KL. 20:40

Þegar hér er komið sögu kynnumst við nýjum félaga Rogers Murthaugh en það er hinn djarflyndi Wesley Cole sem hefur getið sér gott orð í leyniþjónustu CIA.




**COUNTERPART**
KL. 21:25

Howard Silk er vansæll fulltrúi hjá Sameinuðu þjóðunum. Hann hefur unnið sama starfið í þrjátíu ár en líf hans tekur stakkaskiptum þegar hann hittir tvífara sinn.




**HUMANS**
KL. 23:05

Þættirnir gerast í heimi þar sem vélmenni eru notuð sem þjónar en erfitt getur verið að greina á milli hverjir eru mennskir og hverjir ekki.



BÍÓ **YOU DON'T KNOW JACK**
KL. 22:00

Áhugaverð og dramatísk mynd með AL Pacino í aðalhlutverki og fjallar um líf og starf hins umdeilda dr. Jack Kevorkian sem helgað hefur líf sitt baráttu fyrir líknardrápi.



3 **SUPERGIRL**
KL. 21:15

Skemmtilegir þættir um Köru sem býr yfir sömu ofurkröftum og frændi hennar Clark Kent.



Allt þetta og meira til á aðeins 9.990 kr. **stod2.is**

## STÖÐ 2

**07.00** The Simpsons
**07.20** Tommi og Jenni
**07.45** Friends
**08.10** The Middle
**08.30** Ellen
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** Anger Management
**10.00** Sælkeraferðin
**10.20** Poppsvar
**11.00** Planet's Got Talent
**11.25** Grey's Anatomy
**12.10** Lýðveldið
**12.35** Nágrannar
**13.00** Arthur Miller: Writer
**14.40** Grassroots
**16.15** Major Crimes
**17.00** Bold and the Beautiful Forrester-fjölskyldan er leiðandi í tískuheiminum en miklum vinsældum fylgir líka mikil ábyrgð og pressa á að standa sig. Endalaus valdabarátta og erjur utan sem innan fyrirtækisins setja stundum mark sitt starfsemina og ekki hjálpa flókinu fjölskyldutengslin til, sér í lagi þegar Spencer-klanið fléttast inn í daglegt líf þeirra.
**17.20** Nágrannar
**17.45** Ellen
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.55** Ísland í dag
**19.10** Sportpakkinn
**19.25** Fréttayfirlit og veður
**19.30** Kevin Can Wait
**19.55** Masterchef USA
**20.40** Lethal Weapon
**21.25** Counterpart Dularfullir þættir með Óskarsverðlaunahafanum J.K. Simmons. Howard Silk er vansæll fulltrúi hjá Sameinuðu þjóðunum. Hann hefur unnið sama starfið í þrjátíu ár án þess þó að vita nákvæmlega tilgang vinnu sinnar. En líf hans tekur stakkaskiptum þegar hann kemst að tilvist heims sem er hliðstæður okkar eigin en þó ekki. Þar á hann tvífara sem vinnur við það að hafa hemil á skúrkum sem sækjast í að komast á milli heima og fremja ódæðisverk. Fljótlega fara hlutirnir þó úr böndunum og líf hans og eiginkonu hans er stefnt í hættu.
**22.20** Alex
**23.05** Humans
**23.55** Keeping Faith
**00.40** Mr. Mercedes
**01.45** Queen Sugar
**02.25** Vice
**02.55** It Will be Chaos
**04.25** Grassroots

## STÖÐ 2 SPORT

**07.10** Napoli - Crvena zvezda
**08.50** PSV - Barcelona
**10.30** Spænsku mörkin
**11.00** Football League Show
**11.30** Tottenham - Inter
**13.10** Atletico Madrid - Monaco
**14.50** PSG - Liverpool
**16.30** Meistaradeildarmörkin
**17.00** Evrópudeildin - fréttaþáttur
**17.50** Vorskla - Arsenal
**19.55** Rangers - Villarreal
**22.00** Premier League World
**22.30** NFL Gameday
**23.00** KR - Valur

## STÖÐ 2 SPORT 2

**08.40** New York Jets - New England Patriots
**10.55** KR - Valur
**12.35** Stjarnan - ÍR
**14.00** Haukar - ÍBV
**15.25** Seinni bylgjan
**16.55** Premier League Review
**17.50** Qarabag - Sporting
**19.55** Chelsea - PAOK
**22.00** Formúla 1: Abu Dhabi - Kappakstur

## STÖÐ 3

**19.10** Schitt's Creek
**19.35** Baby Daddy
**20.00** Seinfeld
**20.25** Friends
**20.50** The New Girl
**21.15** Supergirl
**22.00** Arrow
**22.45** The Simpsons
**23.10** Bob's Burgers
**23.35** American Dad
**00.25** Baby Daddy
**00.50** Seinfeld
**01.15** Friends
**01.40** Tónlist

## STÖÐ 2 KRAKKAR

**07.13** Tindur
**07.23** Mæja býfluga
**07.35** K3
**07.46** Grettir
**08.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**08.47** Doddi litli og Eyrnastór
**09.00** Áfram Diego, áfram!
**09.24** Svampur Sveinsson
**09.49** Pingu
**09.55** Sumardalsmyllan
**10.00** Strumparnir
**10.25** Ævintýraferðin
**10.37** Gulla og grænjaxlarnir
**10.48** Hvellur keppnisbíll
**11.00** Stóri og Litli
**11.13** Tindur
**11.23** Mæja býfluga
**11.35** K3
**11.46** Grettir
**12.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**12.47** Doddi litli og Eyrnastór
**13.00** Áfram Diego, áfram!
**13.24** Svampur Sveinsson
**13.49** Pingu
**13.55** Sumardalsmyllan
**14.00** Strumparnir
**14.25** Ævintýraferðin
**14.37** Gulla og grænjaxlarnir
**14.48** Hvellur keppnisbíll
**15.00** Stóri og Litli
**15.13** Tindur
**15.23** Mæja býfluga
**15.35** K3
**15.46** Grettir
**16.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**16.47** Doddi litli og Eyrnastór
**17.00** Áfram Diego, áfram!
**17.24** Svampur Sveinsson
**17.49** Pingu
**17.55** Sumardalsmyllan
**18.00** Strumparnir
**18.25** Ævintýraferðin
**18.37** Gulla og grænjaxlarnir
**18.48** Hvellur keppnisbíll
**19.00** Emoji myndin



Mörgæsirnar frá Madagaskar, 08.24, 12.24 og 16.24

## GOLFSTÖÐIN

**08.30** Golfing World
**09.20** Ricoh Women's British Open
**14.15** Golfing World
**15.05** The RSM Classic
**18.30** Hero World Challenge
**21.30** 2018 Playoffs Official Film
**22.20** Ricoh Women's British Open Official Film
**23.15** Hero World Challenge

## STÖÐ 2 BÍÓ

**09.20** Mother's Day
**11.20** The Big Sick Gamanmynd frá 2017 um uppistandarann Kumail sem er Bandaríkjamaður af pakistönskum ættum og hefur um langt skeið þurft að hafna aragrúa kvonfanga sem foreldrar hans hafa fundið handa honum. En um leið og hann vill ráða ástalífi sínu algjörlega sjálfur vill hann hins vegar ekki styggja trúaða foreldrana og frændgarðinn ef þess er nokkur kostur.
**13.20** As Good as It Gets
**15.40** Mother's Day
**17.40** The Big Sick
**19.40** As Good as It Gets Jack Nicholson og Helen Hunt fengu Óskarsverðlaun fyrir leik sinn í þessari frábæru gamanmynd. Aðalpersónan er kuldalegur og með eindæmum sérvitur náungi sem forðast náin samskipti við annað fólk.
**22.00** You Don't Know Jack
**00.15** Wish Upon
**01.45** Dirty Weekend
**03.20** You Don't Know Jack

## RÚV

**13.00** Úr Gullkistu RÚV: Útsvar 2010-2011
**14.05** Úr Gullkistu RÚV: 360 gráður
**14.35** Úr Gullkistu RÚV: Taka tvö
**15.30** Úr Gullkistu RÚV: Gulli byggir
**16.00** Úr Gullkistu RÚV: Popppunktur 2010
**16.55** Úr Gullkistu RÚV: Steinsteypuöldin
**17.25** Úr Gullkistu RÚV: Orðbragð
**17.50** Táknmálsfréttir
**18.00** KrakkaRÚV
**18.01** Anna og vélmennin
**18.23** Handboltaáskorunin
**18.35** Búi
**18.50** Krakkafréttir
**19.00** Fréttir
**19.25** Íþróttir
**19.30** Veður
**19.35** Kastljós
**19.50** Menningin
**20.05** Íþróttafólkið okkar
**20.35** Hringfarinn
**21.25** Nýja afríska eldhúsið - Máritíus
**22.00** Tíufréttir
**22.15** Veður
**22.25** Glæpahneigð
**23.05** Flateyjargátan
**00.00** Kastljós
**00.15** Menningin
**00.25** Dagskrárlok

## SJÓNVARP SÍMANS

**08.00** Dr. Phil
**08.45** The Tonight Show
**09.30** The Late Late Show
**10.15** Síminn + Spotify
**12.00** Everybody Loves Raymond
**12.20** King of Queens
**12.40** How I Met Your Mother
**13.05** Dr. Phil
**13.50** Life Unexpected
**14.35** America's Funniest Home Videos
**14.55** The Voice
**16.25** Everybody Loves Raymond
**16.45** King of Queens
**17.05** How I Met Your Mother
**17.30** Dr. Phil
**18.15** The Tonight Show
**19.00** The Late Late Show
**19.45** LA to Vegas
**20.10** A Million Little Things
**21.00** 9-1-1
**21.50** The Living Daylights
**00.45** The Late Late Show
**01.30** Spectre
**03.55** Síminn + Spotify

## ÚTVARP

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **FM 88,5** XA-Radíó | **FM 90,9** Gullbylgjan | **FM 96,3** FM Suðurland | **FM 98,9** Bylgjan | **FM 102,9** Lindin |
| **FM 89,5** Retro | **FM 93,5** Rás 1 | **FM 96,7** Létt Bylgjan | **FM 99,4** Útvarp Saga | |
| **FM 90,1** Rás 2 | **FM 95,7** FM957 | **FM 97,7** X-ið | **FM 100,5** K100 | |

**BIEBER OG BOTNRASSA Í BRETLANDI** EFTIR **HARALD F. GÍSLASON**

# „SPENNA, HASAR OG HAMINGJA!“

IG, Mbl. um Bieber og Botnrassa

★★★★½

Ingveldur Geirsdóttir,
Morgunblaðinu
(um Bieber og Botnrassa)

***„Spennandi og grípandi, hún heldur lesandanum algerlega við efnið.“***
María Bjarkadóttir, bokmenntir.is
(um Bieber og Botnrassa)

***„Spennandi, falleg og fyndin!“***
Matthildur Beck, Krakka-Kiljunni
(um Bieber og Botnrassa)






Hljómsveitin Botnrassa er á leið til Bretlands að keppa fyrir Íslands hönd um að komast á alheimstúr með sjálfum Justin Bieber. Krakkarnir eru yfir sig spenntir en ein mamman er uggandi út af fréttum af hugsanlegri hryðjuverkaógn. Þau reyna að hrista af sér þessar áhyggjur en hver er alltaf að senda þeim þessa skrýtnu tölvupósta frá netfanginu worldvictory@gmail.com?
Sjálfstætt framhald metsölubókarinnar Bieber og Botnrassa!

BJARTUR

**BJARTUR-VEROLD.IS**

# Endurgerðirnar sem enginn vill

Hollywood elskar að neyða upp á okkur endurgerðum af myndum sem við öll elskum og dáum. Endurgerðirnar eru nánast undantekningarlaust sálarlausar og einungis gerðar svo að eitthvert stúdíó fái öruggan pening í kassann.



## ALADDIN

Guy Ritchie hefur verið ráðinn til að leikstýra leikinni endurgerð af Disney-teiknimyndinni Aladdin. Mena Massoud verður Aladdin, Naomi Scott verður Jasmín, Marwan Kenzari Jafar og Will Smith Andinn. Þetta vill enginn – en það verður að viðurkennast að þetta er svo klikkað að kannski verður þetta bara fín mynd?



**Kurt Russell hefur lagt blessun sína yfir endurgerð Big Trouble in Little China en spurning hvort einhver gæti blessað augu okkar eins og Kurt gerir hér?**

## BIG TROUBLE IN LITTLE CHINA

Þessi mynd meistara Johns Carpenter er stórkostlega skrítin og skemmtileg og liggur handrit að einhvers konar endurgerð hennar á skrifborðinu hjá einhverri Hollywood-hornös. Kurt Russell hefur lagt blessun sína yfir verkefnið, en hann lék bara aðalhlutverkið og það væri kannski allt í lagi að fá blessun Carpenters á þessu? Þó verður hann mögulega á einhvern hátt settur inn í verkefnið – kannski þýðir það bara að hann fær troðið umslag?

## BLOODSPORT

Jean-Claude Van Damme verður ekki með í þessari endurgerð og það er strax algjörlega hræðilegt. Þó hefur það verið gefið út að í myndinni verði einblínt á persónurnar frekar en bardagaatriðin og kannski er það gott? Eða kannski er það bara alveg hræðilegt. Allavegana, við viljum ekki sjá þessa endurgerð.



**Hvaða líðuga belgíska leikara sjáið þið fyir ykkur í hlutverki Franks Dux? Hvaða kínverski líkamsræktarfrömuður gæti farið með hlutverk Chong Li?**

## BACK TO THE FUTURE

Tilkynnt var á dögunum að endurgerð á Back to the Future væri á leiðinni og bókstaflega allir sem hafa séð þríleikinn upprunalega eru brjálaðir og berja hatursfullar upphrópanir á lyklaborðin sín. Eða það ímyndum við okkur. Það bara hlýtur að vera.



## AKIRA

Þetta japanska stórvirki er í miklum metum hjá öllum aðdáendum teiknimynda af ótalmörgum ástæðum. Hollywood hefur strítt fólki með endurgerð margoft allar götur síðan Akira kom fyrst út í hinum enskumælandi heimi. Nú er enn ein endurgerðin komin á dagskrá og er það Marco J. Ramirez, sem gerði seríu tvö af Daredevil, sem á að skrifa handritið. Hættið nú alveg.



## ÍSLENSKAR MYNDIR SEM ÞARF AÐ ENDURGERA:

**Sódóma Reykjavík** – Jón Jónsson leikur Axel og Herra Hnetusmjör Agga Pó.

**Hrafninn flýgur** – gríðarlega mikið af tæknibrellum og „one-liners“.

**Jón Oddur og Jón Bjarni** – skandinavískur sósíalrealismi í stað léttleikans.

**Bíódagar – Netflixdagar?** Er það ekki eitthvað?


Lilja Boutique
7 ára
Full verslun af nýjum vörum



30% afsláttur
af ítölsku hörkjólunum
20% afsláttur
af Bohéme og öllum öðrum fatnaði
Tilboð
leðurhanskar á 4.900 kr.
100% silkisjöl á 5.500 kr.

Opið til kl: 21:00 í kvöld
verið hjartanlega velkomnin

Bohéme®

Dömufatnaður Skart
LILJA Boutique
Fylgihlutir Gjafavara
Strandgata 21 | Hafnarfjörður | S: 5542060


FYRIR SVANGA FERÐALANGA
TORTILLA OG GOS*
COMBO VERÐ:
499 KR
FULLT VERÐ 998 KR
TILBÚIN VARA, EKKI HÆGT AÐ BREYTA.**
PANINI OG GOS*
COMBO VERÐ:
499 KR
FULLT VERÐ 998 KR
TILBÚIN VARA, EKKI HÆGT AÐ BREYTA.**
PYLSA OG GOS*
COMBO VERÐ:
549 KR
FULLT VERÐ 748 KR
2 PYLSUR OG GOS*
COMBO VERÐ:
649 KR
FULLT VERÐ 1.097 KR
SÓMA SAMLOKA OG GOS*
COMBO VERÐ:
699 KR
FULLT VERÐ 998 KR
SÓMA LANGLOKA OG GOS*
COMBO VERÐ:
799 KR
FULLT VERÐ 1.198 KR
netgíró
Kvikk
ON THE GO
*0,5 l gos í plasti frá Ölgerðinni
**Varan er afgreidd á kassa.

# METSÖLULISTI EYMUNDSSON

## 21.11.18 – 27.11.18




**1** **Stúlkan hjá brúnni**
Arnaldur Indriðason




**2** **Brúðan**
Yrsa Sigurðardóttir




**3** **Ungfrú Ísland**
Auður Ava Ólafsdóttir




**4** **Þorpið**
Ragnar Jónasson




**5** **Kaupthinking**
Þórður Snær Júlíusson




**6** **Hornauga**
Ásdís Halla Bragadóttir




**7** **Þitt eigið tímaferðalag**
Ævar Þór Benediktsson




**8** **Orri óstöðvandi**
Bjarni Fritzson




**9** **Aron - Sagan mín**
Aron Einar Gunnarsson




**10** **Útkall - Þrekvirki í Djúpinu**
Óttar Sveinsson

SAMKVÆMT BÓKSÖLU Í PENNANUM EYMUNDSSON UM LAND ALLT

Penninn Eymundsson






Hægt verður að fylgjast með þeim í beinni útsendingu á Youtube-síðunni Ice Cold á morgun.

# Spila Fortnite í sólarhring til góðs

Á morgun ætla félagarnir **Ingi Bauer** og **Stefán Atli Rúnarsson** að spila tölvuleikinn Fortnite í 24 klukkustundir til styrktar Barnaspítala Hringsins. Markmiðið er að ná yfir 200 þúsundum krónum.

Við höfum verið að spila Fortnite í beinni í útsendingu alla fimmtudaga. Byrjuðum í janúarmánuði og sáum að fólk var að horfa. Hugsuðum með okkur að þetta gæti nýst til góðs og Barnaspítalinn er auðvitað verðugt málefni sem gaman er að styrkja,“ segir Stefán Atli Rúnarsson sem ætlar að setjast niður á morgun ásamt félaga sínum Inga Bauer og spila tölvuleikinn vinsæla Fortnite í sólarhring. Ásamt því að spila leikinn ætla þeir líka að gefa vinninga, vera með leiki og skemmtiatriði og fá til sín góða gesti og hvetja áhorfendur til að heita á sig með því að leggja inn á reikning Barnaspítala Hringsins.

Þeir félagar fóru að spila leikinn í janúar og á árinu hafa þeir spilað Fortnite í beinni útsendingu hvern einasta fimmtudag síðan í byrjun janúar og hafa því spilað hann í samtals 250 klukkustundir í beinni útsendingu fyrir framan samtals 67.000 manns. Fortnite er einn vinsælasti tölvuleikur í heiminum í dag en hann gengur út á að 100 spilarar hoppa úr rútu á sömu eyjuna og aðeins eitt lið getur staðið uppi sem sigurvegari. Leikurinn hefur notið mikilla vinsælda meðal annars vegna teiknimyndaútlits og þess að hann er ókeypis. Þó hafa notendur möguleika á að kaupa mismunandi búninga og dansa í leiknum.

„Það mun trúlega taka á að vera vakandi í 24 tíma en við munum skipta okkur niður á vaktir. Svo verður gestagangur og ýmislegt skemmtilegt gert þarna á meðan við reynum að safna sem mestu.“ Hægt verður að fylgjast með þeim í beinni útsendingu á Youtube-síðunni Ice Cold á föstudaginn. Útsending hefst kl. 15.00 á morgun, föstudag, og mun standa yfir til kl. 15.00 laugardaginn 1. desember.

**benediktboas@frettabladid.is**



Ingi Bauer og Stefán Atli halda úti Youtube-síðunni Ice Cold þar sem þeir spila Fortnite í beinni alla fimmtudaga og búa til svokölluð vlogs eða vídeóblogg.

### Sjö ára síða

Youtube-síðan Ice Cold fór af stað árið 2011 þegar þeir félagar voru að búa til tónlistarmyndbönd. Í mars 2017 fóru þeir að setja inn vikuleg vlog á síðuna þar sem þeir félagar hafa meðal annars sýnt hvernig Ingi bjó til taktinn fyrir NEINEI, spilað á stóra sviðinu á Þjóðhátíð, DJ-að með Herra Hnetusmjöri á Benidorm, keypt 500.000 kr. myndavél, flogið til Vestmannaeyja bara til þess að kaupa páskaegg, farið í snjósleðaferð á Langjökli og fengið JóaPé og Króla með sér í lið. Í janúar 2018 byrjuðu þeir svo á beinum útsendingum.

**250**
**klukkustundir hafa þeir félagar spilað Fortnite í beinni útsendingu á Youtube á árinu.**

**67**
**þúsund manns hafa horft á útsendingar þeirra.**

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jóhanna Helga Viðardóttir *johannahelga@frettabladid.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050:** Gústaf Bjarnason *gustaf@frettabladid.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@frettabladid.is*, Valdimar Birgisson *valdimar@frettabladid.is* Örn Geirsson *orn.geirsson@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5077:** Atli Bergmann atli@*frettabladid.is*, Arnar Magnússon *arnarm@frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ruth Bergsdóttir *ruth@frettabladid.is*. **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* og Ragnheiður Tryggvadóttir *heida@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 550 5056:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@frettabladid.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*, Guðrún Inga Grétarsdóttir gudruninga@*frettabladid.is*

# LEGGIR GEGN JÓLASTRESSI

*Deildu leggjafötu með
þeim sem þú elskar
á aðventunni*




**2.490 kr.**

10 Original
kjúklingaleggir

KFC

Pipar\TBWA \ SÍA

# Notalegt í svefnherbergið



AFSLÁTTUR **2.090** KRÓNUR

## **MISTRAL HOME** sængurföt

Ótrúlegt úrval af sægurfötum frá Mistral Home. Ný og spennandi mynstur og litir. Bómullarsatín með vönduðum rennilás. 300 gsm bómullarþráður sem tryggir frábæra endingu, viðkomu og mýkt. Fáanleg 140 x 200.

**Fullt verð 140x200 cm frá kr. 8.990.**

**JÓLAVERÐ** á Mistral Home 140x200 cm frá aðeins **6.900 kr.**




**15%** AFSLÁTTUR

## **NORDICFORM** sængurföt

Ný sending af fallegum sængufötum frá Nordicform. Sængurfötin eru úr bómullarsatíni með vönduðum rennilás. 300 gsm bómullarþráður sem tryggir frábæra endingu, viðkomu og mýkt. Nordicform fáanleg 140 x 200, 140 x 220 og 200 x 220 cm.

**Fullt verð 140x200 frá kr. 12.900**

**JÓLAVERÐ** á Nordicform 140x200 cm frá aðeins **10.965 kr.**



**20%** AFSLÁTTUR

## **RIVER** svefnsófi með tungu

Rúmfatageymsla í tungu. Grænt, svart og grátt, slitsterkt áklæði. Hægri og vinstri tunga.
Stærð: 250 x 157 cm. Svefnsvæði: 140 x 195 cm.

**Fullt verð: 149.900 kr.**

Aðeins **119.920 kr.**



**15%** AFSLÁTTUR

## **MEGA** opinn hornsófi

Hornsófi. Grátt eða dökkgrátt, slitsterkt áklæði. Hægri eða vinstri.
Stærð: 294 x 240 cm

**Fullt verð: 239.900 kr.**

Aðeins **203.915 kr.**




**JÓLA-TILBOÐ**

## **JÓLAILMIRNIR** FRÁ YANKEE CANDLE

**Verðdæmi:**

**Millistórt kerti í glerkrukku.**

**Fullt verð: 3.390 kr.**

Jólatilboð aðeins **2.712 kr.**




## **DÚNSÆNG OG -KODDI**

Sæng 135 x 200 cm. 85% smáfiður og 15% hvítur andadúnn. 100% bómullarver.

**Fullt verð: 12.900 kr**

Koddi 50 x 70 cm. 70% smáfiður og 30% hvítur andadúnn. 100% bómullarver.

**Fullt verð: 6.900 kr**

**20%** AFSLÁTTUR

Sæng **10.320 kr.** Koddi **5.520 kr.**

**Afgreiðslutími Rvk**
Mán. til fös. kl. 10-18 (Holtagarðar)
Mán. til fös. kl. 11-18.30 (Smáratorg)
Laugardaga kl. 11-17
Sunnudaga kl. 13-17 (Smáratorg)

**Holtagörðum, Reykjavík**
512 6800
**Smáratorgi, Kópavogi**
512 6800

**Dalsbraut 1, Akureyri**
558 1100
**Skeiði 1, Ísafirði**
456 4566

*Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur.*

*Tilboðin gilda til 16. desember 2018 eða á meðan birgðir endast.*

# DORMA
Láttu draum

# Láttu draumana rætast



www.dorma.is
VEFVERSLUN
ALLTAF OPIN



Aukahlutur á mynd: Gafl

## NATURE'S ELEGANCE
heilsurúm m/Classic botni

Nature's Bedding

**20% AFSLÁTTUR**
af 180 & 160 x 200 cm & 180 x 220 cm

- Svæðaskipt pokagormakerfi
- Latex hægindalag
- 100% bómullaráklæði
- Burstaðir stálfætur
- 320 gormar pr m²

| Nature's Elegance 160 x 200 cm | Nature's Elegance 180 x 200 cm | Nature's Elegance 180 x 210 cm |
|---|---|---|
| Fullt verð: 169.900 kr. | Fullt verð: 189.900 kr. | Fullt verð: 219.900 kr. |
| Aðeins **135.920 kr.** | **151.920 kr.** | **175.920 kr.** |

Val um svart eða hvítt PU leður eða grátt áklæði á Classic botni.

## Stillanlegt og þægilegt

**FRÁBÆRT Dormaverð á C&J stillanl. botnum**



Charlotte Julien
Dream your world™

SHAPE
BY NATURE'S BEDDING

## STILLANLEGT HEILSURÚM
með Shape heilsudýnu

**C&J stillanlegt rúm:**
- Inndraganlegur botn
- 2x450 kg lyftimótorar
- Mótor þarfnast ekki viðhalds
- Tvíhert stál í burðargrind
- Hliða- og endastopparar
- Hljóðlátur mótor

**C&J** silver stillanlegt rúm og **SHAPE** heilsudýna
Stærð 90 x 200 cm
Fullt verð 169.800 kr.
**157.325 kr.**

**DORMA** VERÐ Á C&J STILLANLEGUM BOTNI
**25% AFSLÁTTUR** Á **SHAPE** HEILSUDÝNU

DORMA
Láttu drauminn rætast

FRÉTTABLAÐIÐ
**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **550 5000**
**Ritstjórn** 550 5070 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** 550 5050 auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja
ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.
Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.
FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.
Póstdreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is **Ef blaðið berst ekki** 800 1177

BAKÞANKAR

Guðrúnar Vilmundardóttur



## Jólalegt í Köben

Ég er að koma frá Köben. Er ekki enn nógu forfrömuð til að skella mér í julefrokost eða innkaup, það verður næst. Heimsótti átján ára dóttur mína sem flutti utan í haust. Færði henni vetrarfötin sem hún kom ekki fyrir í farangrinum.

Af henni er gott að frétta og utandvölin hefur til dæmis kennt henni að það er gott að vaska upp eftir sig. Morgunkorn og hafragrautur verða hvimleið í skálum sem standa lengi óhreyfðar í vaskinum. Á þetta hef ég minnst endrum og sinnum í áratug, en eitthvað í útlandinu opnaði fyrir þessa skilningsrás.

Þá hefur runnið upp fyrir henni að tómar mjólkurfernur sem eru settar fyrir aftan kranann hjá eldhúsvaskinum safnast bara saman þar. Það varð ákveðin vitrun þegar þær voru orðnar átta.

Það lítur út fyrir að hún hafi fundið týnda hlekkinn í heimilisstörfum í Danmörku, mína ósýnilegu móðurhönd.

Nú er svo sannarlega jólalegt í Köben. Við borðuðum á veitingastað með útsýni yfir jólatívolí og það var reglulega hátíðlegt.

Einu sinni átti ég tvo samstarfsmenn sem fóru til Danaveldis í virðulegan julefrokost sem var haldinn í nágrenni höfuðborgarinnar. Þeir tóku lestina inn til Kaupmannahafnar daginn eftir, en þá voru þeir svo þreyttir, einhverra hluta vegna, að þeir komust aldrei út af lestarstöðinni heldur settust þar á írskan bar og horfðu á fótboltaleik. Fóru svo beint út á flugvöll með lest.

Þegar þeir komu aftur til vinnu í Reykjavík og voru spurðir: „Er ekki orðið jólalegt í Köben?“ svöruðu þeir einfaldlega, fremur þurrlega: „Þegiði.“







